



NÝR KONUNGLEGUR!
ÍSKALDUR
FAXE
ROYAL
LÉTTUR ÖLLARI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. október 2005 - 265. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Jón Atli Jónasson
Brim hlaut fyrstu verðlaun á New Drama Festival í Moskvu.

FÓLK 38


Utangarðs á Íslandi
Franz Stavarsson hafði legið látinn í íbúð sinni í hálfan mánuð þegar hann fannst. Margt hefur skýrst varðandi æviferil hans eftir að hann lést.

FÉLAGSMÁL 22

Sigur og tap hjá Haukum
Haukar spiluðu tvo Evrópuleiki í handbolta á Ásvöllum í gær. Karlarnir töpuðu með einu marki fyrir danska liðinu Arhus en konurnar unnu 16 marka stórsigur á svissneska liðinu St. Ottmar.

ÍPRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



HORFUR Í HÖFUDBORGINNI
Suðvestanátt og nokkur vindur fram eftir degi og skúraveður. Hitinn ætti að ná sex til átta stigum yfir daginn. Á morgun má búast við heldur minni vætu og jafnvel bjartviðri um tíma en það kólnar dálítið á morgun.

VEÐUR 4

SUÐVESTURHORNÍÐ

Lestur kvenna á sunnudögum*

69% Fréttablaðið

41% Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 20-40 ára á sunnudögum.

Svandís hlutskörpust

Svandís Svavarsdóttir sigraði í forvali vinstri grænna í Reykjavík í gær. Árni Þór Sigurðsson skipar annað sæti á lista flokksins í vor og Þorleifur Gunnlaugsson það þriðja. Kjörsókn var tæplega sextíu prósent.

STJÓRNMÁL Svandís Svavarsdóttir bar sigur úr býtum í forvali vinstri grænna í Reykjavík sem haldið var í gær og mun hún því skipa efsta sætið á lista flokksins í borgarstjórnarkosningunum í vor.

Vinstri græn í Reykjavík gengust í gær fyrir forvali á framboðslista sinn fyrir borgarstjórnarkosningarnar á vori komanda. Á kjörskrá voru 750 félagar í hreyfingunni og komu 392 gild atkvæði upp úr kosningunum. Þegar rætt var við Stefán Pálsson, formann kjörstjórnar rétt áður en kjörfundur lauk í gærkvöld kvaðst hann ánægður með kjörskránni. „Það hefur gengið vel í dag. Þetta er í fyrsta skipti sem við göngust fyrir slíku forvali og þar sem ekki

var búist við miklum átökum um fyrstu tvö sætin erum við sátt.“

Tíu voru í kjöri og þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld var ljóst að Svandís Svavarsdóttir, formaður VG í Reykjavík, hefði borið sigur úr býtum en 277 greiddu henni atkvæði sitt í fyrsta sæti, eða rúmlega sjötíu prósent gilda atkvæða. Á hæla henni kom Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi með samtals 167 atkvæði í fyrstu tvö sætin. Í þriðja sæti hafnaði svo Þorleifur Gunnlaugsson með 160 atkvæði í fyrstu þrjú sætin. Svandís kvaðst afar ánægð með svo afgerandi stuðning í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld og sagðist hlakka til kosninganna í vor.

Áðrir í kjöri voru Ásta Þorleifs-

dóttir, Grímur Atlason, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Magnús Bergsson, Sóley Tómasdóttir, Ugly Egilsdóttir og Þorvaldur Þorvaldsson.

Vinstri grænir hyggjast bjóða fram svonefndan fléttulista þar sem sætin skiptast jafnt á milli karla og kvenna. Í ljósi þessa er ljóst að kona mun skipa fjórða sæti listans.

Vinstri grænir stefna að því að fá þrjú borgarfulltrúa í kosningunum og var ljóst fyrir forvalið að slagurinn stæði því um þriðja sætið. Í skoðanakönnun sem Fréttablaðið gerði fyrir rúmum mánuði sögðust hins vegar 8,8 prósent aðspurða ætla að kjósa vinstri græna og fengju þau samkvæmt því aðeins einn borgarfulltrúa.

- shg

Sveltir bræður: Átu milliveggi

BANDARÍKIN New Jersey ríki hefur verið dæmt til að greiða fjórum ungum bræðrum jafnvirði 760 milljóna króna í skaðabætur en starfsmönnum félagsmálayfirvalda yfirsást að fósturfórelðrar þeirra höfðu svelt þá árum saman.

Upp komst um málið árið 2003 en þá var elsti bróðirinn, þá níttján ára gamall, gripinn við að gramsa í ruslatunnum. Hann leit út fyrir að vera sjö ára. Í ljósi kom að fjórir bræður hans sem komið hafði verið í fóstur voru í svipuðu ásigkomulagi. Þeir höfðu verið sveltir en reynt að draga fram lífið á gifspilplötum og hráu pönnukökudeigi.

Fósturfórelðarnir neituðu öllum ásökunum og sögðu drengina glíma við átröskun. ■



EIÐUR SMÁRI Hefur verið óheppinn það sem af er tímabili en hann er harðakveðinn í því að gefast ekki upp.

Eiður Smári Guðjohnsen: Eflist til muna við mótlatið

FÓTBOLTI Keppnistímabilið hefur ekki byrjað vel hjá Eiði Smára Guðjohnsen, leikmanni Chelsea, en hann hefur verið afar óheppinn með veikindi og meiðsl þad sem af er. Að auki hafa nokkrir leikmenn bæst í hópinn hjá stjörnumprýddu liði Chelsea sem ógna stöðu Íslendingans í liði meistaranna. Eiður trúir því að hann muni vinna sér sæti í liðinu á endanum. „Ég er þannig gerður að ég eflist til muna við mótlatið og þegar á reynir þá held ég að mínir bestu leikir með Chelsea hafi oft verið þegar mest liggur við. Allar hindranir eru til þess að yfirstíga þær en ekki til þess að forða sér undan þeim,“ segir Eiður Smári í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið í dag.

-mh / sjá nánar á blaðsíðu 26



STERKASTI FATLAÐI MAÐUR HEIMS Finninn Pahvo Jauhojarvi sigraði í gær þriðja árið í röð í keppninni um sterkasta fatlaða mann heims. Pahvo er einfættur og í hjólastól eftir alvarlegt slyss sem hann lenti í ellefu ára að aldri, en þá féll háspennulína á hann og hann fékk í tvígang 10.000 volta straum í gegnum líkamann.

Undirbúningur jólanna er víða hafinn þó enn séu 83 dagar til jóla:

Jólakortin gerð í sumarþústöðum

JÓL Undirbúningur jólanna er þegar hafinn á sumum heimilum, þótt enn sé vel á þriðja mánuð til jóla. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins færast það í vöxt að fólk hefji jólaundirbúninginn snemma og eru dæmi um að fólk kaupi efni til jólakortagerðar á vormánuðum og verji sumarleyfinu til verkansins.

Ingibjörg Guðmundsdóttir, starfsmaður Gardheima, segir efni til jólakortagerðar hafa selst vel í allt sumar og telur að fólk dreifi undirbúningi jólanna yfir lengri tíma en áður svo það geti notið desembermánaðar í friði og ró.

Sunna Guðmundsdóttir í Jóláhúsinu við Skólavörðustíg segir greinilegt að fólk sé farið að



hugsa til jólanna og í sama streng tekur Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri Blómavals. Þar verða jólavörurnar settar í búðir eftir helgi.

Jóláhúsið er opið allan ársins hring en Sunna segir flesta sem í búðina koma yfir sumarmánuðina gera það af forvitni. Nú sé hins vegar greinilegt að fólk sé farið að huga að sjálfum jólaundirbúningnum.

- bps

JÓLIN KOMA
Sunna Guðmundsdóttir í Jóláhúsinu merkir á viðskiptavinum að jólaundirbúningurinn sé víða hafinn.

Frjáls íbúðalán

4,15% verðtryggðir vextir

FRJÁLSI



SPURNING DAGSINS

Práinn, var kalt hjá Slippstöðinni?

„Nei, það var hiti í mér og öðrum.“

Práinn Karlsson leikari á Akureyri sýndi starfsmönnum Slippstöðvarinnar stuðning í verki með því að mæta með rauðan fána og standa vaktina með þeim í gær.



BYRJA LANDHELGISGÆSLUNNAR TF Sif sótti slasaðan bónda á Holtavörðuheidi í gær.

Bitrufjörður á Ströndum:

Bóndi slasast í göngum

LÖGREGLUMÁL Bóndi slasaðist alvarlega er hann hrapaði í klettum fyrir ofan bæinn Þórastaði í Bitrufirði á Ströndum er hann var að smala fé. Ekki náðist samband við lögreglu fyrr en þremur tímum eftir slysið þar sem það átti sér stað á svæði utan símasambands. Sjúkrabíll ók bóndanum að Holtavörðuheidi þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar, TF Sif, sótti manninn og flutti á Landspítala – háskólasjúkrahús.

Vakthafandi læknir segir líðan bóndans svermlega. Hann hafi ekki hlotið alvarleg beinbrot en sé á gjör-gæslu. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti, sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttneamt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skada fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Löggjafarþing Íslendinga sett í 132. sinn í gær:

Ólíkir fjölmiðar gætu þroskað lýðræðið

ALÞINGI Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, talaði meðal annars um lýðræði og þær breytingar sem orðið hafa á fréttaflokkningi í ræðu sinni við setningu 132. löggjafarþings Íslendinga í gær.

„Lýðræðið er í vaxandi mæli vettvangur fólks með ólíka reynslu, mismunandi upplýsingar, fréttir sem berast úr mörgum áttum,“ sagði forsetinn í ræðu sinni. Hann benti á að áður fyrr hefðu allir fengið sömu fréttir, útvarpið hefði aðeins verið með eina rás og flokkakerfið hefði stjórnað fréttum dagblaðanna. Nú réði fjölbreytileikinn hins vegar ríkjum og fjölmargar stöðvar og ólíkir



SETNING ALÞINGIS Gengið til þinghúss að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni.

miðlar berðust um hylli fólksins. Forsetinn taldi að þessi þróun gæti orðið lýðræðinu til aukins þroska.

Setning Alþingis hófst með guðsþjónustu í Dómkirkjunni þar sem séra Valgeir Ástráðsson predikaði og þjónaði fyrir altari, ásamt Karli Sigurbjörnsyni, biskupi Íslands. Að guðsþjónustu lokinni gengu forsetinn, biskup, ráðherrar, þingmenn og aðrir gestir yfir í Alþingishúsið þar sem forsetinn setti þingið. Að lokinni setningu og ræðu forseta tók Halldór Ásgrímsson starfsaldursforseti við fundarstjórn og stjórnaði kjöri nýs forseta Alþingis. -eð

Svekkir starfsmenn hættir aðgerðum

Starfsmenn Slippstöðvarinnar létu af beinum aðgerðum seinnipartinn í gærkvöldi þar sem þeir sáu ekki fram á að fá launin greidd eftir fund með stjórnarformanni fyrirtækisins. Reiði og svekkelsi einkenndu fundinn.

KJARABARÁTTA Starfsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri ákváðu um sexleytið í gær að hætta aðgerðum eftir dramatískan fund með stjórnarformanni fyrirtækisins og lögfræðingi hans.

„Við féllumst á að hætta aðgerðum á þeim forsendum að okkur þótti sýnt að við myndum ekki ná fram þessum launakröfum okkar,“ segir Þorsteinn Haraldsson, trúnaðarmaður starfsmannanna. Starfsmennirnir höfðu átt von á því að fá laun sín greidd af fjármagni sem var að koma inn í fyrirtækið, en á fundinum var þeim sagt að Landsbankinn hefði átt veð í þessum peningum og hefði fryst launagreiðslurnar.

Ekkert hafði verið rætt við starfsmennina þegar kom á daginn að launin yrðu ekki greidd út. Í kjölfar þess gripu þeir til mótmælaaðgerða og komu í veg fyrir að flutningabíll frá Landsvirkjun kæmist af athafnasvæði Slippstöðvarinnar. „Við þurftum aðgerðir til að fá menn til að funda,“ segir Þorsteinn. Hann segir að þungt hafi verið í fundar-

mönnum, en hann giskar á að 70 til 80 starfsmenn hafi verið þar. „Menn voru reiðir og svekkir, sérstaklega yfir því að launamenn skyldu ekki vera upplýstir um stöðu mála. Þetta var ekki nokkur framkoma og þeir viðurkennu þad.“

Fundurinn átti upphaflega að fara fram fyrr um morguninn, en þegar starfsmennirnir komu til fundarins voru stjórnarformaðurinn og lögfræðingur hans ekki mættir. Þegar náðist í þá

gáfu þeir þá skýringu að fjölmiðlar hefðu verið á svæðinu, og var því boðaður nýr fundur sem var lokaður fjölmiðlum.

Þorsteinn tók það fram að hann vildi hvorki gagnrýna Landsvirkjun né Landsbankann. „Það verja allir sitt í svona stöðu.“ Hann sagði óánægjuna fyrst og fremst vera með stjórnendur fyrirtækisins.

Þótt starfsmenn Slippstöðvarinnar hafi nú látið af beinum aðgerðum munu þeir áfram fylgjast með athafnasvæðinu.

Til greina kemur að gripa aftur til aðgerða eigi að flytja verðmæti af athafnasvæðinu.

Ekki náðist í Hilmi Hilmisson, stjórnarformann Slippstöðvarinnar, í gær.

grs@frettabladid.is



ERFIÐUR DAGUR Í SLIPPSTÖÐVINNI Práinn Karlsson leikari stendur vörð um athafnasvæði Slippstöðvarinnar á Akureyri í stalinískum stellingum.



NÝKJÖRINN FORSETI ALÞINGIS Sólveig Pétursdóttir þakkaði þingmönnum það traust sem þeir sýndu henni.

Sólveig Pétursdóttir forseti:

Vonast eftir sátt og samfýsi

ALÞINGI Sólveig Pétursdóttir var kjörin forseti Alþingis við setningu þess í gær. Hún þakkaði þingmönnum það traust sem þeir sýndu henni með því að kjósa hana.

„Ég á þá von heitasta á þessari stundu að góð samvinna og sáttfýsi ríki um stjórn þingsins jafnvel þótt tekist verði á um mál sem fyrir Alþingi verða lögð á þeim vetri sem í hönd fer,“ sagði Sólveig er hún ávarpaði þingheim.

Sólveig sagði það ásetning sinn að eiga gott samstarf við þingmenn úr öllum flokkum. -eð

Skemmtistaður í Kópavogi:

Lögregla vísaði krökkum á dyr

LÖGREGLA Fimm krökkum undir átján ára aldri var vísað út af skemmtistaði í Kópavogi í fyrrinótt. Að sögn lögreglu var mikill fjöldi unglinga á staðnum en flestir náðu að koma sér burt á meðan aðgerðir lögreglu stóðu yfir. Málinu er ekki lokið af hálfu lögreglu enda leyfi lög að eigandi staðarins verði áminntur, sektaður eða verði látinn sæta lokun staðarins. -gag

Berlingske Tidende segir frá framvindu Baugsmálsins:

Málið sagt allt að því farsakennt

DANMÖRK Dagblaðið Berlingske Tidende gerði Baugsmálinu góð skil í lok síðustu viku. Blaðið ræðir um fjöllum fjölmiðla um málið en einnig bendir það á tengsl Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, við framvinduna.

„Gagnárás Baugs“ er fyrrsögn Berlingske Tidende á grein sem birtist í fyrradag þar sem segir að „ásakanir um fjárkúganir, morðhótanir og samsæri fylli nú alla fjölmiðla á Íslandi“. Þar er sagt frá atburðarás síðustu daga og tengsl helstu málsaðila. Greinilegt er á greinarhöfundum að honum þykir málið nánast farsakennt þótt hann taki enga afstöðu með neinum sem aðild eiga að því.

„Guðfaðir samsærisins“ – sem tengist ritstjórnarformanni [Styrmi Gunnarssyni], framkvæmdastjórnarformanni [Kjartani Gunnarssyni] og lögfræðingi Sullenbergers [Jóni Steinari



BERLINGSKE TIDENDE Dagblaðið hefur áður fjallað um málaferlin gegn Baugi enda eru umsvif fyrirtækisins í Danmörku talsverð.

Gunnlaugssyni] er sagður hinn voldugi forsætisráðherra Íslands í tólf ár, Davíð Oddsson. Rifjað er upp að Davíð reyndi að setja lög sem bannað hefðu „yfírráð Baugs yfir fjölmiðlum“ en forseti Íslands „hvers börn vinna hjá Baugi“ neit-

aði að staðfesta þau. Jafnframt er sagt frá því að eftir að hafa staðið fyrir einkavæðingu ríkisbankanna hafi Davíð kvartað yfir útlánagleði þeirra og farið með „hópi fjölmiðlamanna í KB banka til að taka út eigin innistæðu“. -shg

VEFSMÍÐI

Dreamweaver MX 2004

Dreamweaver er eitt vinsælasta vefsmíðaforrit á markaðnum í dag enda bæði fjölbreytt og afar einfalt í notkun. Á þessu námskeiði verður farið í helstu grunnatriði Dreamweaver og hvernig má nota það til að búa til vefsíður og halda þeim við.

Einnig verður kennd notkun margmiðlunar-efnis og javascript til að krydda vefsíður ásamt faglegri uppsetningu skráa á vefsvæði. Í lok námskeiðsins búa nemendur til fullkláraðan vef og læra hvernig á að setja vefsíður inn á Netið. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Lengd námskeiðs 31 kennslustund. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl 17:30 - 21:00. Hefst 10. okt og lýkur 26. okt. Verð kr. 29.000,- (Kennslubók innifalinn)

TÖLVUSKÓLINN PEKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Mögnuð tilboð á
nýjum vörum
frá fimmtudegi til mánudags

**NÚ LÍKA Á
MÁNUÐÖGUM!**

29. sept. - 3. okt.

Kauphlaup

í Smáralind

Á Kauphlaupi í Smáralind geturðu fengið ótrúleg tilboð á nýjum vörum! Komdu og gerðu góð kaup!



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 30.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,55	61,85
Sterlingspund GBP	108,66	109,18
Evra EUR	74,22	74,64
Dönsk króna DKK	9,944	10,002
Norsk króna NOK	9,429	9,485
Sænsk króna SEK	7,952	7,998
Japanskt jen JPY	0,5427	0,5459
SDR	XDR	89,18 89,72

Gengisvísitala krónunnar

104,2646

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nesjavallavirkjun:

Heilsuhótel á Nesjavöllum

NESJAVALLAVIRKJUN Síðasti áfangi Nesjavallavirkjunar var vígður klukkan ellefu í gærmorgun. Það var þrjátíu megavatta gufuhverfill sem var tekinn í notkun í gær en fyrsti áfangi virkjunarinnar var 100 megavatta varmaframleiðsla sem var gangsett 1990.

Nú er Nesjavallavirkjun komin með 300 megavatta varmaframleiðslugetu og getur hún því ein og sér séd um rúmlega þrjátíu prósent af varmaþörf höfuðborgarsvæðisins og um sextíu prósent af rafmagnsþörf þess.

Uppbyggingu á Nesjavöllum er þó ekki lokið því fyrirhugað er að byggja heilsuhótel á svæðinu. —eð

Kjörfundur í Dresden:

Gæti höggvið á hnútinn

DRESDEN, AP Íbúar Dresden í Þýskalandi ganga loks að kjörborðinu í dag og er búist við að úrslitin þar geti ráðið miklu um hvort Angela Merkel, leiðtogi kristilegra demókrata, eða Gerhard Schröder, leiðtogi jafnaðarmanna, muni hreppa kanslarastólinn.

Kjörfundi í Dresden var frestað á dögnum þar sem einn frambjóðendanna andaðist. Enda þótt úrslitin þar muni ekki hafa afgerandi áhrif á heildarniðurstöður kosninganna gætu þau orðið til að höggva á hnútinn í stjórnmundunarviðræðunum. Leiðtogar beggja stóru flokkanna sóttu borgarþúa heim á föstudag til að sannfæra þá um ágæti sitt.

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÖLVÆÐIR ÖKUMENN Við hefðbundni eftirlit tók lögreglan í Hafnarfirði þrjá ökumenn, sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Ekki var hér einvörðungu um unga ökumenn að ræða. Blóðsýni var tekið úr þeim og geta þeir átt von á að missa ökuréttindin.

Geimförum skotið upp í himingheiminn í gær:

Heimferðin er ekki tryggð

BAIKONUR, AP Bandaríski milljóna-mæringurinn Gregory Olsen varð í gær þriðji maðurinn til að kaupa sér far út í geiminn. Hann var um borð í rússnesku Soyuz-geimfari sem skotið var út í himingheiminn frá geimferðastöðinni í Baikonur í Kasakstan.

Auk Olsens eru um borð geimfararnir William McArthur, frá Bandaríkjunum, og Valey Tokarev, frá Rússlandi. Förlingur er heitið til alþjóðlegu geimstöðvarinnar sem sveimar á sporbaug um jörðu. Olsen mun snúa aftur eftir nokkra daga með tveimur geimförum sem dvalið hafa í stöðinni síðasta

hálfu árið og hinir tveir geimfararnir munu leysa af hólmi.

Rússnesk yfirvöld segjast hins vegar ekki geta ábyrgst heimflutning McArthurs næsta vor nema bandaríska geimferðastofnunin NASA fjármagni geimferðina. NASA er í vanda að þessu leyti því bandarísk lög banna að stofnunin taki þátt í slíku. Bandaríkjamenn geta ekki sótt geimfarann sjálfir af því að hætt hefur verið við geimskutlu-áætlanina um óákveðinn tíma eftir erfiðleika geimferjunnar Discovery í sumar.

- shg



TIL STJARNANNA Gregory Olsen greiddi sem nemur 1,2 milljörðum íslenskra króna fyrir farseðillinn með Soyuz-farinu.

Greiða ekki gjöld sem kveðið er á um

Formaður Verkalýðsfélags Akraness segir danska iðnaðarmenn hjá Ístaki hvorki hafa uppsagnarfrest né veikindarétt. Lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins segir að farið sé að lögum.

VERKALÝÐSMÁL „Við tókum eftir því að ekki var verið að greiða þau gjöld sem kveðið er á um til stéttarfélagssins,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness um á annan tug danskra iðnaðarmanna sem hafa starfað fyrir Ístak að stækkun Norðuráls. Félagið fór fram á að þau gjöld yrðu greidd og fékk þá bréf frá lögfræðingi Samtaka atvinnulífsins sem kom þeim á óvart.

„Þeir túlka löginn svo að einungis þurfi að uppfylla lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, orlofsgreiðslur, lágmarkshvildartíma og hámarksvinnutíma,“ segir Vilhjálmur. „Ótal önnur kjaratriði sem um hefur samist í kjarasamningum síðustu áratugi eru ekki innifalin.“ Hann nefnir uppsagnarfrest, veikindaréttindi, slysarétt og fleira. „Þetta er í fyrsta skipti sem við fáum þessa skýringu. Séu löginn svona verða menn að gera svo vel að laga þau. Fyrirtæki eru



NORÐURÁL Dönsku starfsmennirnir sem eru á annan tug vinna við stækkun Norðuráls fyrir Ístak. Þeir vinna hjá danski starfsmannaleigu.

að komast hjá ótal kostnaðarsömum kjaratriðum þegar þau ráða menn í gegnum starfsmannaleigu.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasam-

bandsins, segir afstöðu Samtaka atvinnulífsins algerlega ólíðandi. „Lagatúlkunin er bara móðgun við verkalýðshreyfinguna,“ segir hann. „Þau lög sem vísað er til gera ráð fyrir því að greiða eigi lágmarkslaun. Þau eru ákveðin í kjarasamningum. Þessi nýja lína gengur hins vegar út á það að fyrirtæki innan samtakanna þurfi ekki að fylgja ákvæðum kjarasamninga um suma starfsmenn.“

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins, segir Ístak starfa í samræmi við lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. „Ístak er ekki vinnuveitandi þessara manna,“ segir Hrafnhildur, en þeir eru starfsmenn stórrar danskrar starfsmannaleigu. grs@frettabladid.is



HRAFNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR Yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins.



SKÚLI THORODDSEN Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

William Bennett:

Sakaður um kynþáttahatur

BANDARÍKIN William Bennett, menntamálaráðgjafi í ríkisstjórn Ronalds Reagan, reitti stóran hluta Bandaríkjamanna til reiði í vikunni þegar hann sagði í útvarpsþætti sínum að ef börnun þeldökka væri eytt á fósturstigi myndi draga úr glæpum.

Bennett viðurkenndi að slíkar ráðstafanir væru síðferðislega óverjandi en engu að síður ítrekaði hann að glæpatíðni myndi minnka væri gripið til þeirra. Talsmaður Hvíta hússins sagði að forsetinn teldi ummæli flokksbróður síns afar óviðeigandi og demókratar skoruðu á hann að draga þau til baka.

Óvissuástand á Súðavík:

Tvö fyrirtæki skapa 20 störf

SÚÐAVÍK Um síðustu mánaðamót var átján manns sagt upp vinnu sinni í rækjuverksmiðjunni Frosta í Súðavík. „Við þetta skapaðist mikið óvissuástand í atvinnumálum hér í Súðavík.“

Við fórum í það að skoða þessi mál og reyna að bregðast við ástandinu,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík.

Niðurstaðan varð sú að með hjálp tveggja fyrirtækja tókst sveitarstjórninni að útvega tuttugu

ný störf í staðinn. Fyrirtækin hefja bæði starfsemi í hluta af húsnæði rækjuverksmiðjunnar Frosta. „Annað fyrirtækið heitir Stál og hnifur og það hefur rekstur á næstu tveimur vikum á neðri hæðinni. Hitt fyrirtækið er Hraðfrystihúsið Gunnvör og það verður með vinnslu á lifur sem mun fara af stað einhvern tímann fyrir áramót. Það mun hins vegar útvega einhver störf strax í upphafi,“ segir Ómar sem er bjartsýnn á framhaldið. —eð

LÖGREGLUFRÉTTIR

FJARÐARHEIÐI LOKAÐIST Í TVÆR STUNDIR Flutningabíll með tengivagn lokaði Seyðisfjarðarvegi í tvær klukkustundir í gærdag. Hann rann til í hálfu og endaði þversum á veginum. Aðrir flutningabílar höfðu farið yfir Fjarðarheiði keðjulausir. Umferð var mikil og biðu menn í þrjátíu til fjórtíu bifreiðum eftir að flutningabíllnum væri komið af veginum.

Ævintýraheimur H.C. Andersen

Klaustar og Kóngsdætur

Barnaleiksyning ársins 2005
Syning í dag kl. 14:00!

www.leikhusid.is

LEIKHÚSIÐ

VEÐURSPÁ

Guðrún Arnardóttir
Náttúrufræðingur

SUBVESTANÁTT Það verður yfirleitt einhver lítilláttar væta á landinu í dag en þurr og bjart fyrir austan. Það má reikna með kalda eða strekkingsvindi fram undir kvöldi. Hittin verður á bilinu 5-10 stig. Á morgun verður hæg breytileg átt fram eftir degi og lítilláttar væta í flestum landshlutum, en annað kvöld fer að hvesa og gæti þrjúdagunni beðið okkar með hvasvönd og rigningu um allt land.

HORFUR Í HÖFUÐBORGinni
Suðvestanátt og nokkur vindur fram eftir degi og skúraveður. Hittin zetti að ná 6-8 stigum yfir daginn. Á morgun má búast við heldur minni vætu og jafnvel bjartvöri um tíma en það kólnar dællitíð á morgun.

um hádegi

á morgun

Fremur hæg breytileg átt fram eftir degi en snýst í stífa suðaustanátt undir nóttina.

Þriðjudagur

Útlit fyrir hvasvönd, suðlegar áttir í fyrstu en snýst í norðanátt með kvöldinu. Hlýnar um tíma.

Kaupmannahöfn	14°C sk.m.köflum	Paris	15°C skýjað	Alicante	25°C léttskýjað
Osló	16°C léttskýjað	Berlín	13°C skýjað	Milano	18°C rigning
Stokkhólmur	21°C sk.m.köflum	Frankfurt	14°C skýjað	New York	22°C heitiskirt
Helsinki	11°C léttskýjað	Madrid	20°C sk.m.köflum	San Francisco	18°C léttskýjað
London	16°C léttskýjað	Barcelona	22°C sk.m.köflum	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

* Sveði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

➤ SPRON **VAXTABÓT**

Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

➤ SPRON **VIÐBÓT**

Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

SPRON Viðbót er verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn í 36 mánuði, sem ber háa grunnvexti og auk þess stighækkandi vaxtaviðbót eftir lengd sparnaðartímabils að binditíma loknum.

- Aukið frelsi
- Vaxtaumbun tryggð á áframhaldandi innstæðu að binditíma loknum
- Engin lágmarksinnborgun
- Engin úttektargjöld á Netinu

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is



KJÖRKASSINN

Var rétt að setja lögbann á Fréttablaðið?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	39.66%
Nei	60.34%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á ríkið að hlaupa undir bagga með útflutningsfyrirtækjum?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Morgunblaðið birti tölvupóst þingmanna:

Tilraun til yfirkjár

BAUGSMÁLID „Mér finnst þetta vera tilraun til yfirkjár,“ segir Gunnlaugur M. Sigmundsson, fyrrverandi þingmaður, um skýringar Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, á birtingu blaðsins á tölvupósti sínum í maí árið 1998. Styrmir sér ekkert athugavert við birtingu póstsins frá Gunnlaugi sem hann kallar fjölpóst þar sem hann var sendur 62 þingmönnum. Gunnlaugur bendir hins vegar á að pósturinn hafi verið sendur 62 nafngreindum einstaklingum.

Þá segir Styrmir að Morgunblaðið hafi upphaflega neitað að

birta tölvupóst Össurar. Hins vegar hafi Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, skýrt orðrétt frá efni hans í viðtali við Morgunblaðið, og því hafi birtingin verið á hans ábyrgð.

„Skýringar Styrmis Gunnarssonar eru í einu mikilvægu grundvallaratriði rangar eins og ég mun skýra frá á þeim vettvangi þar sem ég hóf þessa umfjöllun,“ segir Össur. „Eftir stendur að Styrmir hefur ekki getað skýrt hvers vegna hann lætur eina reglu fyrir sig í tilvikum sem varða hann sjálfan og aðra um okkur sauðsvartan almúgan.“

FRÉTTABLAÐIÐ/PALL



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Boðar svar við skýringum Styrmis á bloggsíðu sinni.

LÖGREGLUFRÉTTIR

SAUTJÁN ÁRA Á ÓGNARHRADA

Ökumaður með tveggja daga gamalt ökuskrteini var tekinn á 115 kílómetra hraða á klukkustund á Reykjanesbraut aðfaranótt laugardags. Þar er 70 kílómetra hámarkshraði. Lögreglan í Kópavogi stöðvaði einnig annan ökumann. Í bifreið hans fundust kannabisefni, um einn skammtur. Sá fékk að halda för áfram þegar leitað hafði verið í bílnum. Málið er upplýst.

SOFANDI Á GANGSTÉTT

Ungur maður gisti fangageymslur lögreglunnar á Akureyri í fyrrinótt vegna ofurölvunar. Lögreglan hirti hann upp af gangstétt í Glerárhverfi þar sem hann svaf. Hann fór heim þegar hann hafði sofið úr sér vímunna.

Yfirvöld á hættulegri braut

Fræðimenn eru sammála um að mjög ríkar ástæður verði að búa að baki lögbanni á birtingu upplýsinga sem fjölmiðlar búa yfir. Lektor við Háskólann á Akureyri segir yfirvöld á hættulegri braut í málinu.

LÖGBANN „Það að setja lögbann á frekari birtingu efnis fjölmiðla fer ekki gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu en að baki slíkrar íhlutunar í störf blaðamanna þurfa að liggja veigamiklar ástæður,“ segir dr. Herdís Þorgeirsdóttir, lagaprófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Í framhaldinu nefnir Herdís dóm Mannréttindadómstólsins í máli blaðamannsins Goodwin gegn Bretlandi en honum hafði verið gert að gefa upp hver lak í hann trúnaðarskjölum um afkomu stórfyrirtækis. Enda þótt blaðamaðurinn hefði ekki talið fyrirhugaða birtingu efnisins snúast um veigamikla almannahagsmuni heldur að það væri einfaldlega fréttæmt komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld hefðu brotið á rétti hans.

Herdís segist ekki að svo stöddu treysta sér til að meta hvort nógu miklir hagsmunir liggja að baki til að beita 365 prentmiðla lögbanni eins og sýslumaðurinn í Reykjavík ákvað á föstudaginn. „Stóra spurningin er sú hvort borið hafi brýna nauðsyn til að gripa inn í störf fjölmiðlanna með þessum hætti til að vernda rétt þeirra einstaklinga sem fara fram á lögbannið. Eins og Mannréttindadómstóllinn hefur margtírað er réttur almennings



LÖGBANNIÐ TILKYNNT Mér finnst harkalegt að sýslumaður geri gögnin upptæk því þar með geta þeir eyðilagt möguleika blaðsins á að halda trúnaði við heimildarmenn. Mér finnst yfirvöld vera komin á mjög hættulega braut,“ segir Birgir Guðmundsson, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.

til upplýsinga svo veigamikill að það þarf sterk, málefnaleg rök til að réttlæta svo afgerandi aðgerð.“

„Mér kemur þetta á óvart, sérstaklega hversu víðtækur úrskurðurinn er,“ segir Birgir Guðmundsson, blaðamaður og lektor við Háskólann á Akureyri um lögbannið. „Ég man ekki eftir að lögbann hafi áður verið sett við heimildum sem eru þegar komnar á blað.“

Svo finnst mér harkalegt að sýslumaður geri gögnin upptæk því þar með geta þeir eyðilagt möguleika blaðsins á að halda trúnaði við heimildarmenn. Mér finnst yfirvöld vera komin á mjög hættulega braut.

Birgir rifjar upp mál Agnesar Bragadóttur, blaðamanns á Morgunblaðinu, sem á sínum tíma vann mál í Hæstarétti en hún neitaði að

gefa upp nafn heimildarmanns síns í fréttum af stöðu Sambands íslenskra samvinnufélaga.

„Hæstiréttur mat það svo að almannahagsmunir hefðu vegið þyngra en hagsmunir SIS. Það mál var talið mikill sigur fyrir vernd heimildarmanna og því er mál föstudagsins bakslag að sama skapi þar sem sömu grundvallarrök eiga við.“

sveinng@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



AF VETTANGI Talið er að samtökin Jemaah Islamiyah sem tengjast al-Kaída beri ábyrgð á tilræðinu.

Tilræði á Balí:

Á þriðja tug beið bana

BALÍ, AP Í það minnsta 22 biðu bana í tvöföldu sprengjutilræði á veitingahúsum á eyjunni Balí í Indónesíu um kvöldmatarleytið í gær. Í það minnsta 22 biðu bana og 51 slasaðist alvarlega. Enn er ekki búið að bera kennsl á líkin en talið er að þau séu bæði af innfæddum og útlendingum.

Rétt tæp tvö ár eru síðan 202 biðu bana í sprengjutilræðum á Balí en þá voru samtökin Jemaah Islamiyah að verki. Ken Conboy, sérfræðingur í hryðjuverkum í Suðaustur-Asíu, segir að hryðjuverkin í gær beri sama handbragði vitni. ■

Gólfampar

á tilboði

BURSTAD GYLTT
6.970-

BURSTAD STÁL
6.970-

ANTÍK
6.970-

Rafkaup

Ármúla 24 - S: 585 2800



ALLS 120 ÍBÚÐIR Í TURNUNUM TVEIMUR Miðbær Selfoss á eftir að taka stakkaskiptum. Í turnunum verða 60 íbúðir í hvorum um 100 fermetrar hver.

Miklar breytingar fyrirhugaðar á miðbæ Selfoss:

Tveir turnar munu rísa í miðbænum

SELFOSS Miklar breytingar eru fyrirhugaðar á miðbæ Selfoss. Hugmyndin er að í miðbænum verði fjölskyldugarður með fjölbreyttri þjónustu og ýmsum afþreyingarmöguleikum. Meðal annars er áætlað að tveir turnar, með alls 120 íbúðum, veitingastaði, íþróttavöllur, samkomusvæði, leikvöllur, göngugata og torg verði í miðbænum.

Einar Njálsson, bæjarstjóri Árborgar, kynnti breytingarnar á Hótel Selfossi í gær. Hann segir að fundurinn hafi verið fjölmennur og fólk hafi almennt verið mjög

jákvætt.

„Fulltrúar sveitarfélagsins hafa fengið tækifæri til þess að fylgjast með vinnunni við hönnun miðbæjarins. Við höfum fengið að koma með tillögur og koma sjónarmiðum íbúa á framfæri. Það hefur verið tekið fullt tillit til þeirra og okkur sýnast þessar hugmyndir vera mjög spennandi,“ segir Einar.

Það er danska arkitektastofan 3xN sem sér um hönnun svæðisins og er það von heimamanna að breytingarnar muni auka lífsgæði íbúa Árborgar.

D-listinn eykur fylgi sitt:

Ánægja með ráðherraskiptin

GALLUP Fylgi Sjálfstæðisflokksins er að aukast og mælist nú 44% á meðan Vinstri hreyfingin grænt framboð hefur tapað 5% frá því í síðasta mánuði og mælist aðeins með 14% fylgi. Þetta er niðurstaða Gallup.

Samkvæmt skoðanakönnuninni sem RÚV birti í gær fengi Samfylkingin 29% sem er einu prósentu minna en í ágúst. Framsóknarflokkurinn fengi samkvæmt skoðanakönnuninni níu prósent og Frjálslyndi flokkurinn þrjú en þeir tapa einnig prósentu hvor.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur ekki mælst meira á þessu kjörtímabili en talið er að ástæðan séu ráðherraskiptin sem 48 prósent þjóðarinnar er mjög ánægð með.

-eö

NOREGUR

HÁLFKRISTIN RÍKISSTJÓRN?

Norska stjórnarskráin kveður á um að í það minnsta helmingur ráðherra norsku ríkisstjórnarinnar tilheyri þjóðkirkjunni. Aftanposten greinir frá því að þarlend mannréttindasamtök telja skilyrðið tæpast standast trúfrelsisákvæði sama plaggis. Jens Stoltenberg, verðandi forsætisráðherra, er ekki í þjóðkirkjunni.

Í dag er fjölskyldudagur

gaman saman!

Loksins!

**fyrir alla
fjölskylduna**



Loksins í Nettó, nýjasta æðið á Íslandi. Japanski talnaleykurinn SUDOKU. Í 109 SUDOKU bókinni er að finna 100 hefðbundnar talnagátur í fjórum erfiðleikastigum. SUDOKU krefst einbeitingar og ákveðinnar rökhugsunar sem um leið skerpir hugann, bætir einbeitingu og kemur gráu sellunum á hressilega hreyfingu.

**frábært
verð!**



**nammi-
dagur í dag!**



**þú sparar
500 kr.**



berjadagar

uhmm



159 kr. Bláber

199 kr. Vínber, græn

199 kr. Vínber, rauð

199 kr. Vínber, blá

159 kr. Hindber

99 kr. Rífsber

199 kr. Brómber

99 kr. Sýrber

allt í matinn á einum stað

www.netto.is

Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 29. sept. til 2. okt. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Aðför sýslumanns gegn Fréttablaðinu
er gróf og einstök.

Ritskoðun sýslumanns

Það er óþolandi að sýslumaðurinn í Reykjavík geti mætt á ritstjórn fjölmiðils, réttáð þar og dæmt fjölmiðilinn til að láta af skrifum sem einhver eða einhverjir þola ekki og tekið með lögboði gögn blaðsins. Þessi harkalega gerð er til bráðabirgða og meðan dómstólar koma ekki að málinu stendur fádæma ákvörðun sýslumannsins. Þessi aðför að Fréttablaðinu er harðari en dæmi eru um. Með þessu hefur sýslumaður tekið sér ritskoðunarvald yfir Fréttablaðinu.

Fréttablaðið er fyrirferðarmikið í samfélaginu, enda er það stærsti fjölmiðill landsins. Fréttablaðið hefur með velgengni sinni

Sýslumaðurinn hefur orðið við kröfum um ofbeldi gegn Fréttablaðinu. Sú staðreynd mun aldrei duga til að kæfa niður þær fréttir sem þegar hafa verið skrifaðar og mun jafnvel auka gildi þeirra.

breytt miklu á fjölmiðlamarkaði. Þess vegna hefur blaðið mátt þola ótrúlega grófar lygar og meidandi innistæðulausar yfirlýsingar frá þeim sem ólust upp í heimi fjölmiðla þar sem ritstjórn tóku fréttir af almennum blaðamönnum, það er þegar fréttirnar höfðu sérstaka þýðingu fyrir ritstjórnara eða þeirra helstu samherja. Þessi vinnubrögð hafa tíðkast á Morgunblaðinu, eins og lesa mátti á því blaði fyrir fáum dögum. Þannig hefur Fréttablaðið aldrei unnið.

Hvorki sýslumaðurinn í Reykjavík né nokkuð annað yfirvald hefur aðhafst nokkuð þegar aðrir fjölmiðlar hafa vitnað beint eða óbeint í tölvubréf annars fólks. En hvað var það sem Fréttablaðið gerði?

Fréttablaðið sagði aldrei frá persónulegum málum þeirra sem skrifuðust á í tölvubréfunum, sem nú er í geymslu sýslumannsins, aldrei eitt einasta orð. Það sem blaðið sagði frá var að löngu fyrr en áður hafði komið fram var undirbúningur hafinn að kæru gegn forsvarsmönnum stórfyrirtækisins Baugs. Fréttablaðið sagði að Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Jónína Benediktsdóttir höfðu ásamt Jóni Geraldi Sullenberger talað sig saman um undirbúning málssóknarinnar löngu áður kærán var lögð fram. Fréttablaðið sagði líka frá því að Jón Steinar Gunnlaugsson, þáverandi lögmaður og einn allra nánasti ráðgjafi þáverandi forsætisráðherra, hefði komið að máli Jóns Geralds löngu fyrr en áður hafði komið fram og síðast en ekki síst sagði Fréttablaðið frá því að framkvæmdastjóri flokks þáverandi forsætisráðherra hefði einnig haft afskipti af málinu. Fréttablaðið sagði einnig að ritstjóri Morgunblaðsins og Jónína Benediktsdóttir afréðu að koma gögnum frá Jóni Geraldi til skattrannsóknar og að ritstjórnin nefndi fjármálaráðherra sem mikilvægan í væntanlegri skattrannsókn, sem ekki varð. Allt eru þetta stórkostlegar fréttir sem áttu og eiga erindi við allan almenning.

Annað gerði Fréttablaðið ekki. Það sagði beinar fréttir af aðdraganda kærunnar gegn forsvarsmönnum Baugs. Fréttablaðið gerði ekkert með þann hluta gagna sem laut að persónulegum málum þeirra sem komu við sögu. Sýslumaðurinn hefur orðið við kröfum um ofbeldi gegn Fréttablaðinu. Sú staðreynd mun aldrei duga til að kæfa niður þær fréttir sem þegar hafa verið skrifaðar og mun jafnvel auka gildi þeirra. ■



98.9 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!
Bjarni Ara
Alla virka daga 13-16

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hausataling á SUS-þingi

Landsþing Sambands ungra sjálfstæðismanna hefur staðið yfir í Stykkishólmi nú um helgina og fara bæði formanns- og stjórnarkjör fram í dag. Nokkur titringur hefur verið meðal ungliðanna í aðdraganda þingsins eins og sjá mátti á þeim fjölda sem tók þátt í kosningum í Heimdalli á þriðjudaginn. Þá tókust á Deiglu- og frjálshyggjuarmurinn líkt og undanfarin ár. Borgar Þór Einarsson, fyrrverandi



ritstjóri Deigluarmurinn, er enn sem komið er einn í framboði til formennskunnar og þykir því sigurstranglegur, ekki síst þar sem stuðningsmenn hans í Deigluarminum höfðu betur í Heimdalli sem skipar tæpan helming fulltrúa á SUS-þingið. Frjálshyggjuarmurinn hefur hins vegar ráðið SUS undanfarin ár og ætlar ekki að gefa sambandið eftir baráttulaust. Fyrir vikið er nú vílað og dílað sem aldrei fyrr í stuttbuxna-deildinni og búist er við framboði gegn Borgari á lokametrunum ef frjálshyggjumennirnir sjá fram á að hausatalingin stemmi.

Auglýst gegn Bolla Átökin í



Heimdalli snerust í grunninn um það hvaða Heimdellingar yrðu aðalmenn á SUS-þinginu. Hljóðið í andstæðingum Borgars hefur verið þungt eftir að þeir töpuðu naumlega sem sjá má af því að í Morgunblaðinu í gær komu þeir gagnrýni sinni á Bolla Thoroddsen, formann Heimdallar, á framfæri með hálf-síðuauðgýsingu sem samkvæmt verðskrá gæti kostað yfir 100.000 krónur. Það hefur löngum mælt illa fyrir innan hússátök mennta ræði innan hússátök við blaðamenn og fáheyrta að menn greiði fyrir að koma þeim á framfæri.

gag@frettabladid.is

Í Vatíkaninu sanna undantekningarnar regluna

JOHN ALLEN
SKRIFAR UM KAPÓLSKU KIRKJUNA OG SAMKYNHNEIGD

Væntanlegur úrskurður Vatíkansins um málefni samkynhneigðra sem vilja læra til prests er líklegur til að valda mikilli rökræðu um kaþólskuna og samkynhneigða. Úrskurðurinn mun hins vegar ekki hafa í för með sér að í framtíðinni muni engir samkynhneigðir gegna starfi prests. Áframhaldandi vera samkynhneigðra í embætti presta verður ekki eingöngu afleiðing þess hve erfiðlega mun ganga að framfylgja hinum nýju lögum eða sökum óheildarleika þeirra sem sækjast eftir embættunum heldur einnig vegna eðlis laganna.

Bretar og Bandaríkjamenn eiga eflaust erfitt með að skilja að þegar Vatíkanið setur fram staðhæfingar eins og: „Engir samkynhneigðir í prestsstarfinu“ er ekki átt við að: „Engir samkynhneigðir mega gegna prestsstarfinu.“

Það sem er átt við er að: „sem meginregla er það ekki æskilegt að prestar séu samkynhneigðir; en við vitum öll að gerðar verða undantekningar.“

Til að skilja þennan greinarmun er skilyrði að hafa vitneskju um almenna ítalska afstöðu til laga, afstöðu sem einnig ríkir í Vatíkaniu. Samkvæmt þeim hugmyndum tákna lögin það sem ætti að vera en ekki það sem er. Lögin lýsa fullkomnu ástandi sem ekki allir munu geta framfylgt til fullnustu. Þessi sýn er órævegu frá hinni engilsaxnesku nálgun þar sem þess er krafist að lögin ákvarði hegðun þegnanna í raun.

Meðan Ítalir þusa um að lögin í landinu séu virt að vettugi grundvallast lífsskoðanir þeirra fyrst og fremst á einstaklingsbundnum skoðunum hvers og eins; þeir aðhyllast sjálfshyggju. Allir sem hafa reynt að komast klakklaut leiðar sinnar í umferðinni í ítölskum borgum skilja líklega við hvað er átt. Flestir Ítalir trúa því að engin lög geti náð utan um allar þær óendanlega flóknu aðstæður sem geta komið upp í samfélagi manna og því er mikilvægara að lögin lýsi samfélaginu eins og það ætti að vera frekar en að lögunum sé framfylgt. Ítalir hafa ströng lög en þeim er framfylgt af miskunn. Það var því ekki að ósekju sem dómsmálaráðuneytið á Ítalíu var eitt sinn kallað ráðuneyti réttlætis og náðar.

Breski sagnfræðingurinn Christopher Dawson hefur lýst þessu sem hinum „erótíska anda“ landanna er hafa mótast af rómversk-kaþólskri trú. Kaþólsk menningarsamfélög eru grundvöllur á ástríðufullri leit að andlegri fullkomnun. Dawson segir menningu



FRÁ VATÍKANINU Benedikt XVI fundar með kardinálum sínum.

þessari landa ólíka „borgaralegri“ menningu Bandaríkjanna sem er mótuð af mótmælendatrú og er byggð á mikilvægi hagnýtrar skynsemi þar sem efnagsmál eru efst í forgangsröðinni. Líkt og einn þrautreyndur embættismaður í Vatíkaniu sagði eitt sinn við mig: „Lögin lýsa því hvernig samfélagið ætti að ganga fyrir sig ef mennirnir væru englar.“

Þetta gildismat þýðir að þó að embættismenn Vatíkansins gefi oft af sér þá mynd á opinberum vettvangi að þeir hliðri engu á kostnað þess sem kirkjan hefur skilgreint sem rétt siðferði þá geti þeir verið mjög þolinmóðir og skilningsríkir utan þess. Stefnumarkandi aðilar í Vatíkaniu bregðast oft ekki eins ókvæða við því, eins og margir Bandaríkjamenn, er kaþólikar í þróuðum löndum heimsins sniðganga reglugerðir Vatíkansins um notkun getnaðarvarna. Það er hins vegar ekki svo að embættismenn í Vatíkaniu trú ekki á reglugerðir, heldur trúa þeir því að það sé hluti af eðli regluna sem eru settar sem ímynd hins fullkomna að fólk fari ekki eftir þeim. Að sjálfsögðu geta menn svo rökrætt um hvort bann við notkun getnaðarvarna, eða bann við því að samkynhneigðir læri til prests, ætti að teljast ímynd hins fullkomna.

Málið er það, þó að embættismenn í Vatíkaniu muni aldrei gefa það upp, þá búast fái við því að farið sé eftir þessum reglum í hvívetna. Sumum í Bretlandi og Bandaríkjunum gæti þótt þetta viðhorf vera hræsn; að kirkjan setji lög en líti svo undan í hálfkæringi þegar lögin eru brotin. Embættismenn í Vatíkaniu rökstýðja hins vegar gjörðir sínar á þann veg að þær séu raunhæf undanlátsemi við mannskennuna sem orðin er úrkynjaðri en áður.

Nokkrir embættismenn í Vatíkaniu hafa sagt að tilgangur nýju laganna sé að rísa gegn þeirri við-

teknu skoðun innan kirkjunnar sem segir að svo framarlega sem verðandi prestur sé fær um skírifli þá skipti ekki máli hvort hann sé gagnkynhneigður eða samkynhneigður. Þeir aðilar sem marka stefnu Vatíkansins, auk sumra biskupa í Bandaríkjunum, eru á þeirri skoðun að þetta sé barnalegt viðhorf. Þeir telja að í umhverfi þar sem eingöngu eru karlmenn sé líklegra að samkynhneigðir falli í freistni og því þurfi að hafa meiri áhyggjur af samkynhneigðum prestum. Þessi staðhæfing þarfnast frekari umræðu en alveg sama hvernig lítið er á málið þá leiðir ekki af staðhæfingunni að enginn samkynhneigður maður skuli nokkru sinni vígður til prests. Staðhæfingin felur það frekar í sér að biskupar muni gaumgæfa samkynhneigð prestsefni vel, en að á endanum muni dómgreind þeirra sjálfrá skera úr um hvort viðkomandi verður vígður eður ei. Þeir sem ekki kæra sig um að hvíka frá nýju lögunum munu þó vitanlega geta gert það.

En þó að samkynhneigðum prestum innan kaþólsku kirkjunnar muni fækka í framtíðinni, auk þess sem samkynhneigðum prestsefnum mun örugglega fækka sem og samkynhneigðum prestum sem eru reiðubúnir að ræða stöðu sína opinberlega, þá mun kaþólska kirkjan ekki verða hreinsuð endanlega af samkynhneigðum prestum. Eftir að biskupar og stjórnendur prestaskóla hafa tekið ákvarðanir um hvernig málefnum samkynhneigðra skuli hátta innan kaþólsku kirkjunnar í framtíðinni munu örugglega margir styðjast enn þá við hina klassíska ítölsku rökbrellu sem hljóðar svo: „Ef páfinn væri herna myndi hann örugglega skilja þetta.“

John L. Allen Jr. er fréttaritari National Catholic Reporter í Vatíkaniu.

Greinin hefur áður birst í New York Times

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – PRENTMIÐLAR RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRN: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRN: Trausti Hafliðason FULLTRÚÍ RITSTJÓRN: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚÍ: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐMI: 550 5000 SIMBREF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: vistir.is UMBROT: 365 – PRENTMIÐLAR PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili í höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Við sjáum framtíðina í nýju ljósi!

Marel stuðlar að heilbrigðu og fræðandi umhverfi barna, unglunga og háskólafélks. Í nánú samstarfi við hlutaðeigandi aðila leggur fyrirtækið fram fjármagn og mannauð til menntunar og uppfræðslu. Fróðleiksfýsni og brennandi áhugi í námi og leik er besta forvörnin, traustasti grunnur framtíðarinnar.

Marel styrkir:

- > Vísindaveröld Fjölskyldu- og húsdýragarðsins
- > Nýsköpunarkeppni Grunnskólanemenda og Marel
- > Nýsköpun og raungreinakennslu í grunnskólum Garðabæjar
- > The Young Scientist Award
- > Hönnunarkeppni Véla- og tölvufræðinema
- > LEGO hönnunarkeppnina

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Ögrandi verkefni OECD

Dr. Sawako Takeuchi er frambjóðandi í starf framkvæmdastjóra Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Nýr framkvæmdastjóri tekur við í vor og Hafliði Helgason hittir Takeuchi þegar hún gerði stuttan stans á Íslandi á ferð sinni um heiminn við kynningu á framboðinu.

Nýr framkvæmdastjóri mun taka við Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, næsta vor. Meðal frambjóðenda í starfið er Dr. Sawako Takeuchi frá Japan.

Þessa dagana ferðast hún um heiminn og kynnir framboð sitt. Takeuchi er fyrrum ráðgjafi forsætisráðherra Japans í efnahagsmálum og hefur víðtæka reynslu af stefnumörkun efnahagsmála, rannsóknunum og háskólakennslu, auk reynslu af stjórnun í einkageiranum.

Framundan eru spennandi tímar í efnahagsmálum heimsins. Alþjóðavæðing viðskipta kallar á að ríki heimsins haldi vel á spöðunum í efnahagsmálum til að nýta þau tækifæri sem ný öld skapar. „OECD er ekki bara samfélag ríkra þjóða heldur mikilvæg stofnun til þess að koma á nauðsynlegum endurbótum um allan heim.“

Konur taka fullan þátt

Takeuchi er með doktorsgráðu í hagfræði og verkfræði og segir þekkingu sína og reynslu geta nýst stofnuninni vel. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að á tímum þar sem ögrandi verkefni blasa við þurfi stofnunin sterkan stjórnanda sem horft geti á samfélag þjóðanna sem heild og fylgt eftir nauðsynlegum endurbótum í efnahagskerfinu.

Takeuchi segir að fyrir 21. öldina skipti menntun og mannaúður afar miklu. „Áherslur í fjárfestingu eru fyrst á framleiðslu, síðan á tækni og síðan kemur áhersla á mannauð og menntun. Eins og í annarri fjárfestingu skiptir miklu að fjárfestingin í mannauðnum sé vel ígrunduð og útfærð.“

Í heimi viðskipta og efnahagsmála eru karlar mjög áberandi. Takeuchi segir miklu skipti að sjónarmið kvenna séu inni í efnahags-



DR. SAWAKO TAKEUCHI Hún er fyrrverandi efnahagsráðgjafi forsætisráðherra Japans og býður sig nú fram til forystu hjá Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD. Framundan eru ögrandi og spennandi tímar í efnahagskerfi heimsins þar sem tekist er á við hærri meðalaldur ríkari þjóða og leit að farsælum leiðum fyrir vöxt lífsgæða í þeim fátækari.

umræðunni. „Konur taka fullan þátt í efnahagskerfi heimsins. Þær eru mikilvægar sem neytendur og í framleiðslunni. Það er mikilvægt að kraftur þeirra og þekking sé nýtt. Þetta er sameiginlegt verkefni allra. Það er mikilvægt að nýta þekkingu allra. Ég tel þó ekki að það

sé neinn grundvallarmunur á nálgun kynjanna, heldur sé staðan afleiðing hefða og menningar.“

Hagkvæmni samfélagsþjónustu

Staða efnahagsmála heimsins er afar misjöfn meðal þjóða og vandamál sem efnahagslíf þeirra stendur frammi fyrir afar misjöfn. Vest-ræn ríki glíma nú við hækkandi meðalaldur og fyrirsjáanlegan kostnaðarauka í félags- og heilbrigðismálum. „Ég tel afar mikilvægt verkefni fyrir þróuð ríki að fara í saumana á samfélagsþjónustunni og gera hana hagkvæmari til að mæta fyrirsjáanlegu álagi vegna þess að þessar þjóðir eldast hratt.“

Á sama tíma og hættu er á stöðun hjá ríkari þjóðum heimsins eru önnur að glíma við að lyfta sér upp úr sárrí fátækt. „Eitt mikilvægasta verkefni OECD er að skapa sameiginlegan grundvöll milli þóðra ríkja og þróunarlanda. Þróunarlandin þurfa á skilningi okkar að halda. Þau þurfa stuðning við að setja sér markmið og við að ná þeim. Án leiðbeiningar er hættu á að við stöndum frammi fyrir mörgum alvarlegum vandamálum; vandamálum í umhverfismálum, orkunotkun og fleiri þáttum. Vandamálun eru ekki bundin við einstakar þjóðir. Þetta eru alþjóðleg vandamál sem við þurfum að takast á við.“

Fjárhagsaðstoð ekki nóg

Takeuchi segir það sér til tekna í framboðinu að hún þekki vel til þjóða Asíu sem eru mislangt komnar í efnahagsþróuninni. Skilningur á mismunandi glímu þjóða sé mikilvægur fyrir þann sem leiða eigi starf OECD. „Það er mikilvægt að beina þjóðum sem liggja aftarlega á rétta braut. En það er hins vegar ekki nóg að rétta þeim peninga.

Mikilvægast er að skapa kerfi sem virka og fylgja eftir endurskipulagningu efnahagslífsins. Þeir sem bara fá fjármuni koma bara aftur að ári og biðja um meira.“

Alþjóðavæðingin er í fullum gangi og gagnrýni á hana er einkum af tvennum toga. Annars vegar að ríkari þjóðir ryðjist inn í þróunarlönd og nýti náttúruauðlindir þeirra og hins vegar að störf hverfi hratt frá ríkari þjóðum til þeirra fátækari. „Við þurfum að þroska gildismat fyrirtækja til þess að skapa jafnvægi milli neytenda, fjármálakerfis og hagnaðar fyrirtækja. Fyrirtæki sem hugsar eingöngu um að hámarka hagnað sinn, án þess að taka tillit til annarra þátta hugsar ekki langt. Það er mikilvægt fyrir OECD að beita sér fyrir því að fyrirtæki standi sig vel og sýni ábyrgð og að tryggja stöðugleika á mörkuðum heimsins.“

Veröldin breytist hratt og einstaka þjóðir hafa færst hratt frá fátækt til bjargálna. Takeuchi segir góða möguleika fyrir lönd heimsins að ná meiri lífsgæðum. „Tækninni og þekkingunni fleygir fram. Það er góður möguleiki á því ef menn vinna saman að við náum að sigrast á mörgum vandamálum og hættum sem að okkur steðja. Í Japan hafa stærstu tækni- og þekkingarfyrirtækin unnið saman að lausn stærri vandamála. Samkeppnin við Kóreu og fleiri hefur ýtt slíku samstarfi úr vör. Ég held að við eigum eftir að sjá meiri samvinnu milli fyrirtækja til að takast á við stærri mál og nýta þannig betur þá þekkingu sem býr í hverju þeirra fyrir sig. OECD á að ýta undir heilbrigða samkeppni og um leið hvetja til þess að þekking og fjárfesting nýtist sem best fyrir hagsæld heimsins.“ ■



LEIÐTOGA AKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR

Fyrir alla stjórnendur sem vilja rækta með sér leiðtogahæfileika, efla færni í ákvarðanatöku og leiða starfsfólk til framúrskarandi árangurs.

“Góður árangur er háður réttum ákvörðunum og er ein áhrifamesta aðgerð leiðtogans. Ákvarðanatöku byggir ekki eingöngu á tækni, aðferðum og hugmyndum, heldur samblandi af skilningi, reynslu og yfirsýn.”

Leiðbeinendur:

Lilja D. Halldórsdóttir
Þórhallur Gunnarsson
Guðrún Högnadóttir
Aðalsteinn Leifsson
Andri Haraldsson
Þróstur O. Sigurjónsson



Námslína

	Dags.	Tími
Ákvarðanatöku til árangurs	6. okt.	kl. 9.00 - 15.00
Forysta til framfara	21. okt.	kl. 9.00 - 13.00
Líðsheildin - TMS (Team Man. Systems)	4. nóv.	kl. 9.00 - 13.00
Að laða fram það besta í öðrum	24. og 25. nóv.	kl. 9.00 - 13.00
Forysta og skilvirk samskipti	15. og 16. des.	kl. 9.00 - 13.00
Persónuleg færni	12. og 13. jan.	kl. 9.00 - 13.00

Skráning er hafin!

Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans. Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

Nánari upplýsingar veitir:

Nanna Ósk Jónsdóttir
Verkefnastjóri
Sími: 599 6424
GSM: 825 6424

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is



STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Stefnumót við Microsoft

Hver einasti tölvunotandi í heiminum notar einhvern hugbúnað frá Microsoft. Fyrirtækið náði yfirburðastöðu með því að hleypa sem flestum notendum að hugbúnaði sínum í upphafi tölvubyltingarinnar.

Það varð svo til þess að starfsmenn fyrirtækja þekktu hugbúnaðinn vel þegar fyrirtækin huguðu að kaupum á hugbúnaði. Microsoft hefur yfirburði þegar kemur að hugbúnaði smærri fyrirtækja, en oftar en ekki leynast í hugbúnaðinum ónýtt tækifæri sem nýtast fyrirtækjunum, en

menn kunna ekki á.

Microsoft heldur því árlega fundi víða um heim undir yfirskriftinni „Hittu Microsoft,“ þar sem notendum gefst tækifæri til þess að læra nýja hluti um forritin og spyrja spurninga.

Slík ráðstefna verður haldin á vegum Microsoft á Íslandi á þriðjudag og miðvikudag. Þessar ráðstefnur hafa notið mikils áhuga og í fyrra varð allt yfirfullt. Fyrri daginn verður lögð áhersla á þarfir smærri fyrirtækja, en þann seinni verður sjónum beint að þeim stærri. ■



Talstöðin
FM 90.9

MARKAÐURINN

HR-V

HONDA

The Power of Dreams

Hagkvæmasti borgarjeppinn nú á enn lægra verði



* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

→ HR-V Sport með sóllúgu og 16" álfelgum á sérstöku tilboði aðeins

2.149.000 kr.

22.441 kr. á mánuði*

HRV & SUV / SIA



Sá knái í vetrarumferðinni

Taktu mið af veðráttunni, gefðu vetrinum langt nef og njóttu hans eins og hann er. Honda HR-V með nett ytra rými og líflega hönnun á eftir að kynda undir góða skapið í vetur. Frísk og sparneytin vélin og innanrými sem má aðlaga fyrir allar aðstæður, hvort sem leiðin liggur um hálar götur eða vegi og fjórhjóladrifið tryggir örugga rásfestu. Nú er enn ódýrara að gera lífið svolítið sportlegra um leið og öryggið ræður í vetrarrikinu.

honda.is



BERNHARD ehf. Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100
www.bernhard.is

HARRIET NELSON (1909-1994)
lést þennan dag.



„Fyrirgefðu öllum sem hafa móðgað þig,
ekki þeirra vegna, heldur þín vegna.“

- Harriet Nelson varð frægust fyrir leik sinn sem mamman í
bandarísku sjónvarpsþáttinum um Ozzie og Harriet.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 2. OKTÓBER 1967

Blökkumaður í Hæstarétti Bandaríkjanna

Á þessum degi árið 1967 var fyrsti blökkumaðurinn svarinn í embætti hæstaréttardómara í Bandaríkjunum. Þetta var Thurgood Marshall sem barðist hart fyrir réttindum blökkumanna alla sína tíð. Marshall fæddist í Baltimore árið 1908 og var barnabarn þræls. Hann nam lög við í háskóla í Washington sem eingöngu var ætlaður blökkumönnum þar sem honum var neitað um inngöngu í lagadeild háskólans í Maryland vegna húðlitar síns. Hann útskrifaðist efstur í sínum bekk árið 1933.

Hann tók að sér mál er vörðuðu jafnrétti blökkumanna sér í lagi þau sem snéru að menntun og vann þau nær öll.

Árið 1961 tilnefndi John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, Marshall sem dómara í áfrýjunardómstólum. Margir voru þessu andsnúnir og einkum þingmenn frá Suðurríkjunum. Tilnefningin var því ekki staðfest fyrr en ári síðar. Árið 1967 tilnefndi Lyndon Johnson forseti Marshall í embætti hæstaréttardómara. Johnson sagði við þetta tilefni: „Þetta er hið eina rétta að gera, þetta er rétti tíminn, rétti maðurinn og rétti staðurinn.“ Eftir töluvert málþóf var Marshall samþykktur í embættið og 2. október sór hann embættiseið. Hann gegndi stöðu hæstaréttardómara í 24 ár, en lét af störfum árið 1991 vegna hrakandi heilsu. Hann lést tveimur árum síðar.



THURGOOD MARSHALL

MERKISATBURÐIR

- 1801 Biskupsstóll á Hólum er lagður niður og landið allt gert að einu biskupsdæmi.
- 1836 Charles Darwin snýr aftur til Englands eftir fimm ára ferðalag með HMS Beagle.
- 1847 Prestaskólinn tekur til starfa.
- 1937 Fyrsta mynd Ronalds Reagan, Love is in the air, er frumsýnd.
- 1940 Skómmtun á áfengi er tekinn upp og stendur í fimm ár.
- 1964 Tækniskóli Íslands er settur í fyrsta sinn.
- 1995 O. J. Simson er sýknaður af ákæru um að hafa banað konu sinni.



Friðrik Th. Ingþórsson

Blásölum 24, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 16. september sl.
Útförin hefur farið fram.

Lára Vilhelmsdóttir

Hallbera Friðriksdóttir Ágúst Þórhalls

Ingþór Friðriksson Margrét Tryggvadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Kristinssonar

málarameistara, Hringbraut 9, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færur við Hjúkrunarþjónustunni Karitas. Guð blessi ykkur öll.

Anna Dagmar Daniëlsdóttir

María K. Sigurðardóttir

Dagný B. Sigurðardóttir

Kolbrún J. Sigurðardóttir

Albert J. Sigurðsson

Daníel Sigurðsson

Hafðís Sigurðardóttir

Hjördís A. Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Kristinn G. Garðarsson

Guðmundur Þórarinnsson

Elías Rúnar Eliasson

Ethel Sigurvinsdóttir

Pálmi Helgason

Vilhelm P. Pétursson



Við þökkum innilega öllum þeim sem heidruðu minningu sonar míns, bróður okkar og mágs,

Steingrims Kristjánssonar

Laugavegi 143, Reykjavík.

Sérstakar þakkir eru færðar þeim trúfélögum sem hann stundaði samkomur hjá, svo og vinum hans í Sjálfsbjörg, Rauða Krossi Íslands, Geðhjálp og Félagsstarfi Vitatorgi, einnig öllum sem veittu honum athvarf og umhyggju á lífsgöngu hans.

Guð blessi ykkur öll.

Guðbjörg Jóhannsdóttir

Guðrún Kristjánsdóttir

Laufey Kristjánsdóttir

Linda Rós Kristjánsdóttir

Jóhann Kristjánsson

Arnrun Kristinsdóttir

Finnbogi E. Kristinsson

Hjörtur Kristinsson

Anna Kristinsdóttir

Árni Kristinsson

og fjölskyldur.

Gylfi Knudsen

Sverrir Þórólfsson

Sigurður Gunnarsson

Kristín Egilsdóttir

Einar Þorvarðarson

Sólveig Birgisdóttir

Dagný Emma Magnúsdóttir

Gunnar Örn Harðarson

Ingibjörg Jónsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafadir og afi,

Jón Earnest Hensley

Pverholti 1, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsínu á Akureyri fimmtudaginn 29. september.

Útförin verður auglýst síðar.

María Hensley

Helga Jónsdóttir

Erla Björk Jónsdóttir

Jón Þorri Jónsson

Doróthea Jónsdóttir

Hjördís Jónsdóttir.

★ SÓLSTEINAR

★ Gæði

★ Góð þjónusta

★ Gott verð

★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566

www.solsteinar.is

200 Kópavogur • solsteinar.is



EGGERT PÉTURSSON LISTMÁLARI TÓK VIÐ ÖÐRUM VERÐLAUNUM CARNEGIE ART AWARD

Drottningin var alþýðleg

Sonja Noregsdrottning afhenti í vikunni Eggerti Péturssyni listmálara önnur verðlaun Carnegie Art Award sem eru ein þau stærstu í heiminum. „Þetta var heilmikil athöfn og mjög hátíðleg,“ upplýsir Eggert en afhendingin var í listamiðstöð í útjaðri Ósló.

Sissel Kirkebo söng ásamt kór og fjölmargar ræður voru haldnar þegar drottningin steig í salinn. „Þetta var mjög skemmtilegt og hún var ósköp alþýðleg,“ segir Eggert um kynni sín af drottningunni. „Síðan gekk hún um sýninguna og skoðaði verkin hjá hverjum og einum og rappaði við listamennina,“ segir Eggert sem sjálfur átti stutt spjall við drottninguna.



FJÖRUBLÓM Önnur mynda Eggerts á sýningunni er af fjörublómum. „Þetta er minning frá bernsku þegar ég sá fjöruna við Stokkseyri um fimm ára aldur,“ segir Eggert.

Síðustu fimmtán ár hefur Eggert málað olíumálverk þar sem hann sækir innblástur í íslenskar plöntur en hann hefur haft áhuga á þeim frá unga aldri. „Sem krakki fór ég á sumrin í sumarbústað með foreldrum mínum og fór að spyrja því þetta vakti athygli mína,“ segir Eggert sem kom ekki að tómun kofanum hjá móður sinni sem fræddi hann um hin ýmsu plöntunöfn. „Svo eignaðist ég Flóru Íslands sem afi minn gaf mér þegar ég var sex ára, nýbúinn að læra að lesa,“ upplýsir Eggert.

Tvö verka Eggerts eru á sýningunni sem fara mun um öll Norðurlöndin og að auki til London og Nice í Frakklandi. Önnur myndin er stór og hvít mynd af fjörublómu. „Það er minning frá bernsku þegar ég sá fjöruna við Stokkseyri um fimm ára aldur,“ segir Eggert.



LISTAMAÐUR Eggert hlustar á japanska tilraunátónlist meðan hann vinnur.

fékk peningaupphæð að andvirði 600 þúsund sænskar krónur í verðlaun. Hann segir líklegt að hún verði notuð til að greiða niður skuldir og koma sér betur fyrir. „Við keyptum okkur hús fyrir ári og ég á loksins almennilega vinnustofu,“ segir Eggert sem finnur fyrir aukinni athygli á verkum sínum eftir að tilkynnt var um að hann fengi þessi verðlaun.

Eggert getur sameinað annað áhugamál vinnu sinni því hann hlustar á tónlist allan daginn meðan hann vinnur. „Ég hlusta mikið á japanska tilraunátónlist, klassíska tónlist, rokkátónlist og hvað sem er,“ segir Eggert sem setur yfirleitt langt verk á fóninn ef hann er að vinna vandasamt verk svo hann þurfi ekki að skipta um disk í miðjum klíðum. ■

ANDLÁT

Ástþór Guðmundsson lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fimmtudaginn 22. september.

Halldóra Elíasdóttir Bólstaðarhlíð 34, Reykjavík, andaðist föstudaginn 30. september.

Kristjana Steingrimsdóttir Dalbraut 14, Reykjavík, lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi 29. september.

Jón Earnest Hensley Pverholti 1, Akureyri lést á Fjórðungssjúkrahúsínu á Akureyri 29. september.

Karvel Ögmundsson Bjargi, Ytri-Njarðvík, andaðist föstudaginn 30. september.

AFMÆLI

Sigurður Sigurðarson dýralæknir er 66 ára



Pálmi Gestsson leikari er 48 ára



Árni M. Mathiesen fjármálaráðgjafi er 47 ára



Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi er 42 ára



Birgir Baldursson tónlistarmaður er 42 ára



Björn Hermannsson er fimmtugur í dag.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Ótrúlegt úrval

af sófasettum á vaxtalausú tilboði

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa
Óseyri 1 Akureyri



Leðurhornsófi 2+h+2 3130



Leðursófasett 3+1+1 3057

Vaxtalausú tilboð
aðeins
9.990 kr
á mán. í 15 mánuði
Verð 149.850,-



Leðursófasett 3+1+1 Danny



Leðursófasett 3+1+1 Nice



Bycast sófi 3ja sæta Lyon

Vaxtalausú tilboð
aðeins
4.999 kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 49.990,-



Leðurhornsófi 2+h+2



Ítalskt leðursófasett 3+1+1



Leðursófasett 3+1+1 G2041



Leðursófasett 3+1+1 Flórens



Leðursófasett 3+1+1 M6217



Leðursófasett 3+1+1 M3208



Sófasett 3+1+1 Chesterfield



Leðursófasett 3+1+1 G1982



Leðursófasett 3+1+1 3002

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Danska arfleifðin og samleiðin með Færeyingum

Færeyingar eru að semja sér stjórnarskrá. Er þeir hófu það starf tóku þeir ákvörðun um að byrja svo að segja með hreint borð, sem þýðir í reynd: Þeir vildu ekki láta danskar stjórnskipunarréttarhefðir setja starfinu skorður. Varaformaður færeysku stjórnarskrárnefndarinnar, Kári á Rógvi, orðaði þetta viðhorf nefndarmanna í erindi sem hann hélt um efnið við Háskólann á Akureyri í vor með enska orðatiltækinu „anything goes“ – allt er leyfilegt. Eins og sjá má af þeim drögum sem nú liggja fyrir að færeyski stjórnarskrá (sjá: <http://www.grund->



log.fo/uploads/Fyrra%20flagdagsalit.pdf) hefur þessi nálgun að verkefni skilað athyglisverðum afrakstri. Þessi afrakstur færeysku stjórnarskrármiðinnar vekur menn til umhugsunar um þá staðreynd að íslenska stjórnarskráin er að grunni til erfðagóss frá þeirri tíð er Ísland var hluti af danska konungsríkinu, rétt eins og Færeyjar eru ennþá. Það má jafnvel ganga svo langt að segja að það eina sem er íslenskt við stjórnarskrána eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni síðan árið 1920, en þær breytingar takmarkast við aðra kafla en þá sem varða sjálfan grundvöll stjórnskipunarinnar.

Sjálfsvaldar skorður

Bjarni Benediktsson, nýr varaformaður íslensku stjórnarskrárnefndarinnar, telur brýnast að breyta fyrstu tveimur köflum stjórnarskrárinnar, sem varla hefur nokkuð verið breytt frá upphafi, það er frá því við þáðum stjórnarskrána að gjöf frá Dönum og skiptum síðan við lýðveldisstofnun ákvæðum hennar um konunginn út fyrir ákvæði um forsetann. Þetta „danska erfðagóss“ setur stjórnarskrárnefndarstarfi Íslendinga skorður. En það er sjálfsvaldið. Bjarni tekur fram í viðtali hér á síðunni að mikilvægt sé að breytingar á stjórnarskránni séu ekki of órar. Danska erfðagóssið mun því væntanlega um allanga hríð enn setja mark sitt á íslenska stjórnarskrárhéð.

-aa



STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

XIV. HLUTI

Stjórnarskrá Færeyja

Úr drögum að stjórnarskrá fyrir Færeyjar (á frummálinu):

„Stjórnarskipan Føroya Formæli

Vit, fólkíð í Føroyum, samtykja hesa stjórnarskipan okkara. Hon er grundarlag undir stýri okkara og tann fyriskipan, ið skal tryggja frælsi, trygd og trivnað okkara. Vit bygdum hetta landið í fornarí tíð og skipaðu okkum við tingi, lógum og rættindum.

Vit hava hildið ting til henda dag og skipað okkum eftir fólkisins tövi um landið alt.

Føroyar hava í sáttmála víðurkent felagsskap við onnur lond. Ongin sáttmáli kann tó slækja sjálvræði landsins. Landsins egnu lógir og avgerðir eru bert tær, sum framdar eru á rættan hátt í landinum sjálvum eftir fólkisins vilja.

Føroyar verða skipaðar eftir nútíðar tövi á síðaarv okkara við valdsbýti, lógræði og rættindum.“

Færeyska stjórnarskráin:

Meginmarkmið

Samkvæmt samantekt Kára á Rógvi og ritara færeysku stjórnarskrárnefndarinnar, Bárðar Larsen, eru meginmarkmiðin með samningu stjórnarskrárinnar þessi (á frummálinu):

a) At endurskapa okkum sum samfelag við at taka samanum, útdýpa og menna elligomlu virði okkara.

b) At skapa eina tjóðskaparliga semju um at lýsa av nýggjum stovnar landsins. Skipan og stovnar verða við hesum endurnýggjað í styrki og undirtøku, tá fólkíð eftir til-mæli frá umboðum sínum samtykkir nýorðaðu skipanina.

c) At skapa eina tjóðskaparliga semju um at lýsa av nýggjum landsins stöðu í samveldi við onnur lond.

d) At laga eina stýrisskipan, har völdini verða stovnað ella staðfest og skipað mótvegis hvørjum øðrum.

e) At staðfesta tey rættindi, fólkíð longu hevur og menna tey víðari og útdýpa tey.“ ■



Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrárisíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER:
stjornarskra@frettabladid.is

Þjóðaratkvæðagreiðslur koma vel til greina

Bjarni Benediktsson hefur tekið sæti Geirs H. Haarde í stjórnarskrárnefnd. Hann telur mesta þörf á breytingum á þeim köflum stjórnarskrárinnar sem lúta að stjórnskipan ríkisins.

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, gengur fullur tilhlökkunar til nefndarstarfsins og er ánægður með að fá að taka þátt í því. Hann þarf hins vegar að vinna upp þann tíma sem þegar hefur farið til starfsins. „Ég þarf að átta mig á hvað þegar hefur verið gert, kalla eftir gögnum og svo framvegis. Upplýsingar og sjónarmið eiga eflaust eftir að hafa áhrif á skoðanir mínar og bæði styrkja mig í þeirri trú sem ég hef á ákveðnum atriðum og eins fá mig til að hugsa aðra hluti upp á nýtt.“

Bjarni þekkir stjórnarskrána mæta vel, hann er lærður lögræðingur, hefur verið formaður allsherjarnefndar Alþingis og setið í sérnefnd um stjórnarskrármál. Hann telur fyrst og fremst nauðsynlegt að breyta fyrstu tveimur köflum stjórnarskrárinnar – köflunum sem lúta að stjórnskipan ríkisins. „Ég tel að þá þurfi að færa til nútímalegra horfs enda hafa þeir aldrei verið endurskoðaðir. Þar koma helst til álita atriði sem talin eru vera gildandi stjórnskipunar-

réttur en ekki er fjallað um í stjórnarskránni,“ segir hann og nefnir sem dæmi hlutverk forseta við stjórnarmyndanir. „Þá er mjög takmarkað fjallað um þingræðisregluna og í raun er bara gefið til kynna að hún sé til staðar.“

Umdeildasta grein stjórnarskrárinnar er líkast til sú 26. þar sem fjallað er um synjunarvald forseta á samþykktum lögum. Bjarni telur nauðsynlegt að breyta henni. „Það er algjörlega óviðunandi að það ríki jafn mikil óvissa og ég tel vera um túlkun þessarar greinar og get vel séð fyrir mér að hún verði leyst af hólmi með reglum um þjóðaratkvæðagreiðslu í ákveðnum tilvikum.“ Hann segist geta hugsað sér að tiltekinn fjöldi kosningabærra manna geti farið fram á að mál sem þingið hefur afgreitt séu borin undir þjóðaratkvæði og til álita komi að setja skilyrði um lágmarksþátttöku í slíkri atkvæðagreiðslu. „Ég tel að þessu verði að skapa tiltölulega þröng skilyrði því þingið er jú einu sinni þjóðkjörið og alla jafna hefur það verið gert með þátttöku mikils



BJARNI BENEDIKTSSON Segir algjörlega óviðunandi að óvissa ríki um túlkun 26. greinar stjórnarskrárinnar – greinarinnar sem kveður á um synjunarvald forseta á samþykktum lögum Alþingis.

meirihluta þjóðarinnar.“

Í stjórnarskrárnefnd sitja fulltrúar allra flokka sem sæti eiga á Alþingi og er kunnara en frá þurfi að segja að ekki ríkir alltaf samstaða um mál meðal svo ólíks fólks. Bjarni gerir sér ekki grein fyrir hvort líklegt sé að eining verði um öll mál. „Það eru eflaust ólík sjónarmið um mörg atriði en hvaða áhrif það hefur á endanlega niðurstöðu er ekki gott að segja. Nefndin þarf að fá tíma til

að vinna úr þessu verkefni en ég segi fyrir mína parta að ég er ekki óhagganlegur í öllu því sem ég hef um stjórnarskrána að segja og fer inn í nefndina til að vona að starfið gagnist til að upplýsa og fræða. Lagt er upp með að skapa umræðuvettvang um fjölmörg atriði og menn koma til með að verða margs vísari. Það gagnast svo vonandi til þess að hugsanlega fái menn sameiginlega sýn á atriði sem þeir voru ekki sammála um í upphafi.“

Eins og áður sagði leggur Bjarni helsta áherslu á endurskoðun fyrsta og annars kafla stjórnarskrárinnar og segir ekki mikla þörf á að taka upp mannréttindakaflann þar sem hann sé tiltölulega nýlega endurskoðaður. Hann telur jafnframt mikilvægt að breytingar á stjórnarskránni séu ekki of órar. „Það á ekki að breyta stjórnarskrá ótt og títt. Dómstólanir verða að fá tíma til að móta framkvæmd á grundvelli nýjustu reglna og ég held að sá tími sé alls ekki liðinn hvað varðar mannréttindakaflann.“

bjorn@frettabladid.is

Samleið Íslendinga og Færeyinga

Kári á Rógvi er varaformaður stjórnarskrárnefndar Færeyja sem vinnur að samningu færeyskrar stjórnarskrár. Hann saknar samráðs við Íslendinga um stjórnarskrármál, en hann telur frændþjóðirnar eiga margt sameiginlegt í þeim efnum.

Svo vill til, að á sama tíma og Íslendingar eru að vinna að endurskoðun sinnar stjórnarskrár eru Færeyingar að semja sér stjórnarskrá og Grænlandingar að endurskoða sitt ígildi stjórnarskrár, heimastjórnarlögin.

Kári á Rógvi er varaformaður færeysku stjórnarskrárnefndarinnar, sem undanfarin tvö ár hefur unnið að samningu stjórnarskrár fyrir Færeyjar. Kári er í doktorsnámi í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, en lögræðimenntun sína hefur hann áður sótt til Kaupmannahafnar og Aberdeen í Skotlandi. Hann flutti í vikunni erindi við Háskólann á Akureyri um drögin sem fyrir liggja að færeyski stjórnarskrá.

Í samtali við Fréttablaðið segist Kári sakna þess að grannþjóðirnar hafi með sér meira samráð um stjórnarskrármál. „Við deilum allir sömu dönsku hugtakaarfleifðinni í stjórnlagarétti,“ bendir Kári á. Það



FRÁ ÞÓRSHÖFN Stjórnarráðsbyggingar Færeyja á Þinganesi í Þórshöfn.

gæti því að hans mati gagnast öllum – Íslendingum, Færeyingum og Grænlandingum – að koma sér upp fastmótaðra samráði á þessu sviði. „Ef til vill eru Íslendingar að gleyma því að Ísland var, þar til fyrir tiltöluligum árum, í n á n u m tengslum við annað land,“ segir hann sem tilgátu um orsakirnar fyrir því að Íslendingar hafi sýnt



KÁRI Á RÓGVI Varaformaður stjórnarskrárnefndar Færeyja.

því sem verið er að hugsa um stjórnarskrármál hjá næstu nágrennum okkar eins lítinn áhuga og raun ber vitni. Kári bendir á að færeyska stjórnarskrárnefndin hafi lagt sig eftir því að kynast því hvað Íslendingar væru að hugsa um þessi mál en sér virtist áhuginn ekki vera eins mikill á hinn veginn. Að vísu hafi íslenzkir fræðimenn, svo sem Eiríkur Tómasson og Sigurður Línal, mætt á ráðstefnu sem færeyska stjórnarskrárnefndin hélt er

hún hóf sitt starf árið 2003, en enginn fulltrúi í sjálfri stjórnarskrárnefndinni hefði gert það.

Að mati Kára eru viðfangsefni þó svo áþekkt að samráð ætti að vera öllum í hag. Til dæmis séu stjórnlagaleg vandamál varðandi milliríkjatengsl ekki aðeins eitt-hvað sem Færeyingar séu að kljást við vegna sambandsins við Danmörku, heldur valdi alþjóðavæðing nútímans, EES-samstarfið, aðild að Mannréttindadómstól Evrópu og fleira því að Íslendingar komist ekki hjá því að finna einnig lausnir á slíkum vandamálum til að þeirra stjórnarskrá standist kröfur tímans.

Kári segir vinnu færeysku stjórnarskrárnefndarinnar hafa gengið mjög vel. Nær einstök pólitísk samstaða ríki þvert á alla flokka um starf hennar, en eins og kunnugt er greinir Færeyinga til dæmis mjög á um hvernig sambandinu við Danmörku skuli háttad. Allir séu sammála um að í þessu sögulega plaggi sé fest á blað það sem allir geti verið sammála um varðandi stjórnskipun eyjanna, svo sem að þær séu land og Færeyingar þjóð í þjóðréttarlegum skilningi. Að sögn Kára er stefnt að því að

leggja stjórnarskrárdrögin fyrir Löggjafið í lok næsta árs, en svo vill til að á sama tíma er stefnt að því að íslenska stjórnarskrárnefndin leggi fram sitt frumvarp að breytingum á stjórnarskránni. Kári segir færeysku nefndina munu standa fyrir annarri opinni ráðstefnu um stjórnarskrána á komandi ári og vonast til að Íslendingar láti sjá sig þar.

Í þeim drögum sem þegar liggja fyrir að hinu nýju stjórnarskrá Færeyja er kveðið á um að eyjarnar geti verið í ríkjasambandi við annað eða önnur lönd. „Þetta er hins vegar almennt orðað, ekki bundið við Danmörku,“ bendir Kári á. Með því að orða þetta svona geti bæði sjálfstæðis- og sambandsmenn stutt stjórnarskrána. „Fræðilega gætum við samkvæmt þessu valið að ganga í ríkjasamband við Ísland,“ bætir Kári við.

Til að færeyska stjórnarskráin gangi í gildi þarf hún að hljóta samþykki Löggjafingsins tvisvar (með kosningum á milli, rétt eins og gildir um breytingar á íslensku stjórnarskránni) og auk þess er stefnt að því að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hana.

audunn@frettabladid.is

ASPEN

SKÍÐAPARADÍS

FJÓRTÁN 10 DAGA FERÐIR NÆSTA VETUR

**NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ
DOLLARINN Í SÖGULEGU LÁGMARKI!**



Í öllum ferðunum er boðið uppá svítuhóтелиð Aspen Meadows

ASPEN  **SNOWMASS**
PREFERRED TRAVEL PARTNER

Bókanir og nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

 **GB FERÐIR** **ICELANDAIR** 




ÁHRIFAVALDAR BRAGI SKÚLASON

Tarzan er toppmaður

Áhrifavaldur Braga Skúlason- ar og féлага hans í Baggalúti er enginn annar en Tarzan, konungur apanna. „Hann er mjög mikið tengdur okkur. Tarzan er sá maður sem hefur kennt okkur að með réttu mataræði, holtri og góðri hreyfingu, hyggjuviti og þolinmæði, þá er hægt að gera stórkostlega hluti þótt maður sé að striplast um í frumskóginum,“ segir Bragi, sem kallaði Tarzan „Törzuna“ þegar hann var lítill. „Ég las allar bækurnar með honum og eitthvað af teiknimyndasögnum. Þær voru nú ekki eins vandaðar og gáfu ekki eins mikla innsýn inn í hans sálarlíf. Tarzan var náttúrulega lávarður og hafði það fram yfir apana, en þetta er toppmaður og í honum endurspeglast hugtakið heilbrigð sál í hraustum líkama.“

Þegar Bragi er beðinn um að nefna tónlistarmann sem hafi haft áhrif á hann í gegnum tíðina er hann fljótur að nefna kántrí-söngkonuna Dolly Parton. „Hún er framúrskarandi listamaður og svo er hún með mjög flott brjóst líka.“



BRAGI SKÚLASON Bragi nefnir Tarzan og Dolly Parton sem áhrifavalda í sínu lífi.



TARZAN Konungur apanna, Tarzan, hefur haft mikil áhrif á Braga Skúlason og féлага hans í Baggalúti.

Í kvöld
28. sept – 2. okt 2005
jazz HATÍÐ
Reykjavík Jazz Festival



kl. 17 - „Helgisöngvar Ellingtons“
Langholtskórinn ásamt Stórsveit Reykjavíkur og Kristjönu Stefánsdóttur undir stjórn Ole Kock Hansens og leika helgisöngva Duke Ellingtons.
Langholtskirkja 2.500



kl. 20:30 - „Lokatónleikar 2005 - Oktett Ragnheiðar Gröndal“
Haukur Gröndal klarinett/sax, Jóel Pálsson sax, Sigurður Flosason sax Ólafur Jónsson sax, Ásgeir J. Ásgeirsson gítar, Graig Earle bassa og Erik Qvick trommur með glænýtt prógram
Kaffi Reykjavík 1.500

Námsmenn, elliflyrisþegar og öryrkjar 20% afsláttur Forsala í verslunum Skifunnar og á midl.is.

www.ReykjavikJazz.com



GÖTURNAR Í LÍFI HÖNNU BIRNU KRISTJÁNSDÓTTUR BORGARFULLTRÚA OG STJÓRN MÁLAFRÆÐINGS

Hafnarfjörður, Álftanes, Edinborg og Reykjavík

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi sleit barnsskónum hamingjusöm í Hafnarfirði en átti sér alltaf fjarlægum draum um að búa í höfuðstaðnum. Það einkennir búsetu hennar að hún eltir ekki einstaka borgarhverfi heldur leitir að fögrum götum með óviðjafnanlegu útsýni.

Ölduslóð 22 í Hafnarfirði (1966 til 1973)

Ég er fædd og uppalin í Hafnarfirði og allar mínar fyrstu æskuminningar tengjast Ölduslóð 22 þar sem fjölskyldan bjó í lítilli kjallaraíbúð og ég hóf skólagöngu í Öldutúnskóla. Ölduslóðin er í suðurhluta Hafnarfjarðar sem var afar spennandi svæði fyrir krakka og mikið leikið sér úti, enda stutt í Hellisgerði, Hamarinn og lækinn sem höfðu mikið aðdráttarafl.

Miðvangur og Breiðvangur í Hafnarfirði (1973 til 1986)

Fjölskyldan flutti í Norðurbæinn þegar ég var sjö ára og þar bjó ég fram yfir unglingsár, fyrst við Miðvang og síðar Breiðvang. Reyndar byggðu foreldrar mínir hús í Suðurvammí í millitíðinni, en þar bjuggum við ekki lengi sem réðst án efa talsvert af því að við systkinin vorum ekkert sérlega sáttt við að fara úr Norðurbænum. Þangað var því aftur farið, enda frábært að búa í Norðurbænum á þessum tíma. Hverfið var að byggjast upp og við fylgduðumst með því verða til, fullt af nýbyggingum og fjölskyldum með börn á öllum aldri. Þarna kynntist ég þeim vinum sem fylgt hafa mér í gegnum lífið því þarna var ég alla mína skólatíð, vann í kaupfélaginu á sumrin og á ekkert nema góðar minningar frá þessum stað.

Hvassaberg í Hafnarfirði (1986 til 1989)

Þegar við systkinin náguðumst fullorönsár og hættum að skipta okkur svona af búsetuákvörðunum foreldra okkar ákváðu þau að byggja aftur og nú við Hvassaberg í Hafnarfirði. Á þeim tíma var ég að hefja nám í Háskóla Íslands en einnig að kynnaðst mannsnefni mínu. Minnisstæðasta stundin úr þessu húsi var þegar ég kynnti tilvonandi eiginmann minn fyrir foreldrum mínum sem buðu honum til kvöldverðar í tilefni 22 ára afmælis dags míns. Það gekk svo ljómandi vel að þau, líkt og ég, hafa varla séð sólina fyrir honum síðan.

Blátún á Álftanesi (1989 til 1993)

Nokkrum mánuðum eftir að við fellðum hugi saman flutti ég með kærastanum í kjallaraíbúð húss foreldra hans á Álftanesi. Til að byrja með var ég nokkuð hugsi yfir að flytja þangað, fannst ég vera á leiðinni út í sveit, en þegar til kastanna kom fannst mér mjög gott að búa þar. Mér fannst líka frábært að búa í svo mikilli nálægð við tengdaforeldrana, sem voru auðvitað bestu grannar sem hægt var að hugsa sér. Þarna fór tíminn að mestu í lærdóm og það að kynnaðst mannum mínum, auk þess að venjast því verkfæri að halda heimili og standa skil á öllu sem því tengist.

Great Farm Road í Edinborg, Skotlandi (1993 til 1994)

Þegar háskólanámi lauk ákváðum við að flytja til útlanda og hófum meistaranám við Edinborgarháskóla. Í stað þess að búa á stúdentagördum, langaði okkur frekar að fá tækifæri til að kynnaðst Skotum með því að búa ekki á háskólasvæðinu. Fundum litla íbúð í húsi við Great Farm Road, sem stendur í útjaðri borgarinnar á afar fögrum stað. Í minningunni er gatan endalaust löng þar sem hún var oft hlaupin á morgnana og kvöldin til að taka strætó, en garðarnir og útsýnið var svo stórkostlegt að maður tók varla eftir því. Húsráðendur tóku okkur einstaklega vel, okkur varð vel til vana og höldum enn sambandi, auk þess sem við urðum hluti af góðu samfélagi þeirra sem bjuggu við þessa götu. Annars var þetta mikið námsmannalíf og alltof lítil tími til að njóta borgarinnar, sem er miður, því það er yndislegt að búa í Edinborg.

Baldursgata í Reykjavík (1994 til 1996)

Þegar heim kom úr námi og alvara atvinnulífsins tók við fannst okkur tímabært að fara í húsnæðisleit á almennum markaði. Við gengum þó ekki lengra en að leigja íbúð af systur mannsins míns við Baldursgötu, en það var í fyrsta sinn sem ég bjó í Reykjavík. Ég hafði átt mér draum

lengi um að búa í miðborginni og fannst sjarmerandi tilhugsunin um miðbæinn handan við hornið.

Ægisíða 96 í Reykjavík (1996 til 2000)

Fyrsta fasteignin sem við fjárfestum í var risibúð við Ægisíðu og þar var alveg frábært að búa. Gatan er einstaklega falleg, útsýnið engu líkt og ég held ég hafi aldrei búið við eins lifandi götu þar sem maður gat setið úti á svölum og framhjá var stöðug umferð af gangandi fólki. Það var tilviljun að íbúðin var á sölu þegar við byrjuðum að leita, en ég hafði oft komið í þessa íbúð þar sem góð vinkona mín leigði hana um tíma. Dagarnir fóru í að koma sér fyrir bæði heima og á vinnumarkaði, ásamt því að búa til fjölskyldu því þarna eignuðumst við okkar fyrsta barn.

Vesturbúrinn í Reykjavík (2000 til 2003)

Eftir að fjölskyldan stækkaði keyptum við stærri hæð við Vesturbúrinn sem er mjög falleg gata, með fögru útsýni og mikilli nálægð við Laugardalinn. Stemningin í þeirri götu var notaleg því margir íbúanna höfðu búið þar áratugum saman. Þarna þurfti ég í fyrsta sinn að hugsa um garð, sem mér þótti stórmál því ég hef ekki græna fingur.

Helluland í Reykjavík (2003-?)

Þegar við fórum að leita okkur að framtíðarhúsi höfðum við þarfir fjölskyldunnar séstaklega í huga; stutt í skóla, útivist og annað innan seilingar fyrir dætur okkar sem nú eru orðnar tvær. Fundum raðhús við Helluland í Fossvogi, teiknað af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt, en hann bjó þar áður með sinni fjölskyldu. Þetta er okkar framtíðarstaður; gatan mín og gatan okkar. Samfélagið er yndislegt, nágrannarnir einstakir og hverfið fallegt, rólegt og sérstaklega fjölskylduvænt. Í þessu hverfi fundum við þannig þau lífsgæði sem við sóttum í og hér viljum við gjarnan vera sem allra lengst, en hver veit nema við endum aftur sem eldri hjón í lítilli risibúð við Ægisíðuna. ■

Vodafone Mobile Connect

Hraðinn í fjarskiptum í dag er orðinn gífurlegur og fer vaxandi með auknum nýjungum á sviði tækni og lausna fyrir fólk á fjaraldsfæti sem þarf eða kys að vera stöðugt í sambandi. Og Vodafone hefur nú kynnt til sögunnar nokkrar slíkar lausnir. Fyrsti áfanginn er Vodafone Mobile Connect sem er gagnaflutningskort og gefur notendum möguleika á því að tengjast vinnuumhverfi sínu hvar sem er, hvort sem það er um þráðlaust net, EDGE eða GPRS. Þessi þjónusta er nú fáanleg hjá fyrirtækjþjónustu OgVodafone.

Hverjum nýttist þjónustan?

Þessi þjónusta hentar fjölbreyttum starfsvettvangi eins og hjá fjármálafrýrtækjum, tækni- og hugbúnaðarfrýrtækjum, auglýsingastofum og verkfræðistofum svo eitthvað sé nefnt, en möguleikinn felst í því að vera beintengd/ur við vinnuumhverfið á auðveldan og öruggan máta. Skrifstofan verður í senn hreyfanleg þar sem hægt er að nálgast öll þau gögn og skjöl sem til þarf beint í fartölvuna hvar sem er í heiminum. Möguleikarnir eru margir og í raun í höndum hvers einstaklings eða fyrirtækis að nýta sér þjónustuna í sína þágu. Sem dæmi má nefna að Orkuveita Reykjavíkur hefur í huga að nýta þjónustuna til að efla vinnuaðferðir í stórum verkefnum með því að tengja starfshöpa og sérfræðinga í höfuðstöðvunum saman í rauntíma. Styttir það vinnslutíma og eykur afköstin við verkefni til muna.

Hvað er hægt að gera?

Öll almenn vinnslugeta eins og að senda og sækja tölvupóst, tengjast internetinu, senda SMS og MMS er möguleg. Einnig að sækja og senda skjöl með miklum hraða í öruggu kerfi. Einnig er auðveldlega hægt að fylgjast með notkuninni á þjónustunni þannig að hún verði í senn hagkvæm fyrir notendur. Í nóvember næstkomandi bætist við þjónustuna Global Hotspots sem eru þráðlaus Vodafone-netsvæði víða um heim og geta notendur kosið að tengjast þeim. Aðeins er greitt fyrir þann tíma sem notandinn nýtir sér á Global Hotspots.

Auðvelt að tengjast

Til þess að tengjast þjónustunni þarf að skella geisladisk (sem fylgir) í geisladrifið og setja nauðsynlegar upplýsingar á harða disk fartölvunnar. Gagnaflutningskortinu er svo rennt í netkortsraufina og svo er Mobile Connect-forritið ræst. Viðmótið í forritinu er sáráefnlegt með myndagluggum sem sýna þá valmöguleika sem eru í boði. Einfaldara getur það ekki verið. Gagnaflutningskortinu velur bestu tenginguna sem er í boði hverju sinni.

Hvað þarf að hafa til að geta nýtt þjónustuna?

- Fartölvu með Microsoft Windows 2000 eða Windows XP
- Geisladiskdrif
- 100MB laust rými á harða disknum og 32MB fyrir vinnsluminni
- Rauf fyrir netkort (PCMCIA)

- Microsoft Internet Explorer 5.5 eða nýrri

Tæknin bak við Mobile Connect

Vodafone á Englandi þróaði þessa þjónustu og eru flest lönd komin með hana eða eru að setja þjónustuna upp fyrir sína viðskiptavini. Mobile Connect nýtir GPRS/EDGE-tækni til að tengja notandann og er það öflugasta leiðin í dag til að miðla gögnum á netinu hér á Íslandi. Þjónustan þjappar gögnunum saman til að margfalda flutningsgetuna og einnig til að spara notendum krónurnar því notendur greiða fyrir gagnamagnið en ekki tímann. EDGE-tæknin kemst næst 3G-tækninni og hefur stundum verið

sagt að hún sé 2.5 af 3G. Og Vodafone er að byggja upp EDGE-kerfið á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði og velur Mobile Connect alltaf EDGE-tæknina ef hún er til staðar.

Er dýrt að nota þjónustuna?

Það þarf að kaupa staðalbúnaðinn sem kostar 18.000 krónur og svo er áskriftargjald með 10MB innifalin á 1.990 kr. á mánuði. Umframnotkun er 150 krónur á hvert MB á Íslandi en nánari reikniverð erlendis er að finna á heimasíðu OgVodafone. Notandi velur annaðhvort að tengjast heitum reit og greiðir þá fyrir tímann eða GPRS/EDGE-tenginguna þar sem greitt er fyrir gagnaflutning.



Notkunin er svo sett á símréikninginn.

Hvað gerist næst?

Þótt þessi þjónusta sé geysilega öflug er OgVodafone ekki hætt að

bæta við hana. Á næstunni verður kynnt til sögunnar samskiptatækni BlackBerry en ég mun skoða það sérstaklega í næstu tækniumfjöllun.

Franz Gunnarsson

★ **Barnabækur**

★ **Handbækur**

★ **Kiljur**

★ **Ritsöfn**

★ **Ættfræðibækur**

★ **Ævisögur**

★ **Skáldverk**

★ **Unglingabækur**

★ **Ljóðabækur**

★ **Listaverkabækur**

★ **Fræðibækur**

★ **Stórvirki**

OPIÐ
alla daga
kl. 11-19

LAGERSALA EDDU

Fellsmúla 28
(gamla World Class húsinu)

Komdu og gerðu frábær kaup!

Við rýmum fyrir jólabókunum
Yfir 1.300 spennandi bókatitlar
undir 1.000 kr.

3 frábærar ástæður fyrir því að koma í Fellsmúlann:

Ekki missa af ævintýrlegum tilboðum á sívinsælum bókum!

Sparaðu þúsundir króna!

199
kr.

399
kr.

599
kr.

799
kr.

999
kr.

1.
Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.

2.
Öll börn sem koma á markaðinn fá gefins Andrésblað og blöðru!

3.
Peir sem kaupa fyrir meira en 10.000 kr. fá Söguatlas að verðmæti 14.990 kr. í kaupbæti.

EINSTAKT VERÐ OG GLÆSILEG SÉRTILBOÐ!

BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!

Edda

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sannlega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhver sem hefur ekki fengið Fréttablaðið, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjórsamlega tilgangslaus.

NÚMÉRÍÐ SEM ÉG ÁTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Íslenskir dem- antar í Harrods

„Demantar eru enn bestu vinir konunnar og engin gjöf eftirsóknarverðari, ef undanskilin er ást og hlýja,“ segir skartgriphönnuðurinn **Hendrikka Waage**, sem nú leggur tískuheiminn að fótum sér með einstökum, litríkum og ægífögum skartgripum. Þóráð Lilja Gunnarsdóttir missti augun yfir milljóna-demöntum og skínandi gulli Hendrikku.

„Já, skartgripunum hefur verið tekið fagnandi og ritstjórar *Hello*, *InStyle*, *Vogue*, *Harper's Bazaar* og fleiri lífsstílmárita verið ósparir á umfjöllun og myndir af skartinu sem bæði háir og lágir hafa fengið sér í miklum mæli,“ segir Hendrikka, en vart má opna helstu tískublöð heims án þess að taka eftir nýjasta æðinu hjá stórstjörnum veraldar, nefnilega ómótstæðilegum eðalsteinum Hendrikku, umluktum silfri og gulli, og nú demantsskreyttum djásnum.

„Hugmyndin birtist mér þegar ég uppgötvaði tómarúm í skartgripabúðum. Ég hef alltaf verið glysgjörn og fundist fallegur skartgripur við látlausan fatnað segja mest og vera ákveðin yfirlýsing. Hins vegar vantaði í verslanir glámúrlega skartgripa sem virtust ekta í gegn og voru á viðráðanlegu verði, svo ég tók ákvörðun um að fylla það tómarúm sjálf,“ segir Hendrikka sem hefur meistaraþráðu í viðskiptum frá bandarískum háskóla og tefldi fram fullburða fimmtíu hluta skartgripalínu í yfir 70 verslanir á Bretlandseyjum nú í haust, meðal annars í tíu verslanir Goldsmith-keðjunnar og Selfríðes.

„Ég hef verið heilluð af viðskiptum og um leið hef ég alltaf verið mikil áhugamanneskja um listir og fegurð. Frá unga aldri hef ég safnað málverkum og nem nú listasögu við háskólann í Oxford. Ég hafði engin önnur plön en að starfa í viðskiptalífinu þegar hugmyndin fæddist, en finnst gaman að blanda listum við viðskipti og gera þau mýkri,“ segir Hendrikka sem frá upphafi hafði mikla trú á skartgripadraumnum, þótt hún

viðurkenni að sér komi á óvart hversu vel og hratt gengur.

„Ég vissi að hugmyndin var viðskiptalega skotheld og hafði fulla trú á henni enda slíkt forsenda alls framhalds. Ég byrjaði því að hanna skartgripina og teikna þá alla sjálf, og svo vel ég í þá efnin og kem til framleiðenda,“ segir Hendrikka brött eftir aðeins eins árs vinnu og mikla sigra innan tískuheimsins, en nú þegar hefur hún sett á markað mun dýrari skartgripalínu sem hún kallar Baron og er seld í verslunum Harrods og Selfridges í London.

„Hugmyndir að útliti skartgripanna koma til mín úr myndum sem greipst hafa í huga mér á ferðum mínum um heiminn og frá ýmsum skeiðum í lífi mínu,“ segir Hendrikka sem býið hefur meðal annars í Bandaríkjunum, Japan og Rússlandi.



BARON Dýrari lína Hendrikku skreytt gegnheilu gulli og eðalsteinum og seld í Harrods og Selfridges í Lundúnum.

„Baron-línan kom þannig til að ég erfði karöflu frá foreldrum mínum sem lengi hafði fylgt ættinni en var upphaflega í eigu barónsins sem Barónsstígur er kenndur við. Í handfangi karöflunnar er munstur sem hafði lengi lifað með mér og ég valdi sem hluta af hönnun Baron-línunnar. Í hana nota ég einungis 27 til 49 karata eðalsteina, demanta og



HENDRIKKA WAAGE, SKARTGRIPAHÖNNUÐUR WAAGE JEWELLERY LTD Í BRET-LANDI

gegnheilt gull og hvítgull,“ segir Hendrikka stolt af verki sínu.

„Auðvitað er ég stolt. Þetta hefur verið gífurleg vinna en þó mjög skemmtileg og vissulega óraunverulegt að vera með fullbúna skartgripina í höndunum eftir að hafa fengið hugmyndina, fullunnið hana og sjá hana svo falla vel í kramið. Ég á mér draum um að Ísland komist á kortið fyrir skartgriphönnun á stórum skala og tengi hönnunina íslenskri náttúru þótt hún hafi yfir sér alþjóðlegan blæ. Ég nota til dæmis litina í Esjunni og jökla í íslenskri náttúru, en líka japönsk áhrif og rússnesk, og er nýjasta línan mín byggð á rússneskum hughrifum,“ segir Hendrikka og á við dýrindis skartgripa sem vísa í rétttrúnaðarkrossinn og kirkjuturna Rauða torgsins í Moskvu.

„Það er misjafnt hve lengi mig tekur að hanna hvern grip en oftast er ég með þetta fullburða í kollinum og teikna upp án mikillar fyrirhafnar. Ég hef ótæmandi hugmyndir í höfðinu og er óhrædd við að framkvæma þær. Hef mikla trú á þessari viðskipta-hugmynd og úti hef ég haft vissan meðbyr. Ég mundi aldrei hanna

skartgripina eins og ég geri ef mér sjálfri líkaði þeir ekki, en hanna þó ekki eingöngu með sjálfa mig í huga, heldur margvíslegan fjöldann og er því með svo stórar skartgripalínur í boði,“ segir Hendrikka sem býr í Lundúnum ásamt fjölskyldu sinni og líkar vel.

„Maður verður að búa á markaðssvæðinu til að ná í gegn og eins að vera með stóra línu, því með einum grip fer maður ekki langt, en ég hygg á frekari landvinninga í Evrópu í framtíðinni,“ segir Hendrikka sem álitur skartgripa vera fyrir allt kvenfólk.

„Skartgripir eru bæði fallegir og kvenlegir, en íslenskar konur kjósa vanalega látlausa og lítt áberandi skartgripa miðað við konur í útlöndum. Ég kys að hafa úrval og finnst litir og glámur fallegur, en maður á umfram allt að njóta þess að vera kona og skreyta sig, jafnvel þótt það kosti aðeins meiri íburð og líti sem ögra.“

Ódýrari skartgripalína Hendrikku sem er úr silfri og sirkónsteinum ber nafnið H&W og fæst í Leonard, á Hótel Nordica og Hótel Loftleidiðum.



H&W Litríkir skartgripir sem nú eru að slá í gegn í tískuheiminum, enda glæsilegir og á verði sem flestir ráða við.



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
– reynsla til forystu!

Stuðningsmenn

sætið

Lagt af stað

Í dag, sunnudag, opna stuðningsmenn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar kosningaskrifstofu að Suðurlandsbraut 14. Um leið er sókn hans eftir áframhaldandi forystuhlutverki í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna í Reykjavík hafin.



Verið velkomin

Dagskráin hefst kl. 14.00

Ávarp Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar
Félagar úr Karlaórf Reykjavíkur taka lagið
Davíð og Stefán taka Eurovisionsyrpuna
Halla hrekkjusvín úr Latabæ kemur í heimsókn
Kaffiveitingar og barnahorn

Skynsamir auglýsendur athugið!

Stærsti neytendahópurinn les Fréttablaðið



Munurinn á lestri á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu er gríðarlegur! **Íslenska þjóðin velur einfaldlega Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal 18-49 ára fólks.** Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur

fyrir um 85% af einkaneyslu auk þess að vera líklegri til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín. Mun fleiri konur lesa Fréttablaðið heldur en Morgunblaðið og þær eru jafnframt líklegri til að taka ákvarðanir um kaup heldur en menn.

Þegar allar staðreyndir eru lagðar á borðið fæst einföld niðurstaða, það borgar sig að auglýsa í Fréttablaðinu!

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



TRÚIR ÞÚ Á DRAUGASÖGUR?

Most Haunted – mánudaga kl. 22:25



GOTT FOLK MCGANN

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ÍSLENSK SNILLD

Stelpurnar í leikstjórn Óskars Jónassonar í kvöld kl. 19:45



Börðust við fíknina

Eins og allir vita á Kate Moss við eiturfjávanda að stríða og hefur rætt um hann opinberlega. Hún er ekki sú eina sem hefur viðurkennt veikleika sinn í fjölmiðlum.

Juliette Lewis, leikkona og rokkari, hefur viðurkennt að hafa barist við eiturfjádjöfulinn fyrr á ferli sínum. Að hennar mati var þó vandamálið blásið upp í fjölmiðlum. Nýlega var hún spurð í viðtali í hvað hún eyddi peningum núna þegar hún væri hætt að taka eiturfjáf og brást hún illa við. „Eiturfjáfíkn kostar miklu meira

en peninga. Hún eyðileggur sálina mun meira en bankareikninginn,“ sagði hún reið.

Nicole Richie hafði sama djöful að draga á yngri árum og segist hafa haft aðgang að sterkum efnunum þegar hún var þrettán ára. Hún hefur þó losað sig við fíknina núna en í viðtali við Oprah játaði hún, að hafa byrjað að drekka áfengi og taka eiturfjáf þegar hún var þrettán ára. Þá hafi hún einnig hangið á börum og ekki komið heim fyrr en snemma á morgnanna. Hún barðist við fíknina í

fjögur ár og tók bæði pillur og heróín. „Ég var eins og ruslafata, ég tók allt,“ segir hún.

Árið 2002 játaði söngkonan fagra Whitney Houston að vera háð eiturfjáfjum. Í viðtali spurði Diane Sawyer: „Ertu háð áfengi? Marjúana? Kókaíni? Eða pillum? Whitney svaraði: „Ég hef verið það, já.“ Sawyer spurði þá hissa hvort hún hefði verið háð þessu öllu og Whitney svaraði játandi. „Treystu mér, ég djammaði af mér rassgatið. Svo kemur að því að partið er búið,“ sagði Whitney.



JULIETTE LEWIS Hún átti við eiturfjávanda að stríða og brást illa við þegar hún var spurð um vandann í fjölmiðlum nýlega.



NICOLE RICHIE Hún var aðeins þrettán ára þegar hún drakk, tók eiturfjáf og hékk á börum.



WHITNEY HOUSTON Hún játaði það í viðtali við Diane Sawyer að hafa verið háð áfengi, marjúana, heróíni, kókaíni og pillum; öllu þessu á sama tíma.

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 25

	1	2	3	4		2	5	6	7	8	9	10	11		
1		9		9		12		5		3		13		14	
15	16	4	1	8		1	8	17	17	18	19	3	20	11	
21		6		22	19	11		23		11		2		17	
3	4	18	8			9	4	20	1		1	8	18	17	
1		24		25	11	9	9		8		15				
9	24	17	22	11				26		3	26	2	2	5	3
26		22		2	8	17	2	25	12	1		11		8	
1	2	11	27	5	17			15		15	5	17	22	5	
			23		10			5	22	9	8		17		17
15	23	7	8		11	17	17	11			3	5	22	22	
8		24		24		24		18	28	15		17		24	
5	17	10	11	3	25	11	22	15		8	9	22	24	3	
15		10		15		17		5		2		8		8	
	25	11	20	5	17	10	5	3		2	29	3	17		

A
Á
B
Ð
D
E
É
F
G
H
I
Í
J
K
L
M
N
O
Ó
P
R
S
T
U
Ú
V
X
Y
Ý
Þ
Æ
Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er Á til dæmis í reit merktum 4 og fer þá Á í alla aðra reiti með því númeri. Fer í reit númer 18 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 18 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn*

Lausnarorð

25 11 20 8 3

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti á númerið 1900. Dæmi um hvernig SMS gæti lítið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númer 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12. SMS-skeytið kostar 99 krónur

Talstöðin
FM 90,9

Lausn nr. 23

F	U	N	I	R	I	T	D	E	I	L	U		
Í	M	S	Í	O	Ð	E	S						
B	Ó	H	E	M	F	U	G	L	A	P	R	I	K
Ú	V	I	Ð	A	N	L	K	Á					
A	M	E	N	S	P	A	T	P	I	N	N		
T	R	Æ	T	T	I	A	R						
A	R	F	U	R	K	G	R	E	I	T	T		
L	I	S	M	Á	K	Ú	L	A	N	Ó			
A	F	S	A	L	A	L	D	E	N	I	M		
			H	R	E	F	N	D	R	S			
P	Æ	F	A	G	I	S	L	S	I	T	T		
I	L	S	K	A	M	A	T	U					
T	R	J	Á	K	V	O	Ð	U	G	R	A	N	N
T	Ó	R	N	E	A	S	D						
S	T	R	Á	K	A	L	L	R	I	T	A		



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 7.39 13.17 18.53
 AKUREYRI 7.26 13.02 18.36
 Heimild: Almanak Háskólans

atvinna .is

Fólk vill ekki vinna vaktavinnu BLS. 2
 Heimilislegt andrúmsloft í Tæknihorninu BLS. 6

allt - atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 2. október,
 275. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

1. Viðskiptafulltrúi
2. Afgreiðslufólk
3. Tæknifræðingar
4. Kirkjuvörður
5. Kennarar
6. Rafmagnsiðnfræðingur
7. Þjónustufulltrúi
8. Verkfræðingar
9. Matreiðslumaður
10. Verkamenn
11. Sölufulltrúar
12. Forritarar
13. Öryggisvörður
14. Viðskiptastjóri
15. Þjónustustjóri
16. Rafmagnstækni.
17. Úthringingar
18. Bílstjóri
19. Verkefnistjóri
20. Vaktstjóri
21. Viðskiptafulltrúi
22. Ráðgjafi
23. Lagermaður
24. Þúsundþjalasmiður
25. Birgðarbókhald

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is

visir



Sigurður Axel Sveinsson kys að vinna með timbur.

Hamarinn og svuntan

Sigurður Axel Sveinsson hefur unnið sem smiður í næstum tvö ár. Hann vinnur hjá litlu fyrirtæki og tekur við nýjum verkefnum á hverjum degi, sem hann segir vera fjölbreytt og skemmtileg.

Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangapríf og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Garðyrkja

Túnþökur
Túnþökurúllur, túnþökur og holta-gróður ávallt fyririggjandi
Túnverk ehf.
Sími 892 3666 Gylfi Jónsson

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@sim-net.is

Túnþökur.

Úrvals túnþökur til sölu. Frí heimkeyrsla. Túnþökusala ÞG Ehf. S. 891 8891.

Túnþökusala Oddsteins

Túnþökur til sölu, frí heimkeyrsla. Steini. S. 663 6666 & 663 7666.

Málarar

Viðgerðir og málningajónusta, utan-húss og innan. Uppl. í s. 869 3934. Við-hald og Málning ehf.

Búslóðaflutningar

G.S. flutningar ehf. Getum bætt við okkr-öllum tegundum flutninga. 10 ára reynsla. Upplýsingar gefur Stefán í s. 821 1966.

Hasso Ísland. Ertu að flytja? Höfum til leigu ýmsar stærðir af sendibílum sem henta þér, á verðum sem koma á óvart. Síminn er 555 3330 Hasso Ísland

Húsviðhald

Borttækni S:892-7544
Allhliðar Þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Prífaleg umgengni
20 ára reynsla

Glerjun og gluggaviðgerðir!

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málnun, múrun og trésmíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Tek að mér allar flísalagnir og múrviðgerðir. Fagmaður að verki. S. 845 8802.

Byggingameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 692 8930.

Húsmasíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 893 6130.

Málingavinna - Flísalagnir

Getum bætt við okkur málingavinnu og flísalögnum. Lögg. fagmenn. Málarar s. 848 6230 & múrari s. 695 7374.

Tölvur

Ópið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Innrömmun

ÚTSALA OG SÝNING



Hjá Hirti, Innrömmun & Myndlist Suðurströnd 2, Bónushúsinu 170 Seltj. Sími 561 4256.

Spádómar

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðning. Fáðu svör við spurningum þínum.

Englaljós til þín.

Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 18.00 til kl. 01.00.

HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Herbalife. Inni og ytri næring. 20 kg. farin frábert útlit, glaðningur með septemberpöntun. Sesselja. S. 659 5819 & birtad@simnet.is.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Námskeið



10 grunnreglur fyrir þá sem þora! Ein-faldar hollustureglur byggðar á því sem virkar frá m.a. South Beach, Atkins, hrá-fæði og nýja fæðupýramídanum. Hið vinsæla fræðslu- og matreiðslunámskeið Þorbjargar næringarperapista D.E.T. og Umahro matlistarmanns. Ein kvöldstund 5. október, Maður Lifandi, Borgartúni 24. Verð 6.900kr innifalin ítarleg gögn og góðar ráðleggingar og fullt af bragðbitum. Bókun í sími 692 8489 og tobbi@10grunnreglur.com. Nánari upplýsingar hjá www.10grunnreglur.com

Þjónusta

Rafbylgjumælingar
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum?
Sibreytu - Vöðvabólgu?
Verki í fótum og höfði?
Svefntruflanir?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.



Námskeið

Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa, stjórnir foreldrafélaga og foreldraráð. Hjá nánari á www.samfok.is



Húsgögn



Antik fataskápur, hjónarúm og náttborð til sölu. Upplýsingar í síma 421 3785 frá kl. 19.00-20.00 alla daga.

Leðursófasett + borð til sölu. Uppl. í s. 695 8382.

3ja og 2ja sæta sófar, grænir með pullum, sporöskujulaga stofuborð brún-bæsað og annað ferkantað, eldhúsborð fyrir 2 stækkantleg fyrir 6. 2 brúnar Billy IKEA bókahillur. Uppl. í síma 669 9515.

2 rafm. rúm m/pokagormadýnu 90x200cm. 40 þús. per stk. Lazy boy, 30-35 þús. S. 554 4970 & 554 5275, sun. kl. 13-18.

Antík

Tveir gamlir rakarastólar til sölu. Uppl. í s. 554 6097 & 861 2981.

Heimilistæki



37"-65" Panasonic Plasma skjáir frá 159.900 kr með veggfestingu, heimkeyslu og uppsetningu. Uppl. 659 8056 eða á www.simnet.is/plasma.

Barnavörur

Vantar trip trap stól og leikgrind, ódyrt eða gefins. Gréta s. 698 7789.

Dýrahald

NUTRO - 30 % afsláttur!
Purrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opíð mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Heinræktaðir ísl. hundar
Til sölu íslenski hundurinn, 4 yndislegir 8 vikna hvolpar í boði. Ættbók HRFI. Uppl. í síma 848 0847.

Hef til sölu 2 glerbúr fyrir fiska eða froska, 4 þús. kr. stk. Einnig stórt naggrísarbur með öllu 6 þús. kr. Uppl. í s. 844 0034.

Ýmislegt

Til sölu frystikista, 159 l, 3ja ára og antik borðstofuborð fyrir 6, stækkanlegt. Uppl. í s. 822 4504




Fyrir veiðimenn



www.sportvorugerdin.is

Hestamennska

Skeifur á 125 kr. stk. Hella, Mustad, Kerckhaert. Ístólt, Bæjarlind. S. 555 1100.



Húsnæði í boði



Til leigu glæsileg 110 fm 4ra herbergja íbúð

á 4. hæð í nýlegu lyftuhúsi við Lækjargötu í hjarta Reykjavíkur auk staðis í bílagæmslu. Íbúðin leigist fullbúin með húsgögnum. Íbúðin hentar vel fyrir fyrirtæki, stofnanir, sendiráð eða fjársterka einstaklinga. Einungis langtíma-leiga til trausta aðila kemur til greina.

Nánari upplýsingar veitir
Óskar R. Harðarson
lögfræðingur í síma 824 9092
e.kl. 15.00 n.k. mánudag.

Við miðborgina

Góð 4ra herb. íbúð á 2. hæð í steinhúsi í Þingholtunum. 2 stofur og 2 svefnh. Leigist rölegu og reglus. fólk í 1 ár. Uppl. sendist til FBL merkt "Reglusemi" fyrir mið. 05.10.

Herbergi til leigu í 94 fm íbúð. Húsgögn geta fylgt. Aðg. að eldhúsi, baðherb., internet tenging, þvottavél og kapalkerfi. 30 þús. á mán. S. 694 7012.

Húsnæði óskast

Húsnæðameistari óskar eftir íbúð á höfuðb.svæðinu, helst með bílskúr. S. 899 4958.

Reyklaust ungt par óskar eftir íbúð ná-lægt miðbæ. Skilvísun greiðslum og reglusemi heitið. S. 845 6133.

SOS-Áríðandi-SOS

Herbergi eða stúdíóíbúð óskast strax. Uppl. í s. 663 8397.

Starfsmann Sölufélags garðyrkjumanna vantar 2-3 herbergja íbúð til leigu helst í Hraunbænum eða nágrenni hans. Vinsamlegast sendið upplýsingar á netfang kristin@stg.is eða í síma 822 8845, Dagbjartur.

Stúdíó eða 2herb. íbúð óskast, helst í vesturbænum, er reyklus og skilvís. S. 692 5667.

Óska eftir rúmgóðu herbergi á stór Rvk. svæðinu. Verður að vera með símatengi og loftstengi. Á bilinu 20-30 þús. S. 868 9631.

Sumarbústaðir

Frístundarhús/sumarbústaðir. Ósamansettir norskir sumarbústaðir til sölu. Byggingarefnispakkar með öllu utan og innan fylgir, margar stærðir. Uppl. í s. 487 1371 & 893 2990.

Til sölu nokkrar góðar sumarbústaðalóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121.

Sumarbústaðalóðir til sölu. www.hrifunes.is eða uppl. í s. 487 1371 & 893 2990.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Höfum örfá laus pláss fyrir fellihýsi og tjaldvagna, eldri pantanir dottnar út. Jötunheimar, geymsluhúsnæði. S. 695 3067.

Erum ennþá með nokkur staði laus f. húsbíla og hjólhýsi í upphitun, vöktuðu og góðu húsnæði. Verðum á staðnum frá kl. 15-17 í dag. Hafnar-skeið 9, Þorlákshöfn. S. 863 2029 & 897 8580.

Bílskúr

Til leigu 26 fm bílskúr í vesturb. Rvk. Hiti og rafmagn. Leigist á 20 þús á mánuði. Uppl. í síma 551 7211.

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar þig góða vinnu?
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Geturðu unnið fullt starf í vaktavinnu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir lífligt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.

Ýmis störf í boði
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir!
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðun-um.

Bakaríði hjá Jóa Fel
Bakaríði Jóa Fel Kleppsvégi og Smáralind óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf. Tvískiptar vaktir.
Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríði hjá Jóa Fel, Kleppsvégi 152 og Smáralind.

Öflugur starfsmaður
Flotlagir ehf. óska eftir að ráða öflugan starfsmann til framtíðarstarfa. Starfið felst í gólfslípunum og flotun gólfa. Reynsla æskileg.
Upplýsingar í símunum 862 1600 og 896 9604.



Hagkaup Eiðistorg
Óskar eftir að ráða fólk til starfa í matvöruvæðing og á kassalínu. Vinnutími er fjölbreytilegur eftir störfum, spurning að ræða við Hermann verslunarstjóra í síma 561 2000 og sjá hvort við höfum eitthvað fyrir þig. Einnig er hægt að skila umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.

Barnafataverslun á Laugaveginum
Reyklaus, glaðlegur starfskraftur óskast í hlutastarf og annan hvern laugardag. Ekki yngri en 18 ára kemur til greina.
Upplýsingar í síma 893 9858 eða sendið umsókn á olig26@torg.is



Hvar ert þú að vinna í haust?
Okkur vantar gott fólk í störf með skóla/vinnu. Ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á mjög góðum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.
Áhugasamir sendið póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@ipf.is

Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeysla og matur í hádeginu.
Upplýsingar í síma 565 0877.



Hrói Höttur Hafnarfj.
Óskum eftir starfsfólki í veitingasal. Vaktavinnu og hlutastörf. Æskilegur ald-ur 20-35. Uppl. á staðnum, Hjallahraun 13 í Hfj., og í s. 565 2525.

energia óskar eftir
Starfskröftum í eftirtalin störf: Vaktstjóra, þjóna/þjónustufólk í sal, matreiðslumenn/nema og uppvask. Í boði fyrir rétta aðila eru bæði 100% störf og hluta-störf.
Upplýsingar í s. 864 6600 & 896 4000 eða senda á energia@energia.is.

Pylsuvagninn í Laugardalnum
Pylsuvagninn í Laugardalnum óskar eftir þjónustulíprum starfskrafti, kvöld og helgar vaktir.
Uppl. í s. 864 9862



Störf í boði
Höfum í boði störf við ræstingar á öllum tímum sólarhringsins. Einnig helgarvinnu í boði.
Upplýsingar á www.iss.is eða í síma 5 800 600.

Áhaldahús Seltjarnarnesbæjar.
Verkamenn óskast í fjölbreytta vinnu. Um framtíðarstörf er að ræða fyrir rétta aðila. Möguleiki á flokksstjórnun.
Upplýsingar gefur bæjartækni-fræðingur í síma 595 9180.

DVERGASTEINN - leikskóli.
Leikskólakennari og/eða uppeldismenntaður starfsmaður óskast til starfa við leikskólann DVERGASTEIN, Seljavegi 12.
Nánari upplýsingar gefur Elín Mjöll leikskólustjóri í síma 551 6312 & 699 8070

Pizzabakari og aðstoðarkokk
Okkur vantar hressan, duglegan og jákvæðan starfsmann í eldhúsi. Lágmarkskaldur 18 ára. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is

Ræstingabjónustan sf óskar eftir starfsfólki til ræstingastarfa á höfuðborgarsvæðinu í 50-100% störf á daginn. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9 og 12.

Verkamenn. Vantar duglega menn í vinnu nú þegar. Ekki yngri en 25. ára. Góð laun. Uppl. í 896 9507

Starfsfólk óskast í kvöld, nætur og helgaræstingar. Upplýsingar í síma 892 8454 eða bontaekni@simnet.is

Traust heildsala í Reykjavík óskar eftir framtíðarstarfsmanni á lager. Stundvís og reglusemi skilyrði. Ekki yngri en 20. Helst reyklus. Áhugasamir skilið inn umsóknum til Fréttablaðsins merkt "lager5" fyrir 7. okt.

Vantar starfsfólk í hreingerningar. Góð laun fyrir duglegt fólk. Góð vinnu með skóla. Arnar s. 899 9900.

Óska eftir vönum gluggabvottamanni í vinnu. Góð laun í boði fyrir duglegt fólk. Arnar s. 899 9900.

Laghentur maður óskast
Viljum ráða laghentan mann í ýmiss tilfallandi störf. Bílpróf skilyrði. Vélvök ehf, Höfðabakka 1, Rvk. Sími 587 9960.

Röskur aðstoðarmaður/kona óskast í mótuneyti í Garðabæ þar sem ríkir mjög góður starfsandi. Við mótuneytið vinna 2 aðrir starfsmenn í hlutastarfi, þar á meðal er matreiðslumeistari. Um er að ræða skemmtilegt starf alla virka daga frá kl. 12.30 til 16.30. Áhugasamir hringi í síma 897 1210.

Hársnyrtinemi
óskast á Hárkunst Austurströnd 12 Seltjarnarnesi. Uppl. í s. 551 3314 & 861 2981.

Starfsmaður á kassa
Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbænum. Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3048.

Sölumaður
Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbæ R-vík. Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3048.

Smiðir/mótamenn
Steinval ehf. óskar eftir að ráða smiði eða mótamenn. Mikil vinna framundan. Upplýsingar gefur Arnar í s. 696 6931.

Vantar barngóða konu til að annast 8 mán. stúlku, 20 tíma á viku. Dagvinna. Svör sendist smaar@frettabladid.is merkt "barnagæla"

Barngóð, jákvæð, reyklus og sveigjanleg Au-pair óskast til Suður Þýskalands nálægt München. Þýskunám í boði. Svör sendist á asthildur@aol.com S. 0049 8232 908304.

Oddur Bakari
Oddur bakari óskar eftir afgreiðslufólki í framtíðarstörf í Reykjavík og Hafnarfirði virka daga. Góð laun fyrir gott fólk. Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677.

Pmt vantar duglegt starfsfólk í framtíðarvinnu við frágang á prentverkum ofl. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á vinna@pmt.is.

Vantar góðan gröfumann með full réttindi og mikla reynslu. Góð laun í boði. Uppl. í s.895 9812

Stýrimaður óskast á 60 tonna netabát sem rær frá Suðurnesjum. Upplýsingar í síma 848 4851.

Atvinna óskast



Vantar þig starfsfólk? IntJob útvegar erlend starfsfólk
Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatilhöfum. Leggjum áherslu á fagmennsku.
IntJob
sími 517 4530 í intjob@intjob.is

M.A. Hagfræðingur frá Þýskum háskóla m.atv.leyfi óskar eftir framtíðarstarfi. Reynsla 2 ár sölu- og markaðsstjóri. 75% íslenska, franska móðurmál, þýska, enska. balema-alou@gmx.de

Meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu á vörubíl eða rútu. Er reglusamur og stundvís. Uppl. í s. 896 6397.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Canon myndavél tapaðist í Skautahöllinni á föstudagskvöldið 30. sept. Utan af myndavélinni var smá glingur. Uppl í síma 861-7983 / 565-3121 eða í afgreiðslu Skautahallarinnar.

Einkamáli



Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, fráþær danskur húmor og erótíkundirtextar á norðurlandamálum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensasvideo.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opíð alla daga 15.00 - 23.00



Viltu vera memm?
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamáli. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamáli

ATVINNA

Verkamenn / Gröfumaður
Við þurfum að bæta við okkur starfsmönnum í garðyrkjudeild fyrirtækisins nú þegar. Fjölbreytt og áhugaverð vinna hjá tryggu fyrirtæki. Leitum eftir starfskrafti á öllum aldri. Upplýsingar í s.693-7319

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS



Hvernig verkar tölvupóstur?

Þegar maður sendir tölvupóst fer af stað löng atburðarás sem lýkur yfirleitt nokkrum sekúndum síðar er pósturinn lendir á áfangastað.

Þegar ég verð búinn að skrifa þessar línur, ýti ég á „Send“ takkann á póstforritinu mínu og þá byrjar póstforritið á því að forma skjalið sem verður hið eiginlega skeyti. Það gerist samkvæmt Internet-stöðlunum RFC2822 og RFC2045.

Haus og meginmál

Skeyti er í tveimur hlutum, haus (header) og meginmál (body). Haus er samansettur af mörgum höfuðlínum, sem allar eru á sniðinu „Merki: gildi“. Sum merki eru nauðsynleg í haus svo skeyti teljist gilt til sendingar, en þau eru From, To, Date og Message-ID. Ef einhver hluti haussins er með öðrum stöfum en í US-ASCII stafasettinu eins og til dæmis séríslenskir stafir, eru þeir kóðaðir á sérstakan hátt. Meginmál skeytis getur verið í mörgum sjálfstæðum einingum sem nefnast viðhengi.

Póstforritið flettir upp á skilgreindum SMTP-netþjóni í stilliskráum sínum, spyr stýrikerfið hver IP-tala þess netþjóns sé, tengist síðan þeirri IP-tölu og hefur samskipti samkvæmt SMTP samskiptareglunni, RFC2821.

Póstforritið kynnir sig gagnvart þjóninum með skipuninni HELO og tilkynnir síðan sendingu skeytis með skipuninni DATA. Síðan kemur sjálft skeytið:

```
Message-ID:
Date: Wed, 28 Sep 2005 23:06:27
+0000
From: =?ISO-8859-1?Q?Ei=EDas_Halld=F3r_=C1g=FAstson?= MIME-Version: 1.0
To:
Subject: =?ISO-8859-1?Q?Hvernig_verkar_ar_t=F6lvup=F3stur?=
Content-Type: text/plain; charset=ISO-8859-1; format=flowed
Content-Transfer-Encoding: 8bit
```

Hvernig verkar tölvupóstur?

Þegar maður sendir tölvupóst fer af stað löng atburðarás sem lýkur yfirleitt nokkrum sekúndum síðar er pósturinn lendir á áfangastað. ...

... og svo framvegis.

Línur í haus sem innihalda íslenska stafir eru kóðaðar eins og nefnt var áðan. Þegar skeytið er allt komið yfir sendir póstforritið einn punkt sér á línu og póstþjónninn svarar með skilaboðum sem hefjast á þriggja stafa kóða sem segir til um örlög sendingarinnar, ef fyrsti stafurinn er 2 var tekið við póstinum, ef fyrsti stafurinn var 4 hefur póstþjónninn lent í tímabundnum erfiðleikum og verður að taka við póstinum síðar, en ef fyrsti stafurinn er 5 þýðir það að það verður ekki tekið við þessum pósti. Pósturinn kominn í pósthólf netþjónustunnar. Póstþjónninn hefur nú tekið við skeytinu, en þarf þá að ákveða hvað gera skuli við það. Ef lénsheitið sem er vinstra megin í póstfanginu er ekki eitt af þeim lénsheitum sem þessi póstþjónn sér um, spyr hann stýrikerfið hvaða póstþjónn á netinu sér um að þjóna þessu léni. Póstþjónninn sem tók við skeytinu sendir það þá með sama hætti til þess póstþjóns. Hver póstþjónn sem tekur við skeyti bætir líka einni línu efst í haus þess með merkinu „Received“ og geymir það upplýsingar um hvaða póstþjónn tók við skeytinu frá hverjum.

Þegar póstþjónninn sem er ábyrgur fyrir léni viðtakanda fær póstin reynir hann að skrifa hann í pósthólf notanda. Pósthólfi sjálft getur verið af ýmsum gerðum, til dæmis flöt textaskrá eða færslur í venslagagnagrunni. Algengast er þó að það sé eins og mappa með einni skrá fyrir hvert skeyti og möguleika á undirmöppum.

Nú er hlutverki samskiptareglunnar SMTP lokið, pósturinn er kominn á áfangastað, í pósthólf viðtakanda hjá netþjónustunni. Þegar póstþjónninn sem er ábyrgur fyrir léni viðtakanda fær póstin reynir hann að skrifa hann í pósthólf notanda. Pósthólfi sjálft getur verið af ýmsum gerðum, til dæmis flöt textaskrá eða færslur í venslagagnagrunni. Algengast er þó að það sé eins og mappa með einni skrá fyrir hvert skeyti og möguleika á undirmöppum.

Viðtakandi sækir póstin

Nú þarf viðtakandinn að sækja póstin sinn. Til eru ýmsar leiðir til að gera það og kunna flest póstforrit á nokkrar. Helstu samskiptareglur sem eru notaðar heita POP3 og IMAP. Einnig eru til lítt skjalaðar reglur sem til dæmis Exchange og Lotus Notes nota gagnvart biðlurum sínum. Einnig eru til ýmis vefviðmót sem veita nokkurs konar eftirlitingu af póstforriti.

Flest póstforrit eru þannig hönnuð að einfaldast er að setja upp POP3 tengingu við pósthólf. Ef viðtakandi með POP3 tengingu við pósthólfið sitt, smellir á „Sækja póst“ þá hefst samtál á milli póstforrits viðtakandans og POP3 póstþjóns sem endar með því að viðtakandinn fær allt skeytið sent til sín. Póstforritið les síðan skeytið og birtir það snyrtilega í fallegum glugga ásamt því að vista það á disk viðtakanda.

Tveggja sekúnda ferli

Allt þetta ferli, frá því póstur er sendur og þar til viðtakandi sér hann í póstforriti sínu, getur tekið innan við tvær sekúndur. Oftast tekur það örlítið lengur, stundum er póstflæðið það mikið að biðraðir stækka og sumir póstþjónar skanna allan póst sem fer í gegn eftir veirum og ruslauglýsingum. Slíkt getur tekið tíma, en verður þó sjaldan meira en örfáar sekúndur fyrir hvern meðal-póst.

Það skal tekið fram að til að einfalda myndina var ekkert var minnst á dulkóðun, en dulkóðun er æskileg á öllum stigum þessa ferlis.

Ég verð þó að játa hér í lokin að þetta var ekki fyrsta svarið sem kom upp í hugann þegar ég heyrði spurninguna. Fyrstu viðbrögð mín voru að svara svona:

Ágætlega, takk fyrir.

Ítarlegri útgáfa af þessu svári verður birt á vefnum.

Elías Halldór Ágústsson, Unix kerfisstjóri hjá Reiknistofnun HÍ.

Fylgiklausa: Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við að undanförunu eru: Hvað þýðir svaka í svakalega, af hverju stafar geðklofi og er jafnvægis-skynið sjötta skilningarviði? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Sálin hans Jóns míns

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Ef maður heitir því hversdagslega nafni John er ekki verra að hafa orðið Legend sem eftirnafn. Hvort Jón verði svo goðsögn á eftir að koma í ljós. Það sem við vitum nú þegar er að viðfangsefnið heitir réttu nafni John Stephens og er fæddur og uppalinn í Springfield, Ohio, eins og Simpson-fjölskyldan. Þegar hann var aðeins 18 ára spilaði hann á píanó inn á sólóplötu Lauryn Hill. Hann hefur góða rödd og virðist vera góður lagahöfundur. Að minnsta kosti hafa Alicia Keys, Janet Jackson og Kanye West öll leitað í lagabanka hans. West var svo hrifinn af strákna að hann bauð honum plötusamning hjá splúnkunnýju útgáfufyrirtæki sínu sem heitir Getting Out Our Dreams, eða Good.

Þessi frumraun Jóns er líka virkilega smekkleig. Sálarfullt R'n'B með sterkum gospeláhrifum, enda er Jón fyrrum kórdrængur. Þetta hljómar merkilega líkt

tónlist Aliciu Keys, nema hvað að það er karlkyns söngvari. Jón rappar ekki en fær nokkra vini sína í heimsókn, eins og Snoop Dogg og yfirmann sinn Kanye West.

Það hljómar eins og kórdrængurinn okkar sé að reyna finna leið sína aftur að Guði því textarnir fjalla margir um iðrun. Hljómar eins og hann sé kominn með nóg af kvennastússinu, eins og hann segir reyndar sjálfur í laginu I Can Change, og sé að reyna að þroskast. Annað lag fjallar svo um hvernig hann talar stelpu upp í rúm til sín, beint fyrir framan nefið á kærasta hennar.

Stærsti slagari plötunnar hingað til hefur verið píanóballaðan Ordinary People, sem mér finnst merkilega skyld Stevie Wonder-slagaranum My Cherie Amor. Þó svo að laglínan sé ólík minnir píanóspilið mig alltaf á það lag.

Það er hægt að segja að Jón Goðsögn fái hérna óskabyrjun.



JOHN LEGEND: GET LIFTED

NIÐURSTAÐA: John Legend er enn nokkuð langt frá því að vera goðsögn, en frumraun hans er ekki svo slæm. Óskabyrjun fyrir sálarfullan ungan mann.

Platan er ekkert meistarastykki, en nægilega góð til þess að tónlistarunnendur taki hann alvarlega og ekki bara eins og söngfugli sem stoppar stutt áður en hann flýgur út í buskann. Ég efa ekki að við eigum eftir að heyra meira frá þessum kauða, það er að segja ef við missum hann ekki í kóræfingar eða aðrar hallelúja-æfingar.

Birgir Örn Steinarsson




Óskum eftir sjálfboðaliðum!

Fjölbreytt og áhugaverð verkefni fyrir fólk á öllum aldri!
Heimsóknir, stuðningur við börn af erlendum uppruna, símtöl við fólk í vanda, afgreiðsla í sölubúðum, starf með fötluðum, heimilislausum o. fl. Að öllu jöfnu 6-12 tímar á mánuði.

Með sjálfboðastarfi gefst m.a. tækifæri til að láta gott af sér leiða, vera í góðum félagsskap og bæta við reynslu og þekkingu.

Nánari upplýsingar hjá Sjálfboðamiðlun í síma 5450408.
Netfang: sjalfbodamidlun@redcross.is
Heimasíða: redcross.is/reykjavik



MINNINGARSJÓÐUR MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSDÓTTUR

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

SÍÐARI ÚTHLUTUN 2005

Markmið sjóðsins er að stuðla að heilbrigðu líferni og bættu mannlífi og efla menntir, menningu og íþróttir. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta, framtaks, athafna og keppni - ekki síst á alþjóðlegum vettvangi.

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef sjóðsins

www.minningmargretar.is

Umsóknir þurfa að berast í pósti fyrir 17. október 2005.

Er það síðasti skiladagur á þessu ári. Umsóknir skulu merktar:

Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur, pósthólf 4180, 124 Reykjavík





ÆTTINGJAR FRANZ Ana Stavar systir Franz og dóttir hennar, Sonja, dvöldu í Lambhaga hjá Hafberg Þórisssyni, vini Franz, þegar þær komu til að ganga frá dánarbúi bróður síns og frænda.

Duftker Franz Stavarssonar, aldraða mannsins sem legið hafði örendur í íbúð sinni í hálfan mánuð eins og Fréttablaðið sagði frá fyrir skömmu, verður jarðsett í Lágafellskirkjugarði í Mosfellsbæ. Þessi ákvörðun var tekin eftir að systir Franz og dóttir hennar komu hingað til lands til að kveðja bróður og frænda hinstu kveðju.

Sá kaflí ævisögu Franz, sem greint var frá í Fréttablaðinu, vakti mikla athygli. Fyrri hluti lífssögu hans er ekki síður áhuga-verður og varpar trúlega ljósi á hvers vegna hann kaus að lifa sem sérlundaður einfari eftir að hann kom hingað 1958 ásamt fleiri flóttamönnum frá Balkanskaga. Jafnframt kann hann að skýra hvers vegna gamli maðurinn lenti svo algjörlega utangarðs í kerfinu að það þurfti meira að segja að heyja harða baráttu til að hann fengi ellilaun.

Það var árið 1989, sem Hafberg Þórisson, garðyrkjumaður í Lambhaga, tók Franz upp á arma sína. Hann hafði þá dvalið hér síðan 1958, við misjafnan kost. Þegar Hafberg hitti hann fyrst reyndist hann búa í hitaveitukompu í Mosfellsbæ, sem var svo þröng að hann varð að sofa í garðstól. Aður hafði margt góðra manna og kvenna í Mosfellsbæ aðstoðað Franz með ráðum og dáð, en hann lenti þó á hálfgerðum vengangi.

Góðir tímar

Hjá Hafberg bjó Franz og vann samviskusamlega fyrir sínum launum þar til að hann var kominn á 68. aldursár árið 2003. Þá lét hann af störfum að eigin ósk.



VINIR Hafberg Þórisson og Hilmar Einarsson, vinir Franz, með duftkerið sem jarðsett verður í Lágafellskirkjugarði í Mosfellsbæ.

Júgóslavneskur flóttamaður utangarðs á Íslandi

Franz Stavarsson, aldraði maðurinn sem hafði legið örendur í íbúð sinni í hálfan mánuð þegar hann fannst, var fyrrum flóttamaður undan herþjónustu í Júgóslavíu. Margt hefur skýrst varðandi æviferil hans eftir að hann lést.

Hann reyndist þá vera algerlega utangarðs í félagsmála- og tryggingakerfinu. Hilmar Einarsson leigði honum íbúð og saman lögðu Hilmar og Hafberg allt af mörkum sem þeir gátu til að hjálpa gamla manninum. Þeir ræddu margoft við félagsþjónustuna í Grafarvogi til að fá aðstoð, þó ekki væri nema heimahjúkrun eða félagslega aðstoð af einhverju tagi þar sem Franz væri orðinn svo lasburða. Það bar ekki þann árangur sem þeir höfðu vonast eftir. Monika Baldursdóttir, eiginkona Hilmars gerði tilraun til að fá aðstoð borgarstjórans í Reykjavík, en fékk þau svör hjá ritara að þess konar mál ættu ekki heima á borði hans.

Franz var orðinn mjög veikur undir það síðasta og lést í íbúð sinni í ágúst.

Systir hans og systurdóttir komu til landsins í síðustu viku. Þegar þær fóru í gegnum búslóð gamla mannsins kom í ljós að ævisögu hans má lesa í grófum dráttum af fjölda bréfa sem hann hafði geymt, sum hver í áratugi.

Flúði undan herskyldu

Franz flúði frá Júgóslavíu árið 1955 eftir að hann hafði verið kvaddur til herþjónustu tvítugur að aldri. Henni átti hann að gegna í 3-5 ár. Nokkrir ungir menn tóku sig þá saman, þeirra á meðal hann og bróðir hans, og lögðu á flóttu eftir að hafa fengið kvaðningu. Þeim tókst að komast yfir landamærin til Ítalíu. Í einu bréfa móður hans kemur fram að hún hafi rætt við einn féлага hans sem flúði með honum og fer sá yfir atburðarásina. Þar segir að lögreglan hafi náð Franz á landamærunum, en félögum hans tekist að frelsa hann svo að hann komst yfir. Á Ítalíu dvaldi Franz í flóttamannabúðum í þrjú ár.

Þaðan reyndi hann að komast til Ástralíu, ásamt bróður sínum, en varð þá fyrir dapurlegri reyngu. Þetta var á tímum berklaveikinnar og þurfti fólk að hafa með sér lungnaröntgenmyndir til að sanna heilbrigði sitt þegar það fór milli tiltekinnna landa. Maður, sem dvaldi í flóttamannabúðunum samtímis Franz, var með berkla og gat því ekki komist burt á eigin gögnum. Hann stal því skjölum Franz sem var heilbrigður, og komst á þeim til Ástralíu. Eftir sat Franz, algjörlega skilríkjalaus.

Á togara til Íslands

Ekki er ljóst hvert leiðir hans lágu eftir þetta. Af bréfum sem fundust í fórum hans má ráða að hann hafi komið hingað frá Dýskalandi með því að komast á togara sem sigldi til Íslands. Hann var í skamman tíma til sjós, en fór síðan að vinna á Álafossi.

Af skrifum móður hans, sem er nú látin, má sjá að hann bjó á Miklubraut 62 fyrstu árin eftir að hann kom hingað. Systir Franz og dóttir hennar skoðuðu meðal annars þá staði sem hann dvaldi á hér. Þá hittu þær fólk í Mosfellsbæ sem hafði þekkt Franz og verið honum einstaklega gott.

„Hann hafði lítið látið fjöl-

skyldu sína vita af sér,“ segir Hafberg, sem hýsti systur og systurdóttir Franz þá daga sem þær dvöldu hér. „Þessi systir hans mundi eftir honum, en hún var ný ára þegar hann flúði undan herskyldunni. Hún hafði alla tíð áhyggjur af honum, hvar hann væri niður kominn og hvernig honum liði. Hún ákvað svo að koma hingað til að spyrjast fyrir um hvernig honum hefði liðið og við hvaða aðstæður hann hefði búið. Ég sagði henni að hann hefði verið glaður og nægjusamur.“

Franz virðist hafa skrifað mömmu sinni nokkrum sinnum, en stopult. Hún skrifaði honum hins vegar mjög mörg bréf og þau eru öll til. Hann hélt til haga öllum bréfum sem hann fékk, meðal annars sem hann fékk meðan hann dvaldi í flóttamannabúðunum á Ítalíu 1955. Líka má finna bréf frá bróður hans sem komst til Ástralíu, en hann bauð Franz ítrekað að borga fyrir hann farið ef hann kæmi til Ástralíu. En hann fór aldrei í það ferðalag.

Hafberg segir að ýmislegt merkilegt hafi komið í ljós þegar systir Franz og dóttir hennar fóru að glugga í ýmis gögn. Til dæmis að Franz hafði farið til Júgóslavíu 1967. Þar hafi hann farið í læknskóðun og fengið ný heilsufarsgögn. Hann hafi hins vegar ekki látið neinn vita að hann væri í landinu, hvorki móður sína né systkini.

Mamma hans skrifar síðasta bréfið tveimur mánuðum áður en hún deyr. Í því segir hún: „Viltu skrifa okkur eða hringja í okkur. Ég er orðin blind og er að fara að deyja.“ Þetta er allt sem stendur í bréfinu sem hún hefur greinilega skrifað sjálf þótt hún væri búin að missa sjónina.

Ættingjar Franz tóku bréfin hans og aðra persónulega muni heim með sér.

Til félagsmálaráðherra

Hafberg og Hilmar sögðu ekki skilið við málefni gamla mannsins



FRANZ STAVARSSON Þannig leit hann út á yngri árum, maðurinn sem endaði erfiða ævi sína hér.

þótt hann væri allur. Í vikunni sem leið héldu þeir á fund Árna Magnússonar félagsmálaráðherra.

„Við vildum bara kynna honum þetta mál í þeirri trú að hann gæti séð til þess að svona lagað kæmi ekki fyrir aftur,“ segir Hafberg. Hann segir að ráðherra hafi tekið þeim mjög vel og farið rækilega í gegnum mál Franz með þeim.


„Hann spurði okkur hvort við vildum að það yrði rannsakað eða farið í gegnum það. Við völdum síðari kostinn, því við viljum einungis vekja athygli félagsmálayfirvalda á því hvernig getur farið fyrir gömlu fólki sem á ekki ættingja og einangrast í samfélaginu til dauðadags. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða skýlaust á um að félagsþjónustan eigi að grípa inn í mál af þessu tagi, en við töluðum fyrir daufum eyrum í Grafarvogi. Því fór sem fór.“

Hafberg fékk krufningarskýrslu Franz Stavarssonar senda nú í lok vikunnar. Hún verður send öppnuð til ættingja hans.

js@frettabladid.is

VILLTA VESTRIÐ Í VERÐLAUNAÚTGÁFU

Ný þáttaröð af Deadwood sem heldur þér allt til enda – í kvöld kl. 21:35



HBO



Komnar áfram

Íslenska 19 ára landslið kvenna tryggði sér í gær sæti í milliðli undankeppni Evrópukeppninnar. Liðið endaði í 2. sæti í undanriðlinum sem fram fór í Bosnía. Ísland vann Georgíu 7-0 og Bosnía 5-0 en varð síðan að sætta sig við 1-5 tap fyrir Rússum. Blikinn Greta Mjöll Samúelsdóttir skoraði sex mörk í leikjunum þremur.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ DADO PRSO

SEKÚNDUR

Dado Prso er knattspyrnumaður

Ísland er svipað og Skotland, bara kaldara.

Íslenska landsliðið er. Líkt því skoska.

Erfiðasti andstæðingur? Má ekki segja.

Kaffi eða te? Kaffi.

Er glasið hálfullt eða hálfómt? Hálfullt.

Hver vinnur HM? Króatía.

Besta landslið í heimi? Brasilía.

Besta félaglið í heimi? Chelsea.

Alvöru karlmenn Fara í það í köldum sjó.

Popp eða Rokk? Rokk.

Besti Króatí allra tíma? Boksic og Boban.

Glasgow Rangers er frábært lið.

Stuðningsmenn Glasgow Celtic eru. Mjög háværir.

Að skora fernu í Meistaradeildinni á afmælisdaginn sinn er.. Ólýsanleg tilfinning.


Skoskur fótbolti er. Harður.

> Við hrósum ...

Brynjari Birni Gunnarsyni fyrir frábæra frammistöðu í toppslag ensku 1. deildarinnar í gær. Brynjar tryggði sínu liði sigurinn með tveimur góðum mörkum og fyrir vikið mistókst Sheffield United að stinga af á toppnum. Næsta á dagskrá hjá Brynjari Erni eru landsleikir gegn Pólerjum og Svíum og það er vonandi að Brynjar Björn verði líka á skotskónum þar.

> Við óskum ...

... FH-ingum til hamingju með fyrsta handboltasigur vetrarins en kvennaliðið vann Víking örugglega í gær. FH hafði tapað fimm fyrstu leikjum sínum í karla og kvennaflokkum en nú er ísinn loksins brotinn.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

29 30 1 2 3 4 5

Sunnudagur

LEIKIR

- 17.00 Haukar og St. Óttmar mætast Ásvöllum í EHF-keppni kvenna í handbolta.
- 19.15 HK og Stjarnan mætast í Digralesi í DHL-deild karla í handbolta.

SJÓNVARP

- 10.10 Enska knattspyrnan á Enska boltanum 2. Beint frá leik Man. City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
- 12.10 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Arsenal og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
- 11.55 Enska knattspyrnan á Enska boltanum 3. Beint frá leik Wigan og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
- 12.55 Enska knattspyrnan á Enska boltanum 2. Beint frá leik Aston Villa og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
- 14.40 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Beint frá leik Liverpool og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.25 Bandaríska mótariðin í golfi á Sýn. Svipmyndir frá mótariðinni 2005.
- 16.20 Meistaradeildin á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
- 16.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Real Madrid og Mallorca í spænsku úrvalsdeildinni.
- 19.00 Ítalski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Juventus og Inter í ítölsku A-deildinni.
- 20.40 Ameríski fótboltinn á Sýn. Beint frá leik Baltimore Ravens og New York Jets í NFL-deildinni.
- 21.25 Helgarsportíð á RÚV. Íþróttaviðburðir helganna.
- 21.30 Helgaruppgjör á Enska boltanum. Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helganna.

Hafði ekki næga trú á sér

Páll Ólafsson, þjálfari Hauka vildi líta á jákvæðu hliðarnar eftir að Haukar töpuðu fyrsta leiknum í meistaradeildinni í ár með minnsta mun gegn danska liðinu Aarhus GF.

HANDBOLTI Haukar hefðu eflaust óskað sér að byrja riðlakeppnina í meistaradeildinni betur en liðið tapaði í gær á heimavelli fyrir danska liðinu Aarhus GF, 27-28.

Byrjun Hauka lofaði góðu en strax í byrjun leiks náðu þeir fjögurra marka forystu, 6-2, og þeir virtust fremri á öllum sviðum. Á meðan var einstaklingsframtakið allsráðandi hjá gestunum og sóknarleikurinn afar einhæfur. En handbolti er íþrótt mikill sveifla og það sýndi Aarhus því þeir breyttu stöðunni úr 6-2 í 7-10 og skyndilega voru gestirnir komnir með tók á leiknum. Á þessum kafla skoruðu Haukar ekki nema eitt mark á tíu mínútum og gestirnir gengu á lagið.

Páll Ólafsson ákvað þá að breyta um varnarbrigði og skipti í 5+1. Það virtist virka betur og þegar flautað hafði verið til leikhles höfðu gestirnir tveggja marka forystu, 14-16.

Aarhus byrjaði síðar hálfleikinn betur og Lars Juul Mikkelsen sá til þess að Aarhus náði fjögurra marka forystu en hann varði frábærlega á þessum kafla sem og í leiknum öllum. Jesper Storm Jespersen og Heind Holm Knudsen drógu vagninn í sóknarleik gestanna og um miðjan síðari hálfleik var staðan orðin 21-26 gestunum í vil.

Sóknarleikur Hauka byggðist að mestu leyti á Andra Stefan sem hélt heimamönnum á floti með glæsilegum mörkum. Þrátt fyrir að vera fimm mörkum undir þá gáfust Haukar ekki upp og með Birki Ívar Guðmundsson í markinu þá tókst Haukum að komast inn í leikinn. Þegar fjórar mínútur voru eftir minnkuðu þeir muninn í 26-28 og á meðan virkuðu gestirnir gríðarlega tugaóstyrkir. Andri Stefan



MARKAHÆSTUR GEGN DÖNUMUM Andri Stefan skoraði átta mörk fyrir Hauka gegn Aarhus GF í gær og hér sést eitt þeirra í uppsiglingu. Hann hefði þurft að fá aðeins meiri hjálp hefði betur átt að fara.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

minnkaði muninn í eitt mark en þrátt fyrir að fá tvö tækifæri í lokin þá tókst Haukum ekki að jafna.

Naumt tap á heimavelli gegn danska liðinu setur strik í reikning Hauka í riðlinum en Páll Ólafsson, þjálfari liðsins, vildi líta á jákvæðu hliðina.

„Við erum með meira en helminginn af liðinu sem er að spila sinn fyrsta leik í meistaradeildinni og hafa litla reynslu. Mér fannst vanta að menn hefðu meiri

trú á sjálfum sér.“ Aðspurður sagðist Páll vera sáttur við varnarleikinn í gær en liðið fékk einungis tvö mörk á sig á síðasta stundarfjórðungi leiksins.

„Ég get ekki verið ósáttur við að fá á mig 28 mörk í Evrópuleik, ég hefði viljað sjá okkur skora fleiri mörk. Við klúðrum síðan fjórum vítum sem reynist dýrkeypt þegar uppi er staðið.“

Birkir Ívar var frábær

Jesper Juul Mikkelsen, sem

varði yfir 20 skot og var einn besti maður Aarhus, var sáttur við sigurinn.

„Það er frábært að ná sigri hér gegn Haukum. Það hefði verið grátlegt að missa þetta niður í lokin því mér fannst við betraliðið í leiknum. Við vorum í vandræðum í lokin, markvörður Hauka (Birkir Ívar Guðmundsson) var frábær í dag og varði vel á þessum kafla og á meðan vorum við mjög tugaóstyrkir,“ sagði Mikkelsen.

- gji

KOMIN Í BIÓ!

SÉR-IVER DRAUMUR Á SÉR UPPHAF

GOAL!

ENSHI
XFM
REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

Haukakonur eru í góðum málum í EHF-keppni félagsliða í handbolta:

Gatan ætti að vera greið í næstu umferð

HANDBOLTI Það er ljóst að leið Hauka í næstu umferð Evrópukeppninnar ætti að vera nokkuð greið eftir stórsigur á svissneska liðinu St.Otmar á Ásvöllum í gær. Haukar voru fremri á öllum sviðum handknattleiksins í gær og sýndu oft á tíðum ágætis tilþrif. Það verður að teljast ólíklegt að þær missi niður þetta forskot en síðari leikurinn fer fram í dag á Ásvöllum.

Haukar gáfu tóninn strax í byrjun og þrátt fyrir að gestirnir kæmumst aðeins inn í leikinn þá voru Haukastelpur of stór biti fyrir þær svissnesku til að kyngja. Staðan í hálfleik var 20-15 Haukum í vil. Það aðeins fyrir tilstilli Nadine Osterwalder að svissneska liðið var ennþá inn í leiknum en hún skoraði 10 af 15 mörkum liðsins í hálfleiknum. Í seinni hálfleik keyrðu Hauka-



TÍU MÖRK Í GÆR Hanna G. Stefánsdóttir skorar fyrir Hauka í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stelpur áfram upp hraðann og juku forskotið smám saman. Þeim tókst að loka á Nadine Osterwalder og þrátt fyrir að brenna af fullt af dauðafærum þá var stórsigur staðreynd, 41-25.

Með sigrinum í gær þá lögðu Haukar grunninn að sigri í þess-

ari viðureign. Síðari leikur liðanna á Ásvöllum í dag ætti að vera formsatriði fyrir Íslandsmeistaranna. Það er ljóst að Evrópuævintýri Hauka heldur áfram eftir að liðið hefur lagt þá svissneska að velli í dag.

- gji

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna:

STJARNAN-ÍBV 24-24 (17-12)
Mörk Stjörnunnar: Sólveig Lára Kjærnested 7, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5, Kristín Jóhanna Clausen 5, Elzbieta Kowal 2, Hind Hannesdóttir 2, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 1, Ragna Dögg Bragadóttir 1, Elísabet Gunnarsdóttir 1. Jelena Jovanovic varði 17 skot.
Mörk ÍBV: Simona Vintila 9, Pavla Plaminkova 6, Renata Horvath 4, Ingibjörg Jónsdóttir 2, Ragna Karen Sigurðardóttir 2, Eva Björk Hlökkversdóttir 1. Florentina Grecu varði 13 skot.

VÍKINGUR-FH 22-28 (13-15)
Mörk Víkings: Ásta Björk Agnarsdóttir 9, Hekla Daðadóttir 5, Þórhildur Björnsdóttir 3, Sigrún Brynjólfssdóttir 2, Natásja Damljanovic 2, Margrét Elin Egilsdóttir 2.
Mörk FH: Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 10, Maja Grönberg 5, Eva Elbrechtsen 4, Ásdís Sigurðardóttir 4, Gunnur Sveinsdóttir 2, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 2, Arna Gunnarsdóttir 1.

FRAM-GRÖTTA 13-18 (7-8)
Mörk Fram: Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5, Þórey Rósa Stefánsdóttir 4, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2, Stella Sigurðardóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 1. Guðrún Bjartmarz varði 9 skot.
Mörk Gróttu: Ivana Veljkovic 9, Arndís María Erlingsdóttir 5, Karen Smíð 2, Gerður Rún Einarsdóttir 1, Tinna Jökulsdóttir 1. Íris Björk Símonardóttir varði 17 skot.

VALUR-KA/ÞÓR 28-19 (14-12)
Mörk Vals: Alla Gokorian 6, Hafurún Kristjánsdóttir 5, Kolbrún Franklín 4, Sigurlaug Rúnarinnarsdóttir 4, Drífa Skúladóttir 3, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Arna Grímsdóttir 2, Ágústa Edda Björnsdóttir 1. Berglind Íris Hansdóttir varði 23 skot.
Mörk KA/Þór: Inga Dís Sigurðardóttir 8, Erla Heiður Tryggvadóttir 3, Guðrún Helga Tryggvadóttir 3, Jurgita Markeviciute 3, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 2. Sigurbjörg Hjartardóttir varði 19 skot.

STADAN:

VALUR	3	3	0	0	79-58	6
STJARNAN	3	2	1	0	83-64	5
HK	2	2	0	0	60-46	4
ÍBV	2	1	1	0	59-42	3
HAUKAR	1	1	0	0	36-24	2
GRÖTTA	3	1	0	2	63-64	2
KA/ÞÓR	3	1	0	2	71-85	2
FH	3	1	0	2	75-83	2
VÍKINGUR	3	0	0	3	65-93	0
FRAM	3	0	0	3	51-83	0

Evrópukeppni karla í handbolta:

MEISTARAEILD A-RÍÐILL

CHEKKOV-MAGDEBURG 25-30
Sigfús Sigurðsson eða **Arnór Atlason** komust ekki á blað í leiknum en **Alfred Gíslason** og lærisveinar hans byrjuðu vel með góðum útsigri.

MEISTARAEILD C-RÍÐILL

HAUKAR-ÁRHUS 27-28 (14-16)
Mörk Hauka: Andri Stefan 8, Jón Karl Björnsson 5, Árni Þór Sigtryggsson 4, Guðmundur Pedersen 4, Kári Kristjánsson 3, Frey Brynjarsson 3. Birkir Ívar Guðmundsson varði 20 skot. Sturla Ásgeirsson skoraði 2 mörk fyrir lið Arhus.

MEISTARAEILD F-RÍÐILL

DINAMO BÚKAREST-CIUDAD REAL 24-29
Ólafur Stefánsson skoraði 4 mörk fyrir Ciudad Real í leiknum.

EHF-KEPPNIN

SJUNDEA IF-VALUR 27-33 (15-18)
Mörk Vals: Mohamadi Loutoufi 11, Sigurður Eggertsson 8, Baldvín Þorsteinsson 7, Hjalti Þór Pálmason 3, Elvar Friðriksson 2, Davíð Höskuldsson 1, Þórir Júlíusson. Hlynur Jóhannesson varði 17 skot og Pálmur Pétursson kom inn á lokin og varði 6 skot á mikilvægum augnablikum.

Valsmenn eru í frábærum málum fyrir seinni leikinn sem fer fram í Laugardalshöllinni um næstu helgi. Leikurinn byrjaði þó ekki vel því fyrirlíðinn Atli Rúnar Steinþórsson var rekinn út eftir aðeins 38 sekúndur og Finnarnir náðu í kölfarið tveggja marka forustu. Valsmenn héldu samt haus og voru með leikinn í sínum höndum í seinni hálfleik.

Evrópukeppni kvenna í handbolta:

EHF-KEPPNIN

HAUKAR-ST. OTTMAR 41-25
Mörk Hauka: Hanna G. Stefánsdóttir 10, Harpa Melsted 9, Ramune Pekarskyte 8, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 7, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Inga Friða Tryggvadóttir 2, Erna Þráinsdóttir 2. Helga Torfadóttir varði 13 skot og Kristína Matusevicute varði 8.
Liðin mætast aftur á morgun á Ásvöllum og er sá leikur telst vera heimaleikur Haukavenna sem hafa 16 mörk í veganesti í leikinn í dag.

Stjörmustúlkur fóru illa að ráði sínu

ÍBV náði jafntefli í Garðabænum og Valsstúlkur eru því einar á toppnum. Kvinnalið FH vann langþráðan sigur í Víkinni en þetta var fyrstu sigur vetrarins hjá karla og kvinnaliðum félagsins.

HANDBOLTI Stjarnan fór illa að ráði sínu í Ásgarði í gær þegar ÍBV kom í heimsókn. Eftir að hafa leitt að mestu með 4-5 mörkum þá missti liðið tókin á leiknum í síðari hálfleik og ÍBV gekk á lagið.

Lokatölur urðu 24-24 í hörku-leik og ljóst er að bæðin liðin eru á réttri leið og eiga bara eftir að batna. Jafnræði var með liðunum til að byrja með en eftir að Aðalsteinn Eyjólfsson fór í 6-0 um miðjan fyrri hálfleik þá var ekki aftur snúið. Stjarnan tók öll völd á velli, léku góðan sóknarleik og varnarleikur liðsins var mjög sterkur. Á meðan lék ÍBV 5+1 með mann á Jónu Margrétu Ragnarsdóttur. Fyrir vikið opnuðust hornin illa og Kristín Clausen og Sólveg Kjærnested gengu á lagið.

Síðari hálfleikur var hins vegar eins og svart og hvítt. Báðum liðum gekk illa að skora í byrjun síðari hálfleiks og varnarleikur liðanna á þessum kafla var mjög sterkur. Smám saman náðu gestirnir að bæta sóknarleik sinn og Simona Vintila fór mikinn. Eyjastelpur söxudu smátt og smátt á Stjörnuna og þegar tæp mínútu

var eftir, var staðan 24-24. Bæði lið fengu svo færi til þess að skora en allt kom fyrir ekki. Niðurstaðan jafntefli sem

Alfred Finnsson, þjálfari ÍBV, var sáttur við í leikslok.

„Við vorum mjög slakar í fyrri hálfleik og mætum ekki klárar í leikinn. Varnarleikurinn var slakur og við keyrum aldrei upp hraðann. Við ræddum málin í hálfleik og stelpurnar náðu að berja sig saman og ég þakka fyrir þetta stig sem við fengum hérna í dag, við áttum ekki meira skilið,“ sagði Alfred.

Berglind Íris Hansdóttir varð 23 skot í 28-19 sigri Vals á liði KA/Þórs en Valsliðið hefur unnið þrjá fyrstu leiki sína í vetur. FH-konur unnu líka langþráðan sigur á Víkingi í Víkinni þar sem fyrirliðinn Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir skoraði 10 mörk.

Víkingstúlkur voru með frumkvæðið framan af en FH átti frábæran endasprett og náði að tryggja fyrsta sigur félagsins í vetur en karla og kvinnalið félagsins höfðu tapað fimm fyrstu leikjum sínum.

- gji. - ój



NÁÐU Í STIG Eva Björk Hlökkversdóttir og félagar hennar í Stjörnuni náðu að vinna upp fimm marka forskot Stjörnunnar frá því í fyrri hálfleik.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HYUNDAI
hefur gæðin

Hyundai Terracan

náttúrulega góður


“Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn verður að vera sterkbyggður og kraftmikill, með góða torfæruháefni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur. Ekki vill maður verða strandaglópur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til.

Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga.”

Ásmundur Guðnason, fjallagarður

Kristín Ásmundsdóttir, fjallahnáta



Terracan GLXA 2900 CRDi diesel, beinskiptur.
Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða miðstöð.

Verð kr. 3.650.000

Bílasamningur kr. 37.998 á mánuði m.v. 30% útborgun.

Við staðgreiðum þann gamla.*



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílaskráning sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444

Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalán Hvammstanga sími 451 2230

GETUR YFIRSTIGIÐ ALLAR HINDRANIR

Línur eru teknar að skýrast í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og er greinilegt að Chelsea ætlar sér ekki að láta meistaratítilinn af hendi baráttulaust. Eiður Smári Guðjohnsen hefur ekki leikið mikið með liðinu það sem af er vegna veikinda og meiðsla en hann er nú farinn að láta að sér kveða á nýjan leik. Magnús Halldórsson ræddi við Eið Smára um stöðu hans hjá félaginu nú þegar nokkrir af eftirsóttustu knattspyrnumönnum heims hafa verið keyptir til félagsins enn eitt árið.

FÓTBOLTI Það er ekki hægt að segja að keppnistímabilið hafi byrjað vel hjá Eiði Smára Guðjohnsen. Hann hefur þurft að glíma við sýkingu í hálsi sem hélt honum frá keppni og svo handarbrotnaði hann á æfingu fyrir skemmstu en lætur sig þó hafa það að spila með umbúðir. „Tímabilið hefði alveg mátt byrja betur. Ég veiktist eftir að nokkrir leikir voru búnir af tímabilinu. Ég fann fyrst fyrir veikindunum í landsleiknum hér heima gegn Króatíu en hélt að þetta væri ekkert alvarlegt og fór með landsliðinu til Búlgaríu. Þar var ég eiginlega orðinn háflslappur en spilaði þó leikinn. Svona eftir á að hyggja þá var ekki skynsamlegt af mér að leika í seinni hálfleik þar sem ég var í raun orðinn fárveikur. Læknar hér hjá Chelsea sögðu mér að það hefði getað verið hættulegt að reyna mikið á mig með þessa sýkingu þannig að ég þakka nú fyrir að þetta fór ekki verr.“

Veikindin héldu Eiði Smára frá æfingum og keppni í á aðra viku en um leið og hann var að komast í gott form á nýjan leik handarbrotnaði hann. „Eftir að ég jafnaði mig af veikindunum handarbrotnaði ég á æfingu. Ég ákvað þó að spila með gífsíð í leiknum gegn Aston Villa og það gekk ágætlega þannig að vonandi á þetta ekki eftir að há mér mikið.“

Essien er liðsfélagi, ekki mótherji

Á sama tíma og Eiður Smári var að jafna sig af veikindunum hefur nýr leikmaður, Mikael Essien, farið mikinn hjá Chelsea og sýnt allar sínar bestu hliðar í hlutverki miðjumanns. Essien kostaði um þrjú milljarða íslenska króna þegar hann kom til liðsins frá franska liðinu Lyon. Eiður telur að koma hans ógni stöðu sinni hjá félaginu ekkert sérstaklega. „Essien er góður leikmaður, einstaklega kraftmikill, líkamlega sterkur og skilar varnarvinnunni vel. Ég lít ekki svo á að hann sé að halda mér út úr liðinu. Hann er einn af fjölmörgum frábærum leikmönnum hjá Chelsea sem berjast um stöðu í liðinu. Hann hefur fengið að spila mikið að undanförunu sem er eðlilegt því hann þarf að aðlagast leik okkar á skömmum tíma.“

„Staða mín hjá Chelsea er ekkert verri en áður. Polinmæði er gríðarlega mikilvæg þegar margir góðir leikmenn berjast um sæti í byrjunarliðinu.“

Það má með sanni segja að Eiður hafi oft lent í þeirri stöðu að þurfa að berjast við heimsklassa leikmenn um stöðu og á árum sínum hjá Chelsea hefur honum alltaf tekist að vinna sér sæti í liðinu með góðri frammistöðu. En er samkeppnin um sæti í liðinu harðari nú en hún hefur áður verið?

„Nei. Staða mín hjá Chelsea er ekkert verri en áður. Polinmæði er gríðarlega mikilvæg þegar margir góðir leikmenn berjast um

sæti í byrjunarliðinu og þess vegna mun ég bíða þangað til ég fæ mitt tækifæri og ætla að standa mig vel þegar kallið kemur. Ég er þannig gerður að ég eflist til muna við allt mótlæti og þegar á reynir þá held ég að mínir bestu leikir með Chelsea hafi oft verið þegar mest liggur við. Allar hindranir eru til þess að yfirstíga þær en ekki til þess að forða sér undan þeim. Þess vegna finnst mér það alltaf vera ánægju-efni þegar Chelsea fær góða leikmenn til félagsins. Það ógnar minni stöðu ekkert frekar en annara leikmanna.“

Chelsea langt frá sínu besta

Þrátt fyrir töluverða yfirburði Chelsea í upphafi deildarkeppnanna á Englandi telur Eiður Smári liðið ekki vera búið að ná fram sínu besta. „Það hefur vantað að aðeins meiri sköpun í sóknar-

„En elsti sonur minn, Sveinn Aron sem er sjö ára, var nú samt sannfærður um að ég væri betri en Ronaldinho af því að mér tókst að skora gegn Barcelona. Þannig að það er gott að vita til þess að það er einn í heiminum sem telur mig bestan.“

leik okkar það sem af er. Spilið hefur verið svolítið stírt en ég er sannfærður um að það á eftir að breytast, eftir því sem lengra liður á tímabilið. Ég hef verið svolítið mikið inn og út úr liðinu en ég veit að ég mun fá mín tækifæri. Ég verð að nýta þau vel og tryggja mér sæti í liðinu.“

Áhorfendur andstæðinga Chelsea hafa mikið sungið um það hversu leiðinlegan fótbolta liðið hefur leikið síðan Portúgalinn José Mourinho tók við stjórnar- taumunum hjá félaginu. Eiður hlær þegar minnst er á þetta og segir svona lagað ekki hafa nein áhrif á leikmenn Chelsea. „Ég hef nú ekki lagt það í vana minn að hlusta á áhorfendur andstæðinga okkar hingað til. En ég get ekki með neinu móti ímyndað mér að við séum með leiðinlegasta liðið í deildinni. En það er allt reynt til þess að koma okkur úr jafnvægi.“

Þarf að fá að spila meira

Eiður Smári æfir vel þessa dagana en segist þó eiga enn eftir að komast í sitt besta form.

„Ég hef nú ekki spilað nógu mikið til þess að láta reyna á það hvort ég er í mínu besta formi. Ég æfi alltaf aukalega meðan ég er ekki að spila leikina og reyni þannig að vera tilbúinn til þess að koma inn í liðið með stuttum fyrirvara, en ég hugsa að ef ég myndi spila þrjú til fjóra leiki í röð þá væri ég kominn í mitt besta form.“ Eiður ítrekar jafnframt að hann búi að mikilvægri reynslu síðan hann þurfti að ganga í gegnum erfíð meiðsla sem unglundur, sem héldu honum frá æfingum og keppni í tvö ár.



EIÐUR SMÁRI Á FULLRI FERÐ Keppnistímabilið hefur ekki byrjað eins vel og Eiður Smári hefði viljað en hann er staðráðinn í því að láta mikið að sér kveða þegar hann fær tækifæri með liði Chelsea.

„Ástæðan fyrir því að ég þoli álag vel er meðal annars sú að ég kynntist erfíðum meiðslum á besta aldri þegar ég var að vaxa mikið og byggja upp vöðva og gat ekkert verið í fótbolta í tvö ár. Hugsanlega hefði ég orðið kraftmeiri og hraðari leikmaður en ég er núna, en þessi tími kenndi mér margt og líklega er ég mun sterkari á andlega sviðinu núna heldur en ég hefði annars verið.“

Dreymir um að komast á stórmót

Það má heyra það á Eiði Smára að hann er bjartsýnn á gott gengi íslenska landsliðsins í framtíðinni. Sérstaklega er það mikill kraftur í yngstu leikmönnum liðsins sem gefur tilfærni til bjartsýni. „Mér finnst hafa verið batamerki á leik okkar í síðustu landsleikjum. Grétar Rafn Steinsson hefur staðið sig frábærlega og á eflaust eftir að ná góðum árangri í framtíðinni, og það sama á við um aðra leikmenn, eins og Gunnar Heiðar Þorvaldsson. Þetta eru efnilegir strákar sem koma til með vera lykilmenn landsliðsins á næstu

árum og það er draumurinn að komast með landsliðinu í úrslitakeppni stórmóts.“

Betri en Ronaldinho?

Eiður Smári hefur í tvígang verið nálægt því að komast í úrslitaleik meistaraelddar Evrópu og hefur leikið gegn mörgum af bestu leikmönnum heims. Hann er fljótur til svars þegar hann er inntur eftir því hver sé eftirminnilegasti andstæðingurinn. „Ronaldinho alveg klárlega. Hann er með ótrúlega góða boltatækni og hefur að auki framúrskarandi góðan leikskilning. En annars fer öll orkan hjá manni í það að einbeita sér að leiknum og því fer oft framhjá mér hvaða andstæðingar eru bestir. En elsti sonur minn, Sveinn Aron sem er sjö ára, var nú samt sannfærður um að ég væri betri en Ronaldinho af því að mér tókst að skora gegn Barcelona. Þannig að það er gott að vita til þess að það er einn í heiminum sem telur mig bestan.“

magnush@frettabladid.is



EIÐUR SMÁRI MEÐ GÍFSÍÐ Hér sést Eiður Smári í leik gegn Aston Villa á dögnum en hann lék með gífs á hægri hendi eftir að hafa handarbrotnað á æfingu.

GETTYIMAGES

LÍÐIÐ MITT > ÁSGEIR ELÍASSON VELUR DRAUMALÍÐ SITT ÚR ÞEIM SEM HANN HEFUR ÞJÁLFAÐ



Pétur Ormslev er einn sá besti frá upphafi

Markvörður, Birkir Kristinsson – Einfaldlega sá besti sem við Íslendingar höfum átt.

Aftastur, Jón Sveinsson – Las leikinn vel, fljótur og mjög útsjónarsamur.

Miðvörður, Víðar Þorkelsson – Sterkur skalla- maður, mikill keppnismaður og leikmaður sem öll lið þurfa á að halda.

Miðvörður, Kristján Jónsson – Góður varnar- maður, fljótur og mjög flinkur leikmaður

Hægri vængur, Ormarr Örlýgsson – Mjög kraftmikill, gat hlaupið upp og niður kantinn nán- ast endalast.

Miðja, Páll Einarsson – Mikill keppnismaður og mikill leiðtogi. Sterkur í bæði vörn og sókn.

Miðja, Halldór Hilmisson – Mjög útsjónar- samur og skapandi leikmaður.

Miðja, Pétur Ormslev – Í einu orði sagt frábær leikmaður. Sá besti sem ég hef þjálfað hjá félags- liði og einn af bestu fótboldamönnum þjóðarinnar frá upphafi að minnu mati.

Vinstri vængur, Kristinn R. Jónsson – Spilaði nú mest á miðjunni hjá mér en ég ætla að hafa hann á vængnum. Mjög taktískur og gat spilað hvar sem var.

Framherji, Guðmundur Steinsson – Marka- skorari af guðs náð. Alltaf hægt að treysta á mörk frá honum.

Framherji, Björgólfur Takefusa – Heldur bolta vel, góður „target“-maður og góður skotmaður.



„Ég ætla að velja í lið bestu leikmenn- ina sem ég hef þjálfað í 4 ár eða lengur.“



Í HÓPNUM Í DAG Eiður Smári Guðjohnsen í baráttunni við Olof Mellberg hjá Aston Villa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Eiður Smári Guðjohnsen: Hefur ekki trú á Liverpool

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen, fyrir íslenska landsliðsins og leik- maður Chelsea, hefur ekki sér- staklega mikla trú á því að Liver- pool muni blanda sér í baráttuna um enska meistaratitilinn.

„Liverpool treystir mikið á Steven Gerrard og leikur liðsins snýst eiginlega of mikið um hann. Það er algjör forsenda fyrir góð- um leik hjá Liverpool að Steven Gerrard spili vel. Það hefur vant- að að fleiri leikmenn stígi fram og taki af skarið þegar liðið þarf á því að halda.

Liverpool tapaði mörgum stig- um á síðasta tímabili og var alls ekki nægilega stöðugt í leik sí- um. En það má vera að Liverpool verði sterkari á yfirstandandi keppnistímabili. En ég hef ekki trú á því Liverpool verði í barátt- unni um meistaratitilinn.“ segir Eiður Smári sem verður að öllum líkendum í leikmannahópnum hjá Chelsea á Anfield í dag.

Eiður Smári hefur skorað 2 mörk í 14 leikjum fyrir Chelsea í gegn Liverpool en hefur ekki náð að skora í síðustu tíu leikjum lið- anna þar voru fimm þeirra á síð- asta keppnistímabili. Eiður Smári skoraði síðast gegn Liverpool 16. desember 2001 í 3-0 sigri.

Pressan er öll á liði Liverpool

Liverpool og Chelsea mætast öðru sinni á fjórum dögum þegar Chelsea mætir á Anfield í dag í áttundu umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Stjórar liðanna hafa báðir verið mikið í fjölmiðlum fyrir leikinn.

FÓTBOLTI Liverpool og Chelsea mætast öðru sinni á innan við viku þegar liðin mætast á Anfield í dag en leikur liðanna í Meistaradeild Evrópu endaði með markalausum jafntefli.

Úrslitin komu fáum á óvart enda hafa varnir liðanna verið afar sterkar það sem af er tíma- bilinu. Nú eru þrjú stig í boði í deildinni og það er ljóst að press- an er öll á Liverpool þar sem liðið er fjórtan stigum á eftir Chelsea, en reyndar á liðið tvo leiki til góða.

Lykilleikur fyrir Liverpool

Knattspyrnustjórar liðanna hafa mikið verið í fjölmiðlum eft- ir leikinn á miðvikudagskvöld og hófu taugastríðið strax fyrir leik- inn í dag. Jose Mourinho vildi meina að Liverpool hefði lítið ann- að gert en að senda langa bolta fram á Peter Crouch, á meðan Rafael Benitez vildi meina að dómari leiksins hefði sleppt tveimur augljósum vítaspyrnum.

Mourinho lét svo hafa það eftir sér að ef Liverpool næði ekki að vinna í dag þá væru titilvonir þeirra orðnar að engu. Burt séð frá þessum yfirlýsingum þeirra þá er ljóst að bæði liðin léku varn- færnislega í vikunni og sköpuðu sér varla marktækifæri en von-

andi verður breyting þar á þegar liðin mætast öðru sinni í dag.

Chelsea mun væntanlega halda áfram að spila 4-3-3 en hugsanlegt þykir að Hernan Crespo leysi Didier Drogba af hólmi en hann var afar dapur í leiknum á mið- vikudagskvöld.

Joe Cole, sem skoraði sigur- markið í báðum deildarleikjum liðanna á síðustu leiktíð gæti gert tilkall til sætis í byrjunarliðinu ásamt Shaun Wright Phillips. Þeir kæmu þá inn í liðið á kostnað Arjen Robben og Damien Duff sem lét lítið fyrir sér fara í slagnum á miðvikudagskvöldið. Asier Del Horno kemur líklegast inn í liðið á nýjan leik og Gallas fer þá aftur í miðvörðinn með John Terry.

Morientes og Sissoko með

Benitez vonast til að endur- heimta Fernando Morientes og Momo Sissoko fyrir leikinn í dag en það er alls kostar óvíst hvort þeir sé tilbúnir að byrja í slag sem þessum. John Arne Riise og Stephen Warnock vonast eflaust til að byrja á kostnað Djimi Tra- ore, það verður þó að teljast ólík- legt að honum verði fórnað enda hélt hann Damien Duff í skefjum, lengst af í leiknum. Einnig verður gaman að sjá hvort Benitez þráist við og láti Djibril Cissé spilaði úti hægra megin eða hvort hann setji hann við hlið Peter Crouch í fremstu víglínu.

Það er meira í húfi fyrir Evr- ópumeistaranna í þessum leik, þeir verða að sýna fram á það að þeir eigi erindi í toppbaráttuna og þetta er leikurinn fyrir þá til þess að sýna fram á það gegn fyrir- fram ósigrandi liði Chelsea.

Liverpool vonast til að verða fyrsta liðið í vetur til þess að ná stigum af Chelsea en hvort stiginn verði þrjú, skal ósagt látið.



SKIPST Á TREYJUM Frank Lampard hjá Chelsea og Steven Gerrard í Liverpool sjást hér skiptast á treyjum eftir markalaust jafntefli liðanna á Anfield í Meistaradeildinni á miðviku- daginn. Liðin mætast aftur á sama stað í deildinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



EINAR LOGI VIGNISSON: DERBY D'ITALIA Í BEINNI Á SÝN Í KVÖLD

Er Juventus jafn leiðinlega gott og Chelsea?

Í öðru landinu hefur toppliðið sigrad í fyrstu fimm umferðunum og markatala liðsins er 10-2. Í hinu landinu hefur toppliðið unnið fyrstu sjö leikina með markatöluna 14-1. Hingað til hefur ítalska og enska knattspyrnan ekki þótt keimlik en nú ber svo við að ýmislegt þykir líkt með toppliðum landanna, Juventus og Chelsea.

Effektíf en þumbaraleg

Þessir meistarar síðasta árs hafa farið vel af stað í heimahögunum og fáir spá öðru en að liðin verji meistaratitlana. Styrkur þeirra hefur þó ekki aflað þeim mikilla vinsælda. Lítil glans yfir leikstílnum og sigirnir flestir 1-0 vinnusigar. Chelsea hefur hlotið mikla gagnrýni sem og Juventus þótt í minna mæli sé. Ítalir vanari svona leiðindaskap, effektíf en þumbaraleg topplið reglulega skotið upp kollinn þar í landi. Við tilþrífalitinn leik liðanna bætast svo áhyggjur af því að liðin stingi af og leiktiðin verði leiðinleg fyrir vikið. Ítaliskir velta mikið fyrir sér að hvaða öðru liði þeir eigi að halla sér og vegna giftu-

leysis AC Milan hafa þeir snúið sér að hinu Milanóliðinu, Internazionale sem sækir einmitt Juventus heim í kvöld og verður leikurinn sýndur beint á Sýn.

Inter rokið í gang

Inter getur með sigri náð Juventus að stigum eftir að hafa sigrad í síðustu fjórum leikjum. Fyrsti leikur- inn tapaðist gegn Palermo og glottu þá margir út í annað; enn einu sinni stæði Inter ekki undir vænt- ingum. En Roberto Mancini þykir fær þjálfari og hef- ur náð að rífa mannskapinn upp. Liðið hefur ásamt Fiorentina og Palermo leikið fjórlegasta fótboldann á Ítalíu í haust. Hinir blásvörtu, „nerazzurri“ ganga keikur til leiks hafandi sigrad í síðustu þremur leik- um á Stadio Delle Alpi. „Þótt það hljómi sem kjána- lega augljós staðhæfing tel ég að Adriano reynist það sem skilur liðin að“ segir forseti Inter Massimo Moratti en Adriano hefur skorað sex mörk gegn Juventus, fleiri en gegn nokkru öðru ítölsku liði. Slagurinn í kvöld er alvöru toppslagur en undan-

gingin ár hefur hann ekki alltaf staðið undir því virðulega enskuskotna heiti sem Ítalir hafa valið viðureigninum; Derby d'Italia. Nafngiftin á rætur að rekja fjóra áratugi aftur í tímann er þessi lið slógust ár eftir ár um titilinn. Slíkt hefur ekki verið uppi á teningnum lengi. Inter hefur ekki unnið deildina í 16 ár og einhvern veginn hist þannig á að þegar Inter hefur átt gott ár hefur Juve átt fremur dapurt tímabil.

Capello til fyrirmyndar

Fabio Capello landaði meistaratitli á sínu fyrsta ári með Juventus og hefur því gert öll lið sem hann hefur þjálfað að meisturum. Liðið lék ekki skemmti- legan bolta í fyrra og pirrar það Capello mjög er á það er minnst. Segist fyrst og fremst þjálfari lið sín í því að sigra og grunar mann stundum að Jose Mor- inho hafi að einhverju leyti tekið Capello sér til fyrir- myndar í þjálfun og tilsvörum. Þennan veturinn þyk- ir leikstill Juventus meira í þeim anda sem Capello er þekktur fyrir, stílhreint 4-4-2 leikerfi þar sem all-

ar aðgerðir eru agaðar og menn fara ekki mikið út úr stöðum sínum. Patrick Viera hefur byrjað afar vel og vill Capello meina að hann og Emerson myndi sterkasta miðjupar Evrópu. En tvímenning- arnir eru ekki þeir nettustu í boltanum og á meðan Del Piero er haldið á bekknum og Nedved og Zlatan múlbundnir í sínum stöðum yljár leikur Juventus fáum nema hörðustu stuðnings- mönnum liðsins.



LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

BLACKBURN–WEST BROMWICH	2–0
1–0 Shefki Kuqi (81.), 2–0 Shefki Kuqi (87.).	
CHARLTON–TOTTENHAM	2–3
1–0 Darren Bent (25.), 2–0 Darren Bent (48.), 2–1 Ledley King (51.), 2–2 Ahmed Mito (64.), Robbie Keane (80.).	
FULHAM–MAN. UTD	2–3
1–0 Collins John (2.), 1–1 Ruud Van Nistelrooy, víti (17.), 1–2 Wayne Rooney (19.), 2–2 Claus Jensen (28.), 2–3 Ruud Van Nistelrooy (45.).	
Heiðar Helguson kom inná hjá Fulham á 72. mínútu leiksins.	
PORTSMOUTH–NEWCASTLE	0–0
SUNDERLAND–WEST HAM	1–1
1–0 Tommy Miller (45.), 1–1 Yossi Benayoun (72.).	

STADAN:

CHELSEA	7	7	0	0	14–1	21
CHARLTON	7	5	0	2	12–7	15
TOTTENHAM	8	4	3	1	9–5	15
MAN UTD	7	4	2	1	10–5	14
BOLTON	7	4	2	1	8–4	14
WEST HAM	7	3	3	1	11–5	12
MAN CITY	7	3	2	2	7–6	11
BLACKBURN	8	3	2	3	7–9	11
ARSENAL	6	3	1	2	9–4	10
WIGAN	6	3	1	2	5–4	10
NEWCASTLE	8	2	3	3	5–7	9
MIDDLESB.	7	2	2	3	6–9	8
LIVERPOOL	5	1	4	0	3–2	7
BIRMINGH.	7	1	3	3	7–11	6
PORTSM.	8	1	3	4	5–9	6
A. VILLA	7	1	3	3	6–11	6
SUNDERL.	8	1	2	5	6–11	5
FULHAM	8	1	2	5	7–13	5
WBA	8	1	2	5	7–15	5
EVERTON	6	1	0	5	1–7	3

MARKAHÆSTIR:

Darren Bent, Charlton	7
Ruud Van Nistelrooy, Man. Utd	7
Marlon Harewood, West Ham	4
Geoff Horsefield, WBA	4
Frank Lampard, Chelsea	4

Enska 1. deildin:

BRIGHTON–NORWICH	1–3
CARDIFF–LUTON	1–2
DERBY–LEICESTER	1–1
Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Leicester og fékk að líta gula spjaldid á 83. mínútu.	
IPSWICH–CREWE	2–1
PLYMOUTH–STOKE	2–1
Bjarni Guðjónsson var í byrjunarliðinu en var skipt út á 53. mínútu. Hannes Sigurðsson kom inná sem varamaður í hálfleik hjá Stoke.	
PRESTON–SOUTHAMPTON	1–1
READING–SHEFF. UTD	2–1
Ivar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson lék allan leikinn í liði Reading og Brynjar skoraði bæði mörkin.	
SHEFF. WED.–COVENTRY	3–2
WATFORD–LEEDS	0–0
Gylfi Einarsson sat á varamannabekk Leeds allan leikinn.	

STADAN:

SHEFF. UTD	12	10	0	2	25–12	30
READING	12	8	3	1	21–7	27
LUTON	12	7	3	2	19–11	24
WOLVES	12	5	4	3	17–11	19
WATFORD	12	5	4	3	20–15	19
LEEDS	11	5	3	3	13–10	18
SOT'ON	12	3	8	1	13–10	17
IPSWICH	12	5	2	5	12–17	17
QPR	11	4	4	3	10–12	16
STOKE	12	5	1	6	12–19	16
CARDIFF	11	4	3	4	15–14	15
NORWICH	12	4	3	5	13–13	15
C. PALACE	10	4	2	4	13–10	14
PRESTON	12	3	5	4	12–14	14
BURNLEY	12	3	4	5	18–16	13
DERBY	12	2	7	3	16–17	13
HULL	12	3	4	5	9–10	13
COVENTRY	12	2	6	4	15–18	12
LEICESTER	12	2	6	4	12–15	12
PLYMOUTH	12	3	3	6	9–16	12
BRIGHTON	12	1	7	4	12–17	10
SHEFF. WED11	2	4	5	9–14	10	
MILLWALL	12	2	4	6	10–18	10
CREWE	12	1	6	5	11–20	9

Enska 3. deildin:

MACCLESFIELD–NOTTS COUNTY	0–0
Lærissveinar Guðjóns Þórðarsonar eru í 8. sæti deildarinnar eftir að þeir léku sjötta leikinn í röð án þess að vinna og fjórða leikinn í röð án þess að skora.	

Ítalska A-deildin:

CHIEVO–TREVISO	0–0
UDINESE–LAZIO	3–0
1–0 Vincenzo Iaquinta (52.), 2–0 Antonio Di Natale (80.), Vincent Candela (90.).	

Iaquinta hélt upp á nýjan samning við Udinese með því að skora mark, fiska víti og gefa stoðsendingu á Di Natale.

Spænska úrvalsdeildin:

BARCELONA–ZARAGOSA	x–x
0–1 Gabriel Milito (48.), 0–2 Diego Milito (52.), 1–2 Ronaldinho (79.), 2–2 Eto'o (89.).	

Tottenham snéri við slæmri stöðu

Ruud Van Nistelrooy skoraði tvö mörk í 3-2 nauðsynlegum sigri Manchester United á Craven Cottage og Robbie Keane tryggði Tottenham 3-2 sigur á Charlton. Finni sló í gegn hjá Blackburn.

FÓTBOLTI Tottenham snéri við slæmri stöðu á útivelli gegn Charlton í gær og tryggði sér 3-2 sigur og um leið þriðja sætið í ensku úrvalsdeildinni. Manchester United vann einnig mikilvægan sigur eftir dapurt gengi og þá sló finnskur framherji í gegn í liði Blackburn og skoraði tvö mörk á síðustu tíu mínútunum í 2-0 sigri.

Tvö mörk frá Darren Bent komu Charlton í 2-0 og allt virtist stefna í sjötta sigur liðsins í sjö leikjum. En það var enginn Hermann Hreiðarsson í vörn Charlton og Tottenham skoraði þrjú mörk í seinni hálfleik og tryggði sér sigur. Sigurmarkið skoraði varamaðurinn Robbie Keane en áður höfðu þeir Ledley King og Ahmed Mido jafnað leikin með heppnismörkum. Mark Keane var þó engin heppni en hann skoraði eftir sendingu Jermain Defoe og skyndisókn.

„Ég tel að við höfum tapað leik sem við áttum skilið að vinna. Markið hans Ledley King breytti gangi leiksins þegar við vorum komnir sanngjarnt 2-0 yfir. Við fengum nokkur færi til þess að jafna en nýttum þau ekki og því fór sem fór,“ sagði Alan Curbishley, stjóri Charlton. „Ég varð að taka áhættu og setja þrjú framherja inná og það gekk upp. Við áttum þetta skilið, við trúðum því að við gætum unnið þótt við værum komnir 2-0 undir og þetta var mjög mikilvægur sigur,“ sagði Martin Jol, stjóri Tottenham.

Ruud van Nistelrooy skoraði tvö mörk í 3-2 sigri á útivelli gegn Fulham þar sem öll mörkin komu fyrir hlé. Alex Ferguson breytti aftur í hina hefðbundnu 4-4-2 leikaðferð liðsins og Kóreumaðurinn Park Ji-Sung átti mjög góðan leik á



LEIKUR SEM PEIR URDU AÐ VINNA Ruud van Nistelrooy, Wayne Rooney og Ji-Sung Park voru í aðalhlutverkum í sigri United í gær en liðið varð að vinna Fulham ef það ætlaði sér að berjast við Chelsea um titilinn.

hægri vængnum og lagði upp öll mörkin. Park átti stoðsendingar á bæði Wayne Rooney sem og í sigurmarki Van Nistelrooy auk þess að fiska vítið sem gaf fyrsta mark liðsins eftir að Fulham hafði komist yfir eftir aðeins 90 sekúndur.

„Ég hélt á tímabili að staðan myndi vera 20-20 eftir fyrri hálfleikinn en sóknarleikur okkar á tímabili var frábær. Ji Sung Park var frábær og hann er að koma mjög sterkur inn og það er frábært að sjá hvernig hann hreyfir sig frá boltanum. Þetta var að mínu mati mjög góður fótboltaleikur og Ful-

ham átti mikinn þátt í því,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United.

Ísraelsmaðurinn Yossi Benayoun tryggði West Ham eitt stig gegn nýliðum Sunderland sem voru á góðri leið með að vinna sinn annan sigur í röð eftir að hafa lagt Middlesbrough í síðustu viku.

Blackburn heldur áfram að klifa upp töfluna, í síðasta leik voru það tvö mörk frá Norðmanninum Morten Gamst Pedersen sem tryggðu sigurinn en nú var það Finninn Shefki Kuqi skoraði tvö mörk á lokamínútunum. Þetta voru

hans fyrstu mörk fyrir félagið.

„Shefki kom til okkar, beið rólegur eftir tækifærinu og var staðráðinn í að standa sig. Ef einhver á þetta skilið þá er það hann því hann hefur unnið fyrir þessu,“ sagði Mark Hughes, stjóri Blackburn eftir leikinn.

Newcastle lék án Michael Owen sem var meiddur og náði aðeins markalausum jafntefli á heimavelli gegn Portsmouth og gátu reyndar þakkað markverði sínum Shay Given að þeir fengu þó eitt stig út úr leiknum.

ooj@frettabladid.is

Íslendingaliðið Reading minnkaði forskot Sheffield United í þrjú stig:

Brynjar með tvennu í toppslagnum

FÓTBOLTI Brynjar Björn Gunnarsson var hetja Reading í ensku 1. deildinni í gær þegar hann skoraði bæði mörkin í 2-1 heimasigri liðsins á Sheffield United en liðið voru í tveimur efstu sætum fyrir leikinn. Bæði mörk Brynjars komu eftri föst leikatriði.

United-liðið hafði unnið 10 af 11 leikjum sínum á tímabilinu en Reading minnkaði forskot þeirra á toppnum í þrjú stig með þessum sigri. Brynjar Björn Gunnarsson skoraði fyrri markið á 3. mínútu leiksins með viðstöðulausu skoti úr miðjum vítateignum eftir hornspyrnu en Sheffield-menn jöfnuðu aðeins tólf mínútum síðar þegar

Steve Kabba skallaði boltann inn eftir laglega sókn. Það stefndi allt í jafntefli allt þar til að Brynjar Björn Gunnarsson stökk hæst í



HETJA SINNA MANNA Brynjar Björn Gunnarsson skoraði bæði mörk Reading í gær og tryggði sínu liði þrjú stig út úr toppslagnum.

teignum eftir aukaspyrnu og skallaði boltann glæsilega í markið og tryggði sínum mönnum dýrmæt þrjú stig. Þetta voru fyrstu mörk Brynjars fyrir Reading en hann kom til liðsins í sumar. Ivar Ingimarsson lék allan tímann í vörn Reading sem hefur fengið

aðeins 7 mörk á sig í fyrstu tólf leikjunum og hann var líka ágengur í sókninni, fyrst var hann nálægt því að skora á 61. mínútu og svo átti hann að margra mati að fá vítaspyrnu á lokakaflanum en ekkert var dæmt.

- óój

Danska æfingamótið Bakken Bears knock out Cup: Ver Njarðvík titillinn sinn í dag?

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar eru einum leik frá því að vinna Bakken Bears knock out Cup annað árið í röð eftir 72-60 sigur á öðru af tveimur liðum heimamanna í undanúrslitunum æfingamóts sem Danirnir halda á heimavelli sínum í Árósum.

Danirnir eiga sér samt annað líf því Njarðvík spilar við hitt liðið í úrslitaleiknum í dag. Njarðvík vann sannfærandi 16 stiga sigur á Svendborg frá Danmörku á föstudagskvöldið, 82-66 og kom sér síðan í úrslitaleikinn í gær. Njarðvíkingar héldu sér inni í leiknum í fyrri hálfleik á góðri vörn en Danirnir voru yfir 31-25 í hálfleik. Friðrik Stefánsson skoraði 11 af þessum 25 stigum í fyrri hálfleik. Brenton Birmingham hitnaði síðan heldur betur í seinni hálfleik því eftir að hafa aðeins skorað þrjú stig í fyrri hálfleik. Brenton skoraði fimm þrista og alls 20 stig í



FRÍÐRIK FRÁBÆR Danirnir réðu ekkert við Friðrik Stefánsson í undanúrslitaleiknum í gær.

seinni hálfleik sem Njarðvík vann með 18 stigum, 47-29. Stóru menn Bakken voru jafnframt í vandræðum í teignum gegn Friðriki Stefánssyni sem átti stórleik.

Úrslitaleikurinn í dag er klukkan 14.00 eða 12.00 að íslenskum tíma. Njarðvík vann Bakken Bears í úrslitaleik Knock out Cup í fyrria 92-83 og getur því varið titilinn í leiknum í dag.

- óój

ÚR SPORTINU

William Gallas, varnarmaður Chelsea, heldur því fram að liðið verði nánast búið að tryggja sér sigur í ensku úrvalsdeildinni ef þeir halda áfram sama skriði og þeir hafa verið á. „Ef okkur tekst að halda þessu gangandi svona þá getum við nánast verið búnir að tryggja okkur titilinn í janúar. Það gæfi okkur möguleika á að einbeita okkur að meistardeildinni.“



Gallas viðurkendi það að þeirra Meistaradeildina eftir vonbrigði síðustu tveggja ára, en Chelsea hefur tapað tveggis í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. „Okkar markmið er að vinna Meistaradeildina og sérstaklega eftir að hafa tapað tveggis í undanúrslitum en við vitum að við vinnum deildina fyrr en síðar.“

Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, segir að miðað við hvernig taktík Chelsea spili þá sé ekki hægt að segja að þeir séu með frábært lið. „Chelsea er með mjög gott lið og það er gríðarlega erfitt að vinna þá. En mér fannst Arsenal spila mun skemmtilegri knattspyrnu fyrir 2-3 árum síðan. Þeir unnu leikina og það var einnig ótrúlega spennandi að horfa á þá spila. Sömu sögu er að segja



með Milan og Barcelona, hvernig er þá hægt að segja að Chelsea sé með besta lið í heimi?“

Taktík Chelsea eftir leikinn á miðvikudaginn var líka gagnrýnd af **Johan Cruyff** sem vildi meina að knattspyrnulið nú til dags legðu mun meiri áherslu á varnarleikinn, fyrir vikið væri knattspyrnan ekki jafnskemmtileg og áður fyrir.

ÚR SPORTINU

Birgir Leifur Haffþórsson náði sér þengan veginn á strík á þriðja degi áskorendamótsins sem haldið er í Toulouse í Frakklandi. Birgir lék hringinn á 81 höggi, eða 9 höggum yfir pari vallarins. Birgir sem var fyrir hringinn á tveimur höggum undir pari er nú sjö höggum yfir pari og er neðstur þeirra þáttakenda sem komust í gegnum niðurskurðinn. Hringurinn í gær eru mikil vonbrigði fyrir Birgi sem hafði náð sér vel á strík á mótinu og var til alls líklegur.



Vincenzo Iqinta hefur skrifað undir nýjan samning við Udinese sem rennur út árið 2010 en þessi frábæri framherji hefur vakið verðskuldaða athygli. Hann sagði að þessi ákvörðun væri rétt fyrir alla aðila. Hann byrjaði tímabilið af krafti og skoraði meðal annars þrennu í fyrsta sigrinum í Meistaradeildinni en hann hefur einnig leikið lykhillutverk það sem af er tímabilinu. Hann var á tímabili frustur þegar hann neitaði að skrifa undir nýjan samning við félagið en hann er klár á nýjan leik en hann verður með Udinese í leiknum gegn Lazio í dag.



Vlade Divac er ekki búinn að gefa það endanlega út að hann sé hættur í körfunni en Los Angeles Lakers getur keypt upp síðasta árið í samningi hans. Alls á þessi 37 ára og 216 sm Serbi fimmtán tímabil að baki með Los Angeles Lakers, Charlotte og Sacramento.



Jóhann Gunnar tryggði Fram 4. sigurinn í röð og áfram fullt hús

Fylkismenn misstu niður fjögurra marka forskot í seinni hálfleik. Sameiginlegt lið Víkings og Fjölnis náði jafntefli gegn KA og ÍR-ingar skoruðu 42 mörk.

HANDBOLTI Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson kórónaði góðan leik sinn með því að skora sigurmark Safamýrapilta gegn Fylki 18 sekúndum fyrir leikslok í leik liðanna í Framhúsinu í gær.

Fram vann leikinn þar með 30-29 og hefur því áfram eitt liða í DHL-deild karla unnið alla 4 leiki sína. Jóhann Gunnar er 20 ára gamall hornamaður sem Guðmundur Guðmundsson hefur fært í stöðu hægri skyttu og hefur Jóhann blómstrað í nýju stöðunni. Auk sex marka sinna átti hann fjöldan allan af stoðsendingum og í stað þess að hætta þegar hann fékk á sig ruðning á úrslitastundu í sókninni á undan þá skoraði hann sigurmarkið með frábæru skoti. Það dugði því ekki Fylkismönnum að leiða mestan hluta leiksins. Þeir voru með þriggja marka forskot í hálfleik og náðu mest fjögura marka forskoti í seinni hálfleiknum. Heimur Örn Arnason var óstöðvandi í fyrri hálfleik þar sem hann skoraði 10 af 12 mörkum sínum en Fylkislíðið fann sig ekki í gær og varð bæði að sætta sig við tap eftir góðan sigur þar á undan.

Þjálfaralausir KA-menn misstu annan leikinn í röð niður í jafntefli þegar sameiginlegt lið Víkings/Fjölnis náði í sitt fyrsta stig í deildinni í vetur. KA-menn voru með þriggja marka forskot í hálfleik en hið unga lið Víkinga var komið yfir á lokamínútunum en Magnús Stefánsson tryggði norðanmönnum stig með jöfnunarmarki átta sekúndum fyrir leiklok. Reynir Stefánsson, þjálfari KA, kom ekki með suður þar sem



23 MÖRK Í PREMUR LEIKJUM Sverrir Hermannsson hefur verið markahæstur í þeim 3 leikjum sem hann hefur tekið þátt í með liði Víkings/Fjölnis í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kona hans átti von á barni. Kollegi hans hjá Víkingi/Fjölni var ánægður með stigið. „Við erum búnir að vera inn í fyrstu þremur leikjum og uppskera lítið. Nú náðum við loksins í stig sem hjálpar upp á sjálfstraustið hjá strákunum,“ sagði Gunnar Magnússon, þjálfari Víkings/Fjölnis. Sverrir Hermannsson skoraði átta mörk fyrir Víking/Fjölni en hann hefur verið markahæstur í öllum þremur leikjum sínum á tímabilinu. Með því að fá þetta stig þá sendu Víkings/Fjölnis-menn FH-inga niður í botnsæti deildarinnar.

ÍR-ingar voru í miklu marka-

stuði þegar þeir unnu níu marka sigur á Selfyssingum, 42-33 og Breiðhýltingar hafa sýnt það í þeim leikjum sem eru búnir í vetur að þegar þeir komast á ferðina þá eru ekki mörg lið sem ráða við þá. Ragnar Már Helgason skoraði 13 mörk fyrir ÍR-liðið í leiknum sem er eftir leikinn í 3. sæti með þrjú sigra í fjórum leikjum.

Þórsarar unnu að lokum góðan útisigur á Aftureldingu í Mosfellsbæ og ætla áfram að gera tilkall til að vera í hópi efstu liða í deildinni. Mosfellingar hafa hinsvegar ekki náð að fylgja eftir sigrinum á FH í fyrstu umferðinni. -ooj



BRYNJARR VANN ÞREFALT Brynjarr Pór Björnsson er enn á yngri ári í drengjaflokki en varð engu að síður Reykjavíkumeistari með þremur flokkum á aðeins sex dögum. Hér sést hann í leik með meistaraflokknum gegn ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Reykjavíkurmótin í körfu: Þrjú þrefaldir meistarar í KR

KÖRFUBOLTI KR-ingar hafa verið duglegir að safna að sér Reykjavíkumeistararatitlum að undanförunni í körfunni og urðu á aðeins sex dögum Reykjavíkumeistarar í meistaraflokki, unglingsflokki og drengjaflokki eða þremur elstu flokkunum.

Þrjú strákar leika stór hlutverk með öllum liðunum þremur en þetta eru þeir Brynjarr Pór Björnsson (17 ára), Ellert Arnarson (18 ára) og Darri Hilmarsson (18 ára). Á heimasíðu KR er frétt um strákanna og þar segir meðal annars „Það mun mikið mæða á strákunum í vetur og er framtíðin þeirra með réttu hugarfari og aðstoð þeirra nánustu. Þessir strákar voru á ferðinni í sumar þegar að 18 ára landsliðið vann sér sæti í A-deild og verður mjög gaman að fylgjast með þeim í vetur.“

Darri var í byrjunarliði meistaraflokksliðsins sem vann 28 stiga sigur á ÍR í lokaleiknum og þeir Brynjarr Pór og Ellert spiluðu líka mikið í leiknum. -ooj

LEIKIR GÆRDAGSINS

Þýski handboltinn:

GUMMERSBACH-LEMGO	26-26
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 9 mörk (3 úr vítum) og var markahæstur hjá Gummersbach og Róbert Gunnarsson var með fimm. Hjá Lemgo skoraði Ásgeir Örn Hallgrímsson x mörk.	
HAMBURG-CONCORDIA	33-21
WETZLAR-GÖPPINGEN	23-30
Róbert Sigvatsson skoraði 3 mörk fyrir Wetzlar og Jalesky Garcia var með 3 mörk fyrir Göppingen.	
STUTTGART-GROSSWALLSTADT	22-23
Einar Hólmgeirsson skoraði 5 mörk og Alexander Petersson var með eitt fyrir lið Grosswallstadt.	

Snorri Steinn Guðjónsson (Minden) og **Markús Máni Michaelsson** (Düsseldorf) mætast í dag en þeir léku hlið við hlið upp alla yngri flokka Vals. Það er hægt að fylgjast með gangi mála á heimasíðu Minden.

STAÐA EFSTU LIÐA:

GUMMERSB.	6	5	1	0	189-145	11
MAGDEB.	7	5	1	1	220-193	11
KIEL	6	5	0	1	206-178	10
LUBBECKE	6	5	0	1	187-172	10
FLENSBURG	5	4	0	1	166-137	8
LEMGO	6	3	2	1	194-161	8
NORDHORN	6	4	0	2	189-169	8
KRONAU	6	4	0	2	161-158	8
GROSSW.	6	3	1	2	165-160	7

DHL-deild karla:

ÍR-SELFOSS	42-33 (21-18)
Mörk ÍR: Ragnar Már Helgason 13, Tryggvi Haraldsson 7, Ísleifur Örn Sigurðsson 6, Ólafur Sigurjónsson 6, Andri Númason 3, Davíð Georgsson 2, Björgvin Pór Hólmgeirsson 2, Karl Gunnarsson 2, Leifur Jóhannsson 1.	
Mörk Selfoss: Vladimir Duric 11, Ramunas Mikalonis 11, Ivar Grétarsson 8, Almar Enok Ólafsson 2, Hörður Bjarnason 1.	

VÍK./FJÖLNIR-KA	30-30 (15-18)
Mörk Víkings/Fjölnis: Sverrir Hermannsson 8, Árni Björn Þórarinnsson 5, Sveinn Þorgeirsson 5, Brjánn Brjánnsson 4, Brynjarr Loftsson 4, Björn Guðmundsson 2, Pálmar Sigurjónsson 2.	
Mörk KA: Ragnar Snær Njálsson 7, Jónatan Pór Magnússon 6, Andri Snær Stefánsson 4, Magnús Stefánsson 4, Þorvaldur Þorvaldsson 4, Hörður Fannar Sigþórsson 2, Bjartur Máni Sigurðsson 2, Goran Gusic 1.	

FRAM-FYLKIR	30-29 (13-16)
Mörk FRAM: Sergei Serenko 7, Jóhann Gunnar Einarsson 6, Þorri Björn Gunnarsson 6, Jón Björgvin Pétursson 4, Haraldur Þorvarðarson 3, Sigfús Páll Sigfússon 2, Stefán Baldvín Stefánsson 2.	
Mörk FYLKIS: Heimur Örn Arnason 12, Arnar Pór Sæþórsson 6, Arnar Jón Agnarsson 5, Ásbjörn Stefánsson 2, Brynjarr Pór Hreinnsson 2, Ingólfur Axelsson 2.	

AFTURELDING-ÞÓR AK.	23-30 (10-12)
Mörk Aftureldingar: Hilmar Stefánsson 7, Ernir Hrafn Arnarson 6, Einar Ingi Hrafnsson 4, Alex Kumin 1, Ásgeir Jónsson 1, Haukur Sigurvinsson 1, Hrafn Ingvarsson 1, Magnús Einarsson 1, Reynir Ingi Arnason 1.	
Mörk Þórs: Rúnar Sigtryggsson 8, Aigars Lazdins 7, Arnór Pór Gunnarsson 6, Guðmundur Traustason 6, Sindri Haraldsson 2, Atli Evar Ingólfsson 1.	

STADAN:

FRAM	4	4	0	0	110-96	8
KA	4	2	2	0	117-108	6
ÍR	4	3	0	1	146-122	6
HAUKAR	3	2	0	1	80-75	4
ÞÓR AK.	4	2	0	2	105-102	4
VALUR	3	2	0	1	99-83	4
FYLKIR	4	2	0	2	94-92	4
AFTURELD.	4	1	1	2	96-107	3
SELFOSS	4	1	1	2	114-131	3
HK	3	1	1	1	89-87	3
STJARNAN	3	1	0	2	87-85	2
ÍBV	3	1	0	2	82-107	2
VÍK./FJÖL	4	0	1	3	104-117	1
FH	3	0	0	3	64-75	0

Reykjanesmót í körfu:

GRINDAVÍK-KEFLAVÍK	88-95
Stíg Keflavíkur: Jason Kaslow 24, Magnús Pór Gunnarsson 21, Gunnar Stefánsson 11, Zlatko Gocesi 10, Jón N. Hafsteinnsson 10, Davíð Pór Jónsson 5, Gunnar Einarsson 5.	

Bakken Knock out cup:

NJARÐVÍK-SVENDBORG	82-66
NJARÐVÍK-BAKKEN BEARS	72-60
Stíg Njarðvíkur: Benton Birmingham 23 (7 stolnir, 4 stoðsendingar), Friðrik Stefánsson 22 (6 fráköst, 6 stoðsendingar), Jeb Ivey 20, Kristján Rúnar Sigurðsson 3, Egill Jónsson 2 (5 varin), Jóhann Árni Ólafsson 2.	
ÞÓR AK-BAKKEN BEARS	62-75
ÞÓR AK-HORSENS	84-83
Mario Myles var stigahæstur með 25 stig.	

Njarðvík spilar til úrslita í dag við Bakken Bears en **Þórsarar** spila um 5. sætið við Svendborg.



TÍMI BORGARFERÐANNA!

FRÆÐANDI SÉRBLAÐ UM ALLAR SKEMMTILEGSTU BORGIRNAR, AFÞREYINGAR- OG VERSLUNARMÖGULEIKA, VEITINGASTAÐI O.FL. FYLGIR FRÉTTABLAÐINU FÖSTUDAGINN 7. OKTÓBER.

- ✓ Vinsælustu borgirnar
- ✓ Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- ✓ Verslun í utanlandsferðum
- ✓ Ábendingar um skemmtilega staði

Kjörið tækifæri til að ná til íslenskra ferðamanna! Auglýsendur geta nálgast allar nánari upplýsingar hjá Ámunda Ámundasyni í síma 550 5811 eða 821 7514.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Tökin hert THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2.-6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska Óperan v/Lögólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN

Tónleik

BÍTL

Frósta dag 14/10
Laugardag 15/10

“Frábær skemmtun!”

Landsbankinn
Banki atv. löndsmanna

loff KASTALINN
552 3000

Breyttur afgangiðslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

FRÉTTABLAÐIÐ **vísir**

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

STUÐ MILLI STRÍÐA : Dekurdagur hjá farartæki heimilisins

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR HUGSAR EKKI NÓGU VEL UM HEIMILISBÍLINN



Í auglýsingu frá einu af fjárfir- tækjunum kemur það fram að það sé ekkert mál að k a u p a sér bíl, það sé erfiðara að halda honum hreinum. Í fyrsta skipti sem ég sá þessa auglýsingu fannst mér eins og það væri verið að tala beint til mín. Ástæðan er einföld, á heimilinu hefur enginn tíma til að þrifa bílinn. Og þegar tíminn er af skornum skammti lifir maður þínulítið öðruvísi lífi en ef maður hefði lítið að gera. Þar

sem ég hef aldrei tíma til að hella upp á kaffi á morgnana og borða morgunmat í ró og næði kem ég yfirleitt við á Kaffitári á morgnana. Þetta fyrirkomulag hefur reyndar aðallega kosti þar sem þetta ágæta kaffihús býður upp á besta kaffi í alheiminum. Gallinn er hinsvegar sá að þegar maður ferjar ferðakaffið á milli í bílnum geta oft orðið slys. Um daginn var svo mikill asi á mér í einni beygjuni sem tekin var næstum því á tveimur hjólum að ferðakaffið valt um koll. Í stað þess að klessa á ljósastaur þegar ég tók eftir slysinu leyfði ég því að hellast niður í rólegheitunum. Þegar ég kom á bílplanið fyrir utan vinnuna komst ég að því að allar servíetturarnar sem eru vanar


að vera í hanskahólfinu voru horfnar.

Ég þurrkaði því mesta kaffið upp með treflinum mínum því ég var þegar orðin allt of sein á fund. Á hverjum degi hugsá ég með mér að ég verði að þrifa bílinn að innan en ekkert gerist. Í gær var því stór dagur í lífi heimilisbilsins. Hann var nefnilega sendur í dekur. Þegar ég var að útskýra fyrir sætu strákunum á þvottastöðinni hvað hefði gerst horfðu þeir á mig grunsemdaraugum. Ég var því að spá í hvort ég ætti að mæta með haus-poka þegar ég sótti bílinn. En svo fattaði ég að svona strákar eru sjálfsagt öllu vanir og ég er kannski ekki eini sóðinn í heiminum. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



PÚ OG PA

Eftir SÖB



Andrá í Orkuveitu

Þrjár myndlistarkonur, þær Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Guðrún Kristjánsdóttir og Guðbjörg Lind, sýna um þessar mundir í húsi Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1. Þar er sýningarsalur á jarðhæðinni sem nefnist Gallerí 100.

„Þetta er stór og fallegur salur,“ segir Kristín. „Á vissan hátt er þessi sýning innsetning því við tengjum verkin saman í salnum.“

Þær eru hver af sinni kynslóðinni en eiga samt ýmislegt sameiginlegt í myndlistinni. Þess vegna hafa þær sýnt saman nokkrum sinnum, meðal annars í listasafni ASÍ og svo á Spáni í Santiago de Compostela.

„Þetta er fjórða samsýningin okkar. Okkur fannst vera einhver samnefnari í verkum okkar, jafnvel þótt við séum ekki beint líkar. Við köllum okkur Andrá eða Moment.“

Sýninguna í Gallerí 100 nefna þær Strauma, enda er vatnið þeim hugleikið í þessari sýningu og vel við hæfi að kanna eiginleika vatnsins á þessum stað, þar sem Orkuveitan er til húsa.

„Á öllum sýningunum okkar höfum við verið með íslenska náttúru,“ segir Kristín, en bætir því við að náttúran eigi kannski að vera innan gæsalaþpa. „Þetta er frekar einhvers konar náttúrusýn.“

Kristín sýnir tvö verk sem bæði nefnast farvegir. Annað eru teikningar af árfarvegum á Íslandi, en hitt eru pípur með ljóðum þar sem vatnið kemur einnig við sögu.

„Þetta eru plexiglerpípur sem ég set á vegg, en í staðinn fyrir að hafa vatn í pípunum þá set ég ljóðlínur úr ljóðum eftir íslensk skáld. Þetta eru stuttar setningar sem allar eru um vatn. Þær eru límdar á hólkana en kastast síðan á vegginn.“

Vatnið kemur einnig við sögu í verki Guðrúnar þar sem reynt er að lesa í skriftina sem bráðnandi snjór myndar. Sömu leiðis leikur vatnið stórt hlutverk í verkum Guðbjargar Lindar, innsetningu sem hún nefnir „Þar sem ég má næðis njóta“ og býr hún þar til sérstæðan heim úr mosabreiðum, speglum, málverkum og skúlptúrum.



„ÞAR SEM ÉG MÁ NÆÐIS NJÓTA“ Þær Guðbjörg, Kristín og Guðrún eiga ýmislegt sameiginlegt í myndlistinni og sýna um þessar mundir saman í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur á Bæjarhálsi.

„Við unnum þessa sýningu hver í sínu lagi, hver með sína hugmynd en hittumst mjög oft á meðan við vorum að vinna verkin og skoðuðum hver hjá annarri,“ segir Kristín. „Stundum breytti það einhverju, það myndaðist einhver

straumur sem færði okkur saman án þess þó að við misstum neitt sjálfstæði úr okkar verkum.“

Sýning þeirra Guðbjargar, Guðrúnar og Kristínar stendur til 25. október og er opin virka daga frá 8.30 til 16. ■

Leikhúpurinn Á samunni í samstarfi við SPION

Kabarett í Íslensku óperunni

Fös. 30. september
Lau. 1. október
Lau. 8. október

Leikur í síma 511 1200, og á www.kabarett.is

Avaxtakarfan

Í AUSTURBÆ

Síðustu sýningar

Selma

Eva Appelsína

Ef spegillinn gæti talað þá myndi hann segja við mig að ég væri fegurst flottust og finust. Það myndi hann segja við mig.

SPARISÍÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avaxtakarfan.is

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

KLAFAR OG KÓNGSDÆTUR

Í dag sun. 2/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 23/10 nokkur sæti laus.

EDITH Piaf

Fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10 örfá sæti laus. Sýningum lýkur í október.

HALLDÓR Í HOLLYWOOD

Frum-sýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN

Í kvöld sun. 2/10 nokkur sæti laus, fim. 6/10, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10, sun. 16/10, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið. 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. ADRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIDASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? OKTÓBER

30	1	2	3	4
----	---	---	---	---

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 Jón Sigurðsson og Þórarinn Stefánsson leika fjórhent á pianó í Listasal Mosfellsbæjar.
- 17.00 Langholtskórinn syngur ásamt Stórsveit Reykjavíkur og Kristjönu Stefánsdóttir undir stjórn Ole Kock Hansens og Jóns Stefánssonar helgisöngva Duke Ellingtons á tónleikum Djasshátiðar í Langholtskirkju.
- 17.00 Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flytur verk eftir Mozart og Schubert í Seltjarnarneskirkju. Eina-leikari á klarinett er Grímur Helgason, en nýr aðalstjórnandi sveitarinnar er Oliver Kentish.

- 20.00 Blásarasveit Reykjavíkur heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Með sveitinni koma fram Sigurgeir Arnarson sellóleikari og söngvaramir Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Davíð Ólafsson og Benedikt Ingólfsson.
 - 20.30 Oktett Ragnheiðar Gröndal kemur fram með glænýtt prógram á lokatónleikum Djasshátiðar á Kaffi
- Reykjavík. Haukur Gröndal leikur á klarinett og saxófón, Jóel Pálsson á saxófón, Sigurður Flosason á saxófón, Ólafur Jónsson á saxófón, Ásgeir J. Ásgeirsson á gítar, Graig Earle á bassa og Erik Qvick á trommur.
- Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekkí síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Söngleikur eftir Thomas MEYER, Charles STRONG & Martin CHARVIN

Annie

í Austurbæ

16. sýn. sun. 02/10 kl. 14 Annie; Solveig
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig

midi.is 551 4700 & 551 0200

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKIFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

EVA MARÍA SNÝR AFTUR

Einu sinni var... hefst á ný í kvöld kl. 19:15



BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ	NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
<h3>KALLI Á ÞAKINU</h3> <p>e. Astrid Lindgren Í dag kl. 14, Sun 9/10 kl. 14, Sun 16/10 kl. 14</p>	<h3>FORÐIST OKKUR</h3> <p>– NEMENDALEIKHÚSIÐ/COMMON NONSENSE Höf. Hugleikur Dagsson Fi 6/10 kl. 20, Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Lau 8/10 kl. 20</p>
<h3>WOYZECK - FORSÝNING</h3> <p>Frum-sýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. Miðaverð á forsýningar aðeins kr. 2.000,- Fi 27/10 kl. 20.</p>	<h3>MANNTAFL</h3> <p>Í kvöld kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20,</p>
<h3>HÍBÝLI VINDANNA</h3> <p>Aðeins þessar sýningar eftir Í kvöld kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Su 16/10 kl. 20, Fi 20/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20</p>	<h3>ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR</h3> <p>Fi 6/10 kl. 20 UPPSELT, Lau 8/10 kl. 16 Aukásýn Lau 8/10 kl. 20 UPPSELT, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT, Sun 16/10 kl. 20 AUKASÝNING Þri 25/10 kl. 20 AUKASÝNING</p>
<h3>SALKA VALKA</h3> <p>fim 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT</p>	<h3>LÍFSINS TRÉ</h3> <p>Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT Lau 22/10 kl. 20, Fi 27/10 kl. 20</p>

Sími miðasölu 568 8000 midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

fjörð ...
fólk
folk@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ / FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



UPPREISN ÁN MÁLSTAÐAR James Dean ásamt meðleikurum sínum Sal Mineo og Natalie Wood í *Rebel without a cause*.

ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22



NÝ BYRJENDANÁMSKEIÐ

Skráning er hafin í síma 555-3536 GSM 695-0089
ropeyoga@internet.is • www.ropeyoga.net
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð



Talstöðin
FM 90,9

Leikarinn sem varð átrúnaðargoð

Á föstudag var hálf öld liðin frá því að leikarinn James Dean dó í bíslysi. Ef miðað er við fjölda þeirra mynda sem hann lék í hefði hann átt að falla í gleyskunnar dá.


Væri James Dean á lífi í dag væri hann kominn vel á áttæðisaldurinn. Eflaust virtur leikari með fjölda verðlauna á bakinu ef miðað er við upphaf ferils

hans. Dean fæddist í Marion í Indiana. Faðir hans var tannsmiður og flutti með fjölskylduna til Los Angeles þegar stráksi var fimm ára. Þegar móðir hans lést fluttist Dean til Miðvesturríkjanna á ný þar sem hann ólst upp hjá frænda sínum og frænku.

Hann snéri aftur til Kaliforníu til að stunda nám í Santa Monica-framhaldsskólanum og UCLA. Leikferill Deans, eins og svo margra, hófst í litlum sjónvarpshlutverkum og ekki leit út fyrir að honum tækist að framfleyta sér með þessari iðju. Föður hans þótti ekki mikið til þess-

